STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

Er með trefilinn vetur, sumar, vor og haust

• tíska • matur og gisting

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

DORRIT MOUSSAIEFF

Átti í ástarsambandi við Tchenguiz-bróður

Telegraph í Bretlandi fjallar um forsetafrúna

FÓLK 54

THE BACHELORETTE

Ali Fedotowsky bræðir hjörtu landans

Einn þáttur verður tekinn upp hér á landi

FÓLK 54

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

18. mars 2010 — 65. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Hjartalíf fimm ára

Björn Ófeigsson stofnaði vef eftir að hann fékk sjálfur hjartaáfall.

TÍMAMÓT 32

Horfa til Reykjavíkur

Tvær myndir um Bobby Fischer og ein um leiðtogafundinn á teikniborðum Hollywood.

FÓLK 49

Skjögrandi á háum hælum

„Heilögu kýrnar eru margar og halda hópinn. Ein þeirra er skipulag Reykjavíkur og nágrennis," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 22

Messi kláraði Stuttgart

Barcelona og Bordeaux tryggðu sér síðustu sætin í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar.



ÍÞRÓTTIR 50

VEÐRIÐ Í DAG



BJART VESTRA Í dag verða norðaustan eða austan 5-10 m/s, en 8-13 NV-til. Víða skýjað og yfirleitt úrkomulítið en bjart V-til. Hiti víðast 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HRINGNUM LOKAÐ Endurbygging húsanna við Bernhöftstorfuna hófst árið 1979 og lýkur henni í júní þegar Minjavernd opnar nýtt verslunar- og veitingahús í Bakarabrekkunni. Húsið hefur tilvísun til fyrri tíðar; það er klætt með timbri og gluggarnir eru litlir. Húsið er byggt á grunni verslunarinnar KRON sem skemmdist í eldi árið 1977. Frekari hugmyndir um nýbyggingar á reitnum hafa endanlega verið lagðar á hilluna.

Þriggja áratuga sögu að ljúka:

Bernhöftstorfan loksins kláruð

SKIPULAGSMÁL Eftir rúmlega þriggja áratuga endurbyggingarstarf hillir undir að Bernhöftstorfan í miðbæ Reykjavíkur fái á sig endanlega mynd. Minjavernd byggir lítið hús á grunni verslunarinnar KRON í Bakarabrekkunni sem brann árið 1977. Húsið fullgerir eina elstu varðveittu götumynd Reykjavíkur.

Þorsteinn Bergsson, formaður Minjaverndar, segir að um viðbyggingu sé að ræða við móhúsin svokölluðu við Skólastræti sem byggð voru 1864. „Það stóð til að reisa þetta hús strax árið 1983 þegar móhúsin voru endurreist. Það hefur blundað í okkur alla tíð að bæta þessu húsi við því það styrkir þennan enda Torfunnar."

Húsið, sem er 55 fermetrar að grunnfleti, mun þjóna sem verslun og veitingasalur verður á efri hæð.

Elstu húsin við Bernhöftstorfuna voru byggð árið 1834. Hluti húsanna, Kornhlaðan, bakaríið og móhúsin, skemmdist töluvert í eldi 1977. Árið 1982 náðu Torfusamtökin leigusamningi um öll húsin og hófst þá endurreisnarstarf sem lauk með viðgerð á Gimli 1996.

Stefnt verður að því að húsið verði fullbyggt í júní.

- shá

Fyrirtækin skulda um 112 milljarða í skatta

Fyrirtæki og einstaklingar í atvinnurekstri sem skulda skatta og opinber gjöld geta fengið greiðslufrest í rúmt ár og svo skuldabréf til fimm ára. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir frumvarp fjármálaráðherra jákvætt.

ALÞINGI Alls voru um 112 milljarðar króna í vanskilum af sköttum og opinberum gjöldum hjá atvinnulífinu um síðustu áramót, samkvæmt áætlunum. Tekur það bæði til lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp um að hægt verði að fresta greiðslu á þessum skuldum.

Fyrsta kastið er hægt að fá frest til 1. júlí 2011. Ekki verða lagðir dráttarvextir á kröfuna á því tímabili. Hafi fyrirtæki haldið skilyrðin er tollstjóra heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfa til fimm ára. Skuldabréfið er án vaxta.

Um er að ræða virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem gjaldfallið hafa fyrir 1. janúar 2010. Til að fá greiðslufrest verða viðkomandi að vera í skilum með aðra skatta og gjöld og vera í skilum allan frestunartímann.

Af þeim 112 milljörðum sem eru útistandandi eru tæpir 40 í gjaldþrotameðferð. Frumvarpið tekur til hinna 72 milljarðanna. Til samanburðar eru fjárlög ársins 2010 um 555,6 milljarðar króna.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að með þessu eigi að aðstoða fyrirtæki sem eigi í vandræðum. Mörg lífvænleg fyrirtæki berjist í bökkum vegna vanskila og sporna þurfi við því.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að aðeins hluti fjárhæðanna verði innheimtur að óbreyttu; reynslutölur síðustu ára sýni að aðeins 20 til 30 prósent innheimtist. Með þessu úrræði verði vaxtagreiðslur í allt að fimm ár gefnar eftir auk vaxta af útgefnu skuldabréfi í allt að fimm ár.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa tekið jákvætt í hugmyndina. Þeir taka þó fram að huga verði að samkeppnissjónarmiðum.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir jákvæða hugsun felast í frumvarpinu. Taka verði á þessu vandamáli. „Okkur sýnist að verið sé að reyna það með þessu máli, að fyrirtæki séu ekki keyrð beint í gjaldþrot. Við viljum reyna að vinna með því."

- kóp

Sagnfræðingur um Breiðavík:

Betri leiðir til

SAMFÉLAGSMÁL Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur gagnrýnir í grein í blaðinu útfærslu bóta til fyrrum vistmanna í Breiðavík.

Þeir, sem telji sig eiga rétt á bótum, þurfi að auðmýkja sig með að tilgreina nákvæmlega þann miska sem þeir telja sig hafa orðið fyrir. Lára segir aðrar leiðir heppilegri til að leysa málið endanlega.

- bs / sjá síðu 24

Súrmjólk á tilboði!

Ávaxta- og karamellusúrmjólk á tilboði í mars.

09-0354 / HVÍTAHÚSIÐ / SÍA

Ógleymanleg þroskasaga

„... virkilega góð bók sem ég mæli eindregið með að ÞÚ lesir."

Kolbrún Skaftadóttir/ midjan.is

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

SPURNING DAGSINS

Guðlaugur, má þá ekki einu gilda hvað Vilhjálmur segir?

„Jú, á meðan gildi hans eru öllum óljós.“

Vilhjálmur Egilsson, formaður stjórnar lífeyrissjóðsins Gildis og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í Fréttablaðinu að lífeyrissjóðurinn hefði ekki tekið þátt í skuldabréfaútboði Orkuveitu Reykjavíkur vegna fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Guðlaugur G. Sverrisson er formaður stjórnar OR.

Eldur í fiskimjölsverksmiðjunni í Sandgerði olli miklum skemmdum:

Útiloka ekki að kveikt hafi verið í

BRUNI Miklar skemmdir urðu á gömlu fiskimjölsverksmiðjunni í Sandgerði í fyrrinótt þegar eldur kom þar upp. Slökkviliðið í Sandgerði var kallað út klukkan fjögur um nóttina og var þá mikill hiti og reykur innan dyra. Kallað var í liðsauka frá Brunavörnum Suðurnesja og var slökkvistarfi lokið á sjötta tímanum.

Á vettvangi komu í ljós greinileg ummerki þess að brotist hafði verið inn í bygginguna nýlega. Þess vegna vöknuðu grunsemdir um að um íkveikju gæti verið að ræða. Slíkt er þó ósannað. Lögreglan á Suðurnesjum fer með rannsókn málsins. Vélsmiðjan Hamar hefur unnið að því að gera húsið upp og komið þar upp geymsluaðstöðu.

Sveinn Einarsson slökkviliðsstjóri segir að húsið sé töluvert skemmt og telur tjónið hlaupa á milljónum. „Allt sem er yfir tveggja metra hæð í húsinu lítur út fyrir að vera mjög skemmt eða hreinlega ónýtt,“ segir Sveinn.

Sveinn segir að um tuttugu manna lið slökkviliðanna tveggja hafi komið að slökkvistarfinu með fimm bíla. - shá

Á VETTVANGI Í SANDGERÐI Um tuttugu manna lið frá slökkviliði Sandgerðis og Brunavörnum Suðurnesja komu að slökkvistarfinu í fyrrinótt. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Aflaverðmæti skipa 2009:

Flotinn skilaði 115 milljörðum

SJÁVARÚTVEGUR Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 115 milljörðum króna árið 2009, samanborið við 99 milljarða 2008. Aflaverðmæti hefur því aukist um tæpa sextán milljarða eða sextán prósent, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Aflaverðmæti botnfisks var 82 milljarðar króna á árinu 2009 sem er aukning um 16,9 prósent frá fyrra ári. Verðmæti uppsjávarafla stóð nánast í stað milli ára og nam 21,4 milljörðum króna á árinu 2009. - shá

MIKILL ÁHUGI Fjölmargir nýttu sér námskeið Arion banka um fjármálalæsi.

Arion kennir fjármálalæsi:

Yfir 200 manns á námskeiði

FJÁRMÁL Gríðarlegur áhugi er meðal almennings á fjármálanámskeiðum Arion banka og sóttu yfir 200 manns eitt slíkt námskeið í gær. Fjölmargir þurftu frá að hverfa og bankinn ætlar því að halda aukanámskeið til að svara eftirspurninni. Námskeiðin eru fyrir alla og án endurgjalds.

Bankinn hefur boðið upp á námskeið í fjármálalæsi frá því í desember og hefur áhugi á námskeiðunum vaxið jafnt og þétt.

Arion banki skrifaði í vikunni undir samstarfssamning við Stofnun um fjármálalæsi sem er liður í stefnu bankans um að veita fólki upplýsingar til að hafa betri yfirsýn um fjármál sín. - shá

Enn blæs WWF til myrkvunar:

Vilja slökkva í klukkustund

UMHVERFISMÁL Í fyrra eru mörg hundruð milljónir manna um heim allan sagðar hafa slökkt hjá sér ljós í klukkustund til að sýna í verki stuðning við Alþjóðanáttúruverndarsjóðinn (WWF). Sjóðurinn blæs nú til viðlíka viðburðar laugardagskvöldið 27. mars í því skyni að hvetja fólk og fyrirtæki til góðra verka í umhverfisvernd.

Á vefnum www.earthhour.org má sjá lista yfir þau lönd þar sem fólk og fyrirtæki hafa sagst munu taka þátt. Ísland er þar ekki enn á lista, þótt landið sé vissulega að finna í skráningarformi fyrir þá sem taka vilja þátt. - óká

Securitas fylgir ekki með í sölu Securitas

Vörumerkið Securitas er skráð í eigu sænsks félags sem hafnar því að það fylgi með í útboði á hlutabréfum fyrirtækisins. Deila um veð Landsbankans er fyrir héraðsdómi. Gagnrýnt hefur verið að skiptastjóri sjái um sölu hlutabréfa.

VIÐSKIPTI Sænska félagið Securitas AB hafnar því að vörumerkið Securitas fylgi með í kaupunum á þrotabúi öryggisfyrirtækisins Securitas hér á landi. Vörumerkið er skráð í eigu sænska fyrirtækisins hjá Einkaleyfisstofunni.

Securitas er hluti þrotabús Fons, sem var í eigu Pálma Haraldssonar. Fyrirtækið er nú í söluútboði. Fyrst var ætlunin að hafa það opið, en fyrir skemmstu var ákveðið að halda því lokuðu. Heildarkröfur í búið nema rúmum 34 milljörðum.

Fyrri umferð útboðsins hefur farið fram og bárust 18 tilboð í fyrirtækið. Þau eru óskuldbindandi, en í framhaldi valdi skiptastjóri átta fjárfesta sem fá að kynna sér frekari gögn sem ekki má fjarlægja úr sérstöku gagnaherbergi.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá deildu Landsbankinn og skiptastjóri um kröfu bankans um fullgilt veð í fyrirtækinu. Sú deila er fyrir héraðsdómi, en samkomulag hefur náðst um að söluverðið verði lagt til hliðar þangað til botn er kominn í deiluna. Landsbankinn hefur áskilið sér rétt til að ganga inn í kaupin, nái ekkert tilboðanna lágmarksupphæð.

Gerð var krafa til þeirra sem byðu í fyrirtækið um að þeir gætu sýnt fram á að þeir ættu að lágmarki þrjú hundruð milljónir króna eða gætu uppfyllt skilyrði með lánsfjármagni úr banka. Heimildir blaðsins herma að bankinn krefjist 500 milljóna króna að lágmarki fyrir Securitas.

Meðhöndlun þrotabús Fons, þar með talið Securitas, hefur verið nokkuð gagnrýnd. Meðal gagnrýnenda er Sigurður G. Guðjónsson, sem er lögmaður Pálma. Í pistli á

SECURITAS Deilur eru uppi um vörumerkið Securitas og myndmerkið sem því fylgir. Það er í eigu sænsks fyrirtækis sem hafnar því að það verði selt með félaginu úr þrotabúi Fons. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Pressunni setti hann meðal annars spurningarmerki við það hvers vegna skiptastjóri væri nú með aðstoðarmönnum sínum að selja hlutabréf Fons í Securitas. Aðrir í fjármálalífinu, sem Fréttablaðið hefur rætt við, hafa einnig gagnrýnt að skiptastjóri sjái sjálfur, eða aðstoðarmenn hans, um sölu hlutabréfa.

Óskar Sigurðsson skiptastjóri svarar því til að á fyrsta skiptafundi hafi verið bókað hverjir væru aðstoðarmenn skiptastjóra. Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum ráðstafi skiptastjóri eignum þrotabús. Ferli laganna hafi verið fylgt. Þar að auki séu óháður endurskoðandi og sjálfstæður fyrirtækjaráðgjafi til aðstoðar og unnið sé í samvinnu við fyrirtækjasvið Nýja Landsbankans.

Þá áréttar hann að engum veðsettum eignum sé ráðstafað án samkomulags við veðhafa.

kolbeinn@frettabladid.is

HVALUR 9 HELDUR TIL VEIÐA Leyfi er til að veiða 400 dýr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvalveiðarnar í sumar:

Veiðarnar verða óbreyttar í ár

SJÁVARÚTVEGUR Veiðiheimildir á hval og hrefnu verða þær sömu á komandi vertíð eins og á síðasta ári, það eru 200 langreyðar og 200 hrefnur. Í viðtali við fréttavefinn Skessuhorn segir Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að stuðst sé við veiðiráðgjöf sem Hafrannsóknastofnun gaf út til fimm ára.

Hval- og hrefnuveiðimenn nýttu ekki þessar heimildir til fulls á síðustu vertíð, en þá voru veiddar 126 langreyðar og 81 hrefna. Heimilt er í reglugerð um hvalveiðar að færa tuttugu prósent veiðiheimilda milli ára. Ráðherra hefur lagt fram nýtt frumvarp um hvalveiðar, sem væntanlega mun koma fyrir þingið á næstunni. Gildandi lög um hvalveiðar eru frá árinu 1949. - shá

Þjófar herja á sumarbústaði:

Fimm teknir fyrir innbrot

LÖGREGLUMÁL Fimm menn eru í haldi lögreglunnar á Selfossi vegna innbrota í eina átta sumarbústaði í landi Nesja og í Svínahlíð við vestanvert Þingvallavatn.

Rannsóknarlögreglan í Kópavogi komst á sporið í tengslum við rannsókn annars máls, segir í tilkynningu lögreglunnar á Selfossi. - shá

Grikkir hóta Evrópusambandinu enn með að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

Merkel vill refsimöguleika

GRIKKLAND, AP Angela Merkel Þýskalandskanslari segir nauðsynlegt að hægt verði að reka ríki úr Myntbandalagi Evrópu (EMU), hafi þau ítrekað gerst sek um að brjóta reglur þess.

George Petalotis, talsmaður grísku stjórnarinnar, segir aftur á móti að Grikkir muni hugsanlega leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ef Evrópusambandið lýsir ekki yfir ótvíræðum stuðningi við Grikkland á leiðtogafundi sínum í næstu viku.

„Ég tel að á leiðtogafundinum verði ljóst hvort samherjar okkar í Evrópusambandinu vilja styðja landið, eða hvort við þurfum að leita annarra lausna,“ sagði hann í gær.

Grikkir glíma við risavaxinn fjárlagahalla, sem gæti dregið úr trúverðugleika evrunnar. Evrópusambandið, með Þjóðverja í fararbroddi, hefur ekki viljað gefa út yfirlýsingar um beinan fjárhagsstuðning við Grikki, en í síðustu viku fengu Grikkir þó óljós loforð frá Evrópusambandinu um aðstoð síðar meir er í ljós kemur að þeir muni ekki ráða við vandann.

ÓEIRÐALÖGREGLAN Í APENU Almenningur í Grikklandi hefur harðlega mótmælt aðhaldsaðgerðum stjórnvalda. NORDICPHOTOS/AFP

Merkel ítrekaði hins vegar í gær að Þjóðverjar hafi engin áform um fjárhagsstuðning við Grikki á næstunni. Eina lausnin sé sú að Grikkir haldi áfram að draga harkalega úr ríkisútgjöldum. - gb

Dom Pancho ★★★★★

Einfalt og snyrtilegt 3 stjörnu íbúðarhótel með góðum garði og mjög vel staðsett um 200 metra frá "Laugaveginum". Hótelið var allt endurnýjað árið 2006 og því er allt hótelið, bæði sameign og íbúðir mjög huggulegar.

Verðdæmi (10. júní - vika)

85.900 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi.

Paladim ★★★★★

Gott hótel vel staðsett mitt á milli gamla bæjarins og "Laugavegarins", við hlið hinnar vinsælu verslunarmiðstöðvar Modelo. Notalegur sundlaugargarður með barnalaug og bar með léttum réttum.

Verðdæmi (10. júní - vika)

86.150 kr. á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.

Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrá.

Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir braut-ryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.

ÚRVAL·ÚTSÝN

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

SKOÐAÐU FLEIRI SPENNANDI GISTIMÖGULEIKA Á
urvalutsyn.is

GENGIÐ 17.03.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,77	125,37
Sterlingspund	191,59	192,53
Evra	171,93	172,89
Dönsk króna	23,103	23,239
Norsk króna	21,448	21,574
Sænsk króna	17,638	17,742
Japanskt jen	1,3762	1,3842
SDR	191,9	193,04

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,9596

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skilanefnd og slitastjórn Kaupþings segja stöðu bankans batna mikið milli ára:

Kröfur lækka um 30 milljarða

VIÐSKIPTI Gott jafnvægi er komið á útlánasafn Kaupþings, sem er með tvö lánasöfn í virkri stýringu: norrænt og evrópskt.

Lán í virkri stýringu námu 451 milljarði króna í lok síðasta árs miðað við mat skilanefndar. Af þeim voru í lok árs um 376 milljarðar eða um 83 prósent í skilum og um sautján prósent á athugunarlista. Til samanburðar var einungis tæplega helmingur þeirra í skilum í lok júní í fyrra.

Þetta er á meðal þess sem fram kom á fundi skilanefndar Kaupþings með kröfuhöfum bankans í London í Bretlandi á mánudag.

„Við lögðum mikla vinnu í endurskipulagningu lánasafnsins á síðasta ári og markvissa eignastýringu. Árangur er góður því nú er stærstur hluti lánasafnsins í skilum," segir Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings. Hann bendir á að tekjur eignastýringarsviðs bankans nægi fyrir öllum rekstrarkostnaði utan aðkeyptrar sérfræðiþjónustu. Stefnt er að því að auka virði eignanna á árinu. - jab

KRÖFURNAR FLOKKAÐAR Tæplega þrjátíu þúsund kröfur bárust í bú Kaupþings um áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ENDURSKOÐUÐ KRÖFUSKRÁ

Kröfuhöfum var jafnframt kynnt endurskoðuð kröfuskrá, sem upphaflega var birt skömmu fyrir síðustu áramót. Samkvæmt nýju kröfuskránni hefur kröfum á bankann fækkað um 92 í 28.075 og heildarfjárhæð lýstra krafna lækkað um þrjátíu milljarða króna í 7.286 milljarða.

Ástæðuna fyrir breytingum á kröfuskrá má einkum rekja til afturkallaðra krafna og tvískráninga þeirra, sem hafa nú verið leiðréttar samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd bankans.

SIGURLIÐIÐ 2008 Metþátttaka var í frumkvöðlakeppni Innovit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frumkvöðlakeppni Innovit:

Ellefu áfram í Gullegginu

NÝSKÖPUN Ellefu viðskiptaáætlanir hafa verið valdar til að taka þátt í Gullegginu 2010, frumkvöðlakeppni Innovit.

Þegar keppnin hófst seint á síðasta ári bárust 295 hugmyndir í hana og höfðu þær aldrei verið fleiri. Hugmyndirnar voru unnar áfram og komu 60 fullmótaðar viðskiptaáætlanir úr henni. Keppnin hófst fyrir rúmum átta vikum.

Hópur sérfræðinga í atvinnulífinu mun næstu vikur leggja mat á þær. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra kynnir úrslit keppninnar 10. apríl næstkomandi og afhendir þeim sem fara með sigur af hólmi sigurlaunin, eina milljón króna. - jab

EVRÓPUMÓTIÐ Í SKÁK

Nepomniachtchi sigraði

Hinn nítján ára rússneski stórmeistari Ian Nepomniachtchi varð Evrópumeistari í skák í Rijeka í Króatíu í gær. Hann hlaut 9 vinninga af 11 möguleg um. Hannes Hlífar Stefánsson hlaut 6,5 vinninga og Íslandsmeistarinn Henrik Danielsen 6 vinninga.

LEIÐRÉTTING

Í sérblaðinu Fjármál heimilanna sem fylgdi Fréttabaðinu í gær var Birna Guðrún Baldursdóttir sögð þroskaþjálfi. Hið rétta er að Birna Guðrún er iðjuþjálfi.

Hafa áhyggjur af búfjárbyltingunni

Kjötframleiðsla á heimsvísu hefur þrefaldast frá árinu 1980 og mun tvöfaldast á næstu 40 árum. Búfjárbyltingin gerir litlum framleiðendum erfitt fyrir og ýtir undir stórbýli. Búfénaður gefur frá sér gríðarlegt magn gróðurhúsalofttegunda.

BANDARÍKIN Framleiðsla og neysla á kjöti hefur þrefaldast á síðustu þremur áratugum og allt stefnir í að hún tvöfaldist frá því sem nú er til ársins 2050, að því er fram kemur í nýrri rannsókn sem vitnað er í á vefmiðlinum Science Daily.

„Búfjáriðnaðurinn er risavaxinn og vex hratt," segir Harold A. Mooney líffræðingur, einn þeirra sem stóðu að rannsókninni.

„Þetta er í fyrsta skipti sem við skoðum áhrif búfjárframleiðslu með tilliti til félagslegra áhrifa, umhverfisáhrifa og efnahagslegra áhrifa, auk áhrifa á heilsufar og umhverfið. Við leituðum leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum iðnaðarins og leggjum áherslu á jákvæðar hliðar," segir Mooney.

Í niðurstöðum hópsins kemur fram að búfjárstofninn í heiminum öllum telur um 1.700 milljónir dýra. Um 1.000 milljónir jarðarbúa hafa atvinnu sína af búfjárframleiðslu eða tengdum atvinnugreinum. Aukin búfjárframleiðsla fjölgi þó ekki endilega störfunum þar sem hún kalli á stærri bú og gangi nærri litlum framleiðendum.

Um þriðjungur af prótíni jarðarbúa kemur úr nautakjöti, fuglakjöti, svínakjöti og öðrum búfjárafurðum. Neyslan skiptist þó alls ekki jafnt niður á þjóðir heims, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar.

Áhrif búfjár á umhverfið eru umtalsverð að mati vísindamannanna. Mikið af skóglendi hefur til að mynda verið rutt til að fá landsvæði fyrir skepnurnar. Að auki þurfi mikinn áburð, skordýraeitur og olíu til að rækta fæðið.

Þá er úrgangur frá búfénaði áhyggjuefni. „Dýrin nýta aðeins um þriðjung þeirra næringarefna sem þau neyta, og því er úrgangurinn frá þeim mjög mengandi. Það er þekkt vandamál sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum frá Kína, Indlandi, Bandaríkjunum og Danmörku," segir í skýrslu vísindamannanna.

„Stór hluti vandans liggur hjá neytendunum," segir Fritz Schneider, annar vísindamannanna sem unnu að rannsókninni. „Fólk mun ekki hætta að borða kjöt, en ég vona að því meira sem fólk lærir um áhrifin þeim mun líklegra sé það til að breyta venjum sínum." brjann@frettabladid.is

KJÖT Á FÆTI Þriðjungur af prótíni sem jarðarbúar neyta kemur úr kjöti, en kjötneysla skiptist þó fráleitt jafnt á lönd heimsins. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

FÓÐUR Á ÞRIÐJUNGI RÆKTARLANDS

- Búfénaður í heiminum öllum telur rúmlega 1.700 milljónir dýra.
- Um 18 prósent af öllum gróðurhúsalofttegundum sem losaðar eru í heiminum koma frá búfénaði, framleiðslu búfjárafurða og dreifingu þeirra til neytenda.
- Framleiðsla á fóðri fyrir búfénað nýtir um þriðjung af ræktarlandi heimsins.
- Búfjárafurðir eru um 40 prósent af landbúnaðarframleiðslu heimsins.

Dómsmálaráðherra BNA:

Segir bin Laden aldrei nást á lífi

BANDARÍKIN Eric H. Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, segist sannfærður um að Osama bin Laden verði aldrei dreginn fyrir bandarískan dómstól.

ERIC HOLDER

„Við skulum halda okkur við raunveruleikann hér," sagði Holder í yfirheyrslu hjá bandarískri þingnefnd á þriðjudag. Ef hann finnst, „þá verður hann drepinn, annaðhvort af okkar mönnum eða sínum eigin mönnum".

Osama bin Laden, leiðtogi hryðjuverkasamtakanna Al Kaída, er enn talinn vera í felum öðru hvorum megin landamæra Pakistans og Afganistans. - gb

Brennuvargur í Danmörku:

Lögregluþjónn kveikti í húsum

DANMÖRK Danskur lögregluþjónn hefur verið ákærður fyrir að hafa undanfarnar vikur kveikt að minnsta kosti átta sinnum í húsum, bílskúrum og bifreiðum í Silkiborg, fjörutíu þúsund manna bæ á Jótlandi, skammt frá Árósum.

Maðurinn er meðal annars grunaður um að hafa tvisvar sinnum kveikt í heima hjá sér, en félagar hans í lögreglunni gefa þó ekki upp hvort það hafi komið þeim á sporið.

Handtaka hans er mikill léttir fyrir íbúa í Silkiborg, sem aldrei þessu vant hafa þurft að læsa bílskúrum sínum og geymslum af ótta við óþekkta brennuvarginn. - gb

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

ÚRKOMULÍTIÐ

Það verður yfirleitt þurrt á landinu í dag en gæti þó dropað smáveg is einkum við suðaustur- og austurströndina en vestanlands verður sums staðar léttskýjað. Veður verður svipað á morgun en það bætir í úrkomu austan til og kólnar lítillega annað kvöld.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	17°
Berlín	12°
Billund	8°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	23°
London	14°
Mallorca	18°
New York	19°
Orlando	21°
Ósló	2°
París	15°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

Penninn í HönnunarMars

Húsgagnasvið Pennans tekur þátt í HönnunarMars og kynnir sköpunarverk Valdimars Harðarsonar arkitekts – Fansa skrifstofuhúsgögnin og stólinn Magna.

Fansa skrifstofuhúsgögnin eru stílhrein, sveigjanleg og í takt við þarfir íslenskra fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á að allar einingar falli vel saman og þannig eru möguleikar á uppröðun ótalmargir, hvort sem skrifstofuhús-næðið er lítið eða stórt. Trésmiðja GKS framleiðir húsgögnin.

ÍSLENSKT HUGVIT

Valdimar Harðarson verður í Pennanum Hallarmúla 4 nk. laugardag kl. 12-15 og kynnir verk sín fyrir viðskiptavinum.

Magni er staflastóll sem nýtist alls staðar þar sem margir koma saman. Stóllinn er samtengjanlegur á hliðum til að mynda beinar raðir/bekki. Magni er einstaklega þægilegur, léttur og fallegur.



Sædís Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri

Alda Sigurbrandsdóttir
Sölufulltrúi

Ágústa Hrund Emilsdóttir
Sölufulltrúi

Tómas Sigurbjörnsson
Þróunarstjóri

Dóra Vilhjálmsdóttir
Innanhússarkitekt

Guðni Jónsson
Viðskiptaþróun

Katrín Ólafsdóttir
Viðskiptastjóri

Kjartan Aðalbjörnsson
Viðskiptastjóri

Kristrún Ágústsdóttir
Viðskiptastjóri

Starfsfólk Húsgagnasviðs Pennans Hallarmúla 4, býður upp á kaffi, léttar veitingar og persónulega ráðgjöf í HönnunarMars, 18.-21. mars. Þetta er tækifæri sem áhugafólk um íslenska hönnun ætti ekki að láta framhjá sér fara.

Opið fimmtudag og föstudag frá kl. 8-18 og laugardag frá kl. 11 -17.

Penninn
Með þér í vinnunni

Nánari upplýsingar í síma 540 2000 eða á husgogn@penninn.is

www.penninn.is

KJÖRKASSINN

Á Frjálslyndi flokkurnin enn erindi í íslensk stjórnmál?

JÁ	30,1%
NEI	69,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að leyfa hollenska hernaðarfyrirtækinu E.C.A. Program að hefja starfsemi á Keflavíkurflugvelli?

Segðu þína skoðun á visir.is

Yfirtaka kröfuhafa á Bakkavör og afskráning af markaði í skoðun í Kauphöllinni:

Hluthafar gætu brunnið inni

VIÐSKIPTI Afskráning með þeim hætti sem Bakkavör áformar er ekki hafin yfir vafa, að mati Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Kauphallarinnar. „Við erum að fara gaumgæfilega yfir málið," segir hann.

Meirihluti kröfuhafa Bakkavarar samþykkti nauðasamninga félagsins fyrir tæpum hálfum mánuði. Í kjölfarið var boðað til hluthafafundar Bakkavarar 26. mars næstkomandi. Þar eignast kröfuhafar félagsins 27 prósenta hlut í Bakkavör en eign Bakkavararbræðra þurrkuð út. Að fundi loknum verður stefnt að því að taka hlutabréf Bakkavarar úr viðskiptum í Kauphöllinni. Bakkavör er eitt þeirra sex hlutafélaga sem mynda Úrvalsvísitöluna.

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON Fyrirhuguð afskráning Bakkavarar af markaði er í skoðun í Kauphöllinni.

Þórður segir meirihlutaeigendur skráðra félaga verða að huga betur að markmiðum Kauphallarreglnanna. Gæta verði að hag minni hluthafa, sem kunni að bera skarðan hlut frá borði bjóðist þeim engar leiðir til að losa sig við eign sína í Bakkavör. „Þetta finnst okkur ekki hafa á sér góðan blæ né til þess fallið að efla trúverðugleika á markaði," segir Þórður og bendir á að nokkrir möguleikar gætu verið í stöðunni. Bjóða megi hluthöfum að selja bréf sín á tilteknu verði eða þeim boðin önnur hlutabréf í skiptum fyrir bréfin í Bakkavör fyrir afskráningu. - jab

Forvarnakönnun í Hafnarfirði:

Unglingar geta keypt sér tóbak

HEILBRIGÐISMÁL Unglingar geta keypt tóbak á um þriðjungi allra sölustaða þess í Hafnarfirði, miðað við nýja könnun forvarnafulltrúa bæjarins. Í könnuninni fóru tveir unglingar úr 10. bekk og reyndu að kaupa sér sígarettur á 22 stöðum. Það tókst á sjö stöðum.

Forvarnafulltrúi nafngreinir sölustaðina ekki, en búast má við að eigendur þeirra verði áminntir.

Slíkar kannanir hafa verið gerðar um árabil og eru þrjú ár síðan jafn fáir seldu unglingum tóbak í Hafnarfirði. - kóþ

Lokasvar við skuldavanda heimilanna

Stjórnvöld kynntu í gær viðamiklar aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Brugðist við öllum þeim vanda sem þegar hefur verið bent á, segir félagsmálaráðherra. Fyrirhugaðar afskriftir á bílalánum hafa enn ekki verið útfærðar.

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld kynntu í gær ýmiss konar aðgerðir til að taka á skuldavanda íslenskra heimila. Með þeim aðgerðum sem nú hafa verið kynntar er verið að bregðast við öllum þeim vanda sem þegar hefur verið bent á, sagði Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra á fundi með fjölmiðlafólki í gær.

Meðal þess sem stjórnvöld hyggjast gera er að breyta Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna í embætti umboðsmanns skuldara. Umboðsmaðurinn mun gæta hagsmuna einstakra skuldara í samningum við lánardrottna. Þá verður komið á fót nýju kaupleigukerfi hjá Íbúðalánasjóði þar sem fólki verður gert kleift að festa sér leiguíbúð til fimm ára, og fá að þeim loknum kauprétt á íbúðinni.

„Við trúum því að með þessum aðgerðum sem við setjum hér fram séum við búin að ná utan um vandann," sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í gær. „Þeir sem eru í vanda munu finna úrlausn sinna mála í þessum ákvæðum sem við höfum kynnt hér."

Stjórnvöld ætla að taka á vanda þeirra sem verst eru settir með því að heimila þeim sem missa hús sín í nauðungaruppboði að búa áfram í húsunum í allt að tólf mánuði, gegn greiðslu eðlilegrar leigu. Sama aðferð verður viðhöfð gagnvart þeim sem fara í gjaldþrot.

Þá verður lögum um greiðsluaðlögun breytt. Úrræðið hefur hingað til verið flokkað með gjaldþrotaúrræði, en verður hér eftir félagslegt úrræði, sagði Árni Páll. Hér eftir muni ein lög gilda um allar kröfur einstaklinga, bæði samningskröfur og veðkröfur.

Breytingar á skattalögum munu hafa það í för með sér að afskriftir á skuldum upp að vissu marki verða ekki skattskyldar, sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hvar þau mörk liggja hefur ekki verið útfært.

Árni Páll segir ekki standa til að greiðsluaðlögunin verði tæki til að þvo skuldir af mönnum sem skuldi hundruð milljóna vegna hlutabréfakaupa. Með breytingum á lögum um skattlagningu afskrifta sé spurningunni um afskriftir til „rosalega ríkra" svarað í eitt skipti fyrir öll: „Það er þá skattlagt út yfir gröf og dauða."

AÐGERÐIR KYNNTAR Fimm ráðherrar ríkisstjórnarinnar kynntu í Þjóðmenningarhúsinu í gær margvíslegar aðgerðir, sem koma eiga þeim heimilum sem eiga í greiðsluvanda til góða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni Páll sagði marga af þeim sem séu í mestum vanda hafa keypt íbúðarhúsnæði án þess að hafa náð að selja eldra húsnæði á móti. Þeim verði gert kleift að skila lyklunum að öðru húsinu til skuldunauta gegn því að færa skuldir á það húsnæði sem þeir halda, þó að hámarki 80 til 110 prósent af virði þess húsnæðis.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að dregið verði úr vægi verðtryggingarinnar. Það verði meðal annars gert með því að bjóða upp á óverðtryggð lán hjá Íbúðalánasjóði. Með lækkandi verðbólgu verði slík lán raunhæfur kostur. Þá verði Seðlabankanum falið að meta hvernig best verði dregið úr vægi verðtryggingarinnar í íslensku efnahagslífi.

Settar verða hömlur á innheimtukostnað og dráttarvextir lækkaðir um tvö prósentustig, sagði Gylfi. Miðað við stýrivexti Seðlabankans í dag séu dráttarvextir því komnir niður í fjórtán prósent.

Úrræði ríkisstjórnarinnar verða kynnt í bæklingi sem dreift verður á hvert heimili.

Fyrirhuguð lagabreyting um afskriftir bílalána var ekki meðal þess sem kynnt var í gær, en Árni Páll segir að unnið sé að lokaútfærslu þeirrar breytingar, og verði niðurstaðan kynnt bráðlega. brjann@frettabladid.is

NÝJAR AÐGERÐIR

Stjórnvöld kynntu í gær aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna.

- Lögum um greiðsluaðlögun breytt. Reglum breytt svo að allar kröfur á einstaklinga falli undir sömu lög.
- Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna breytt í embætti umboðsmanns skuldara. Verður kostað af fjármálafyrirtækjunum.
- Dregið verður úr vægi verðtryggingar. Íbúðalánasjóður mun bjóða upp á óverðtryggð lán.
- Móta á nýja húsnæðisstefnu, sameina húsaleigu- og vaxtabótakerfi og bjóða fólki upp á meiri möguleika á að leigja húsnæði til fimm ára með kauprétti að þeim loknum.
- Útfærsla á afskriftum bílalána verður kynnt bráðlega.
- Þeir sem greiða af tveimur heimilum geta skilað lyklunum af öðru þeirra og mögulega fengið hluta skulda felldan niður.
- Afborganir inn á lánasamninga hjá þeim sem komnir eru á vanskil fara fyrst inn á höfuðstól en ekki upp í kostnað og vexti.
- Eftir að íbúðarhúsnæði hefur verið selt á nauðungaruppboði getur íbúi fengið að búa þar áfram í allt að 12 mánuði gegn greiðslu húsaleigu.
- Markaðsvirði fasteigna dregst frá skuld eftir nauðungaruppboð án tillits til þess verðs sem fékkst á nauðungarsölu.
- Eftir gjaldþrotaskipti getur skiptastjóri leyft fólki að búa í húsnæði áfram í allt að 12 mánuði gegn greiðslu leigu.
- Takmörk verða sett á innheimtukostnað og dráttarvextir lækkaðir um tvö prósentustig.
- Niðurfelling skulda í gegnum skuldaaðlögun verður skattfrjáls að ákveðinni upphæð sem hefur enn ekki verið ákveðin.

FÁ EKKI AÐ SKILA LYKLUNUM AÐ SINNI

Ekki stendur til að breyta lögum til að þeir sem eru í skuldavanda vegna íbúðaláns geti einfaldlega skilað inn lyklunum og verið skuldlausir eftir, sagði Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra í gær.

Hann segir slíkt geta haft mjög neikvæð áhrif á fasteignamarkaðinn, og geta gert láglaunafólki mjög erfitt að fá lán fyrir húsnæði.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði slíka lagabreytingu ekki útilokaða. Hún gangi þó ekki upp fyrir samninga sem þegar hafi verið gerðir. Hins vegar sé alls ekki útilokað að slíkur möguleiki verði lögfestur síðar, en þá muni hann væntanlega eingöngu standa þeim til boða sem taki lán eftir að lögunum verði breytt.

TAX FREE DAGAR

Fatnaður á alla fjölskylduna!

Dagana 18. - 21. mars afnemum við VSK af öllum fatnaði.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 21. mars 2010.

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hve oft hafa verkföll verið stöðvuð með lagasetningu á síðustu tuttugu árum?*
2. *Hver býr að Laugarnestanga 65 í Reykjavík?*
3. *Hver fer með hlutverk Guðlaugs Friðþórssonar í væntanlegri kvikmynd Baltasars Kormáks?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 50

Mótmælendur í Taílandi héldu áfram að skvetta blóði í gær en þeir krefjast afsagnar ríkisstjórnarinnar:

Blóði hellt á hús og vinnustað Abhisits

TAÍLAND, AP Mótmælendur í Taílandi héldu áfram að skvetta blóði til að leggja áherslur á kröfur sínar um að stjórn landsins segi af sér.

Í gær helltu þeir blóði á bæði heimili og vinnustað forsætisráðherrans, Abhisit Vejjajiva. Þúsundir mótmælenda höfðu látið taka úr sér blóð sem síðan var sett á plastdunka og notað með þessum hætti.

Mótmælendurnir segjast ætla að halda til í miðbæ höfuðborgarinnar Bangkok um óákveðinn tíma, en þó í minni hópum en undanfarna daga þegar þúsundir og jafnvel tugþúsundir manna hafa mætt til að mótmæla.

„Þegar rétti tíminn kemur þá boðum við til milljóna manna mótmæla á ný," segir Veera Musikapong, einn af leiðtogum mótmælendahreyfingarinnar.

Í mannfjöldanum eru bæði harðir stuðningsmenn fyrrverandi forsætisráðherra, Thaksin Shinawatra, og lýðræðissinnar sem eru að mótmæla valdaráni hersins árið 2006.

Herinn tók völdin af Thaksin Shinawatra eftir langvarandi fjöldamótmæli gegn honum, sem studdust meðal annars við ásakanir um spillingu. Thaksin fór í framhaldi af því í sjálfskipaða útlegð og hefur síðan hlotið dóm fyrir spillingarmál. - gb

AFHENDIR RÓS Öldruð kona í Bangkok afhendir lögreglumanni rauða rós. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný efnahagsáætlun ef Icesave leysist ekki

Þeim mun lengra sem líður án samkomulags um Icesave aukast líkur á að hverfa þurfi frá efnahagsáætlun ríkisins og AGS, að mati seðlabankastjóra. Þá megi naumlega forða greiðsluþroti ríkisins, en landið verði berskjaldað og þrengingar aukist.

EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Íslands lækkaði í gær stýrivexti sína um 0,5 prósentustig, úr 9,5 prósentum í 9,0 prósent.

„Vaxtalækkun Seðlabankans nú er í takti við væntingar enda hefur bæði gengi krónunnar og þróun verðbólgu verið peningastefnunefndinni að skapi frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi í janúar. Gengi krónunnar hefur styrkst um 3,5 prósent frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi," segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka um vaxtaákvörðunina. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar bankans kemur jafnframt fram að verðbólguaukning í febrúar hafi verið fyrirséð og gert ráð fyrir að verðbólga aukist einnig í þessum mánuði. „En undirliggjandi verðbólga hjaðni eigi að síður að markmiðinu seint á árinu," segir í yfirlýsingu nefndarinnar.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri kynnti ákvörðun nefndarinnar og sagði hátt skuldatryggingarálag og óhagstæðar horfur um lánshæfismat ríkissjóðs vera rök fyrir tiltölulega varfærnum breytingum. Mesta hindrunin á vegi frekari vaxtalækkana væri óleyst deilan um Icesave-skuldbindingar ríkisins. Áhættusamt væri að afnema gjaldeyrishöft eða lækka vexti í stórum skrefum meðan lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndum fengjust ekki og aðgangur að alþjóðlegum fjármálamörkuðum á viðunandi kjörum væri ekki greiður.

Í SEÐLABANKA ÍSLANDS Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mat seðlabankastjóra er að efnahagslífið kunni að þróast á tvo ólíka vegu. Annar felur í sér að Icesave-deilan leysist fljótlega og þá verði hægt að halda áfram samkvæmt efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS, um leið og gjaldeyrishöft verði afnumin og vextir lækkaðir. Hinn felur í sér að samkomulag dragist á langinn og segir Már þá koma til greina að móta nýja efnahagsáætlun. Hann boðar nánari útlistun á kostunum tveimur þegar bankinn kynnir nýja hagspá í maí. „En eftir því sem tíminn líður aukast líkur á seinni leiðinni," segir Már.

Leysist ekki Icesave og bið verði á alþjóðlegu lánsfé telur Már engu síður að hægt verði að forða greiðslufalli ríkisins, gjaldeyrisforði landsins rétt hrökkvi til að greiða gjalddaga erlendra lána í lok næsta árs og á fyrri hluta 2012, samtals um 1,5 milljarða evra (tæplega 260 milljarða króna). „Og komi ekkert annað til verður landið mjög berskjaldað," segir hann.

Már segir augljóslega betri kost að ljúka Icesave sem fyrst með samningum og halda áfram á þeirri braut sem þegar hefur verið mörkuð, enda seinni kosturinn ekki sársaukalaus. Hann feli í sér lægra gengi, lægri raunlaun, hærri vexti og enn meira aðhald í ríkisfjármálum. olikr@frettabladid.is

Frábær Betri Besti **Kostur**

Bestu kaupin

Móa kjúklingur, frosinn
465 kr/kg

Kostur lambalæri, frosið
975 kr/kg

Mjólk
75 kr/L

Kosts brauð Heilhveitisamlokubrauð, 770 gr
175 kr

Allt í matarkörfuna - Fjöldi annarra tilboða alla daga

Tilboðin gilda til 18./19. mars eða á meðan birgðir endast

Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opið virka daga 11-18.30 | laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

kostur
Styðjum heilbrigða samkeppni

NÁTTÚRUVERNDARVIÐURKENNING SIGRÍÐAR Í BRATTHOLTI

Í tilefni af 20 ára afmæli umhverfisráðuneytisins hefur umhverfisráðherra ákveðið að heiðra minningu Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti með því að afhenda náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á degi umhverfisins sem haldinn er árlega þann 25. apríl. Viðurkenningin verður afhent einstaklingi sem hefur unnið markvert starf á sviði náttúruverndar.

Umhverfisráðneytið óskar eftir tilnefningum til viðurkenningarinnar. Tillögurnar, ásamt rökstuðningi, þurfa að berast ráðuneytinu eigi síðar en 1. apríl n.k. merktar *Náttúruverndarviðurkenning Sigríðar í Brattholti*, á póstfangið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is

IKEA STOCKHOLM RAND
motta 100% ull. B250×L350cm
Svart/hvítt **39.900,-**

595,-

HESSUM dyramotta
100% pólýprópýlen. B40×L60cm

FLOKATI rýjamotta 100% ull
B70×L130cm. Hvítt **3.490,-**

KOLDBY kýrskinn
100% nautsleður. Stærðir 3,5-5m²
Ýmis mynstur **22.990,-**

Minntist einhver á mottur?

HOVEN motta
100% pólýprópýlen
B170×L230cm. Blátt
8.890,-

2.990,-

KARBY motta B133×L190cm.
100% pólýprópýlen. Drapplitað/brúnt



IKEA PS STUGA motta
100% ull. B275×L275cm
Rautt **59.990,-**
Fæst einnig í bláu

1.590,-

RINGUM motta
80% ull, 20% nælon
Ø70cm. Blátt

LUDDE gæra
100% lambsskinn
Grátt **6.990,-**
Fæst einnig í hvítu



HULDA VILSE motta
100% pólýprópýlen
B133×L195cm. Hvítt/dökkblátt
5.490,-

HAMPEN mottur
100% pólýprópýlen
B133×L195cm. Ýmsir litir
6.990,-/stk.



4.990,-/stk.

INDO GABBEH mottur 100% ull
B60×L90cm. Ýmsar tegundir.
Ýmsir litir **4.990,-/stk.**



ANDREA mottur
100% ull. B170×L240cm
Ýmsir litir **38.990,-/stk.**

STOPP stamt mottuundirlag
100% pólýprópýlen
B65×L125cm **395,-**
B165×L235cm **995,-**

Kjötbollur
með kartöflum, týtuberja-sultu & rjómasósu (10 stk.)

695,-

Karlar og krabbamein stuðningsaðili 2010

IKEA®

Verslun opin 11-19 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

ÁÆTLUN HERJÓLFS UM PÁSKA OG HVÍTASUNNU

Við vekjum athygli á breytingum á áætlun Herjólfs um páskana. Miðvikudaginn fyrir páska verður einnig farin kvöldferð en á miðvikudögum hefur Herjólfur aðeins siglt fyrri ferð. Á föstudaginn langa og páskadag verður aðeins sigld fyrri ferð. Aðra daga siglir Herjólfur samkvæmt áætlun. Á hvítasunnudag fellur fyrri ferð niður og verður því aðeins sigld kvöldferð.

Nánari upplýsingar um áætlunarferðir Herjólfs eru á vefnum, herjolfur.is.

EIMSKIP

Básaskersbryggju | 900 Vestmannaeyjar | Sími 481 2800 | Fax 481 2991 | www.eimskip.is | www.herjolfur.is

Vistkerfi Íslandshafs og afkoma loðnustofnsins

Hafrannsóknastofnunin heldur ráðstefnu í Bíósal Hótel Loftleiða um rannsóknir í Íslandshafi, föstudaginn 19. mars 2010, kl. 9:00 – 16:30

DAGSKRÁ

9:00 - 9:10 Setning: Jóhann Sigurjónsson

Inngangserindi:

9:15 - 10:00 Ken Drinkwater: Loftslags– og vistkerfisbreytingar á grannsvæðum Íslandshafs (Climate and Ecosystem Variability in the Nordic Regions)

10:00 - 10:30 Kaffihlé

Erindi:

10:30 - 10:55 Héðinn Valdimarsson: Ástand sjávar í Íslandshafi

10:55 - 11:20 Steingrímur Jónsson og Héðinn Valdimarsson: Straumar og sjófræði á Kolbeinseyjarhrygg

11:20 - 11:45 Sólveig R. Ólafsdóttir: Næringarefni í Íslandshafi

11:45 - 12:10 Hafsteinn G. Guðfinnsson: Svifþörungar í Íslandshafi árin 2006-2008

12:10 - 13:10 Matarhlé

13:10 - 13:35 Ástþór Gíslason: Árstíðabreytingar og samfélög dýrasvifs í Íslandshafi

13:35 - 14:00 Konráð Þórisson og Björn Gunnarsson: Rek loðnulirfa, aldur og uppruni

14:00 - 14:25 Hildur Pétursdóttir og Ástþór Gíslason: Fæðuvistfræðileg tengsl algengra uppsjávartegunda í Íslandshafi árin 2007 og 2008

14:25 - 15:00 Ólafur Karvel Pálsson, Sveinn Sveinbjörnsson, Héðinn Valdimarsson og Ástþór Gíslason: Lífshættir loðnu í Íslandshafi

15:00 - 15:30 Kaffihlé

15:30 - 15:55 Baldvin Einarsson, Björn Birnir og Sven Þ. Sigurðsson: Samtenging reiknilíkana um kvikan orkubúskap og gönguhegðan loðnu

15:55 - 16:20 Þorvaldur Gunnlaugsson, Gísli A. Víkingsson og Daniel G. Pike: Hvalir í Íslandshafi og á aðliggjandi hafsvæðum

16:20 Ráðstefnuslit: Ólafur Karvel Pálsson

16:30 Kaffiveitingar í boði Hafrannsóknastofnunarinnar

Veggspjöld:

Guðrún Helgadóttir og Páll Reynisson: Dýptarkort með fjölgeislamælingum á Drekasvæðinu. (Bathymetric Map of the Dreki Area)

Héðinn Valdimarsson og Steingrímur Jónsson: Straumar og ástand sjávar á Drekasvæðinu (Currents and Hydrography in the Dreka Area)

Steinunn Hilma Ólafsdóttir: Botndýr á Drekasvæðinu (Benthos in the Dreka Area)

Fundarstjórar: Ásta Guðmundsdóttir og Karl Gunnarsson

Samtök hernaðarandstæðinga ályktun um E.C.A.:

Segja málaliðaher auvirðilegt fyrirbæri

SUÐURNES Samtök hernaðarandstæðinga (SHA) telja að einkarekinn flugher hollenska fyrirtækisins E.C.A. með 20 óvopnaðar orrustuþotur, sem leigðar verði til heræfinga, eigi ekkert erindi hér á landi. „Málaliðaher eins og hér um ræðir er eitthvert auvirðilegasta fyrirbæri mannlegrar tilveru," segir í ályktun SHA. „Markmið rekstursins er að þjálfa hermenn í að drepa fólk í fjarlægum og fátækum löndum," segir í ályktuninni. Áform fyrirtækisins stangist á við stefnu stjórnvalda um að Ísland skuli verða vettvangur friðarumræðu og vinna að afvopnun í heiminum.

Enn fremur segja hernaðarandstæðingar ljóst að E.C.A. Program sé hálfgert skúffufyrirtæki „og væntanlega leppur fyrir öflugri fyrirtæki". Samtökin staðhæfa að kanadísk stjórnvöld hafi neitað fyrirtækinu um starfsleyfi. - pg

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ATVINNUSKAPANDI Þótt E.C.A. eigi enn eftir að ganga frá samningum hérlendis eru myndir frá Keflavíkurflugvelli í kynningu á heimasíðu fyrirtækisins.

Styttist í pólitíska ákvörðun

Flugmálastjórn er langt komin með að meta umsókn um einkarekinn flugher á Keflavíkurflugvelli til þátttöku í heræfingum um allan heim.

SUÐURNES Flugmálastjórn er langt komin við að meta umsókn hollenska fyrirtækisins E.C.A. Program um að skrásetja um 20 óvopnaðar orrustuþotur hér á landi. „Það styttist í að hægt sé að taka pólitíska ákvörðun um hvort ríkisstjórn og Alþingi vilji að undirbúningi málsins verði haldið áfram," sagði Ingvar Sverrisson, aðstoðarmaður samgönguráðherra.

Ekki er talið að íslensk lög og reglugerðir um flugmál nái utan um flugrekstur óvopnaðra orrustuþotna. Í öðrum löndum eru til sérstök lög um heri og hergögn. Ingvar segir að líklega yrði að skrifa sérstakar reglugerðir fyrir vopnlausar orrustuþotur í íslenska flugflotanum ef af komu E.C.A. verður.

Áður en starfsemin hefst þyrfti E.C.A. einnig að ljúka samningum við Keflavíkurflugvöll ohf. um 12.000 fermetra aðstöðu í risastóru flugskýli, sem er lítið nýtt eftir að Bandaríkjaher hvarf héðan af landi brott. Áætlað er að endurbætur á flugskýlinu í þágu E.C.A. kosti um 4,5 milljarða króna. Samið hefur verið við ÍAV þjónustu um að annast framkvæmdir E.C.A. hér á landi. ÍAV þjónusta annast einnig ýmis samskipti við íslensk stjórnvöld, að sögn Melville ten Cate.

E.C.A. mun einnig hafa lýst áhuga á að semja við utanríkisráðuneytið um aðstöðu á afgirta varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Engu þessara mála er lokið í íslensku stjórnsýslunni.

Langmest af þeirri 200 milljarða króna fjárfestingu, sem E.C.A. gerir ráð fyrir að ráðast í til að setja á laggirnar fyrirtæki sem sérhæfir sig í að leigja óvinaflugvélar til þátttöku í heræfingum, tengist kaupum á þotum, stjórnstöðvum, ratsjám og rafeindabúnaði og upplýsingakerfum. Forstjórinn fullyrti í samtali við blaðamann að næg viðskipti væru í boði frá flugherjum og ríkisstjórnum til að standa undir þessari fjárfestingu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr stjórnkerfinu hafa forsvarsmenn fyrirtækisins ekki enn sýnt íslenskum stjórnvöldum fram á að fjármögnun áformanna sé lokið. Fyrirtækið er sagt í eigu nokkurra hollenskra og bandarískra einstaklinga, sem eru flestir fyrrverandi orrustuflugmenn.

peturg@frettabladid.is

ÞINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS LÝSIR STUÐNINGI EN ÞINGMAÐUR VG EFAST

„Ég er með efasemdir um slíka starfsemi á vellinum," segir Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna í Suðurkjördæmi, spurður um viðhorf hans til þess að E.C.A. Program fái að reka hér starfsemi í tengslum við rekstur orrustuþotna og þátttöku í heræfingum. Hann segist hins vegar ekki hafa skoðað málið og tjáir sig því ekki frekar um það.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, fyrsti þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi er hins vegar spennt fyrir verkefni E.C.A. Program: „Ég er búin að fylgjast með þessu máli í dálítinn tíma og finnst þetta spennandi tækifæri, sem skapar góð og dýrmæt störf á þessu svæði," segir hún. „Ef allt gengur eftir sé ég enga hættu samfara því að hleypa þessu af stað."

ATLI GÍSLASON

RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

Ragnheiður segist ekki telja að með þessu sé verið að hvetja til hernaðar heldur sé verið að veita mikilvæga þjónustu í þessum geira. Alltaf sé verið að leita að tækifærum á flugvallarsvæðinu. Starfsemi E.C.A. gæti einnig rennt traustari stoðum undir flugakademíu Keilis.

Fermingar tilboð

MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjástýring
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg

Verð: 199.990 kr.

Tilboð: 189.990,- kr.*

iPod nano

Geymir allt að 4000 lög
Vegur aðeins 36,4g
Upptökumyndavél
FM útvarp
7 litir

8GB 16GB

Verð frá: 39.990,-

iPod/iPhone hlífðarhulstur

iPod/iPhone hlífðarhulstur: **Verð frá: 2.990,-**

Hulstur á myndum er aðeins brot af úrvali í verslun okkar

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl, eða meðan birgðir endast.

www.karlmennogkrabbamein.is



H:N markaðssamskipti / SÍA

Skartaðu skeggi
og verndaðu punginn
13.510.100 kr.
hafa safnast –Höldum áfram á
karlmennogkrabbamein.is

Styrktaraðilar
Síminn Arion banki

FRÉTTASKÝRING: Hversu miklu ver borgin til framkvæmda næstu árin?

Deilur í borgarstjórn um fé til framkvæmda

Minnka á fé til framkvæmda hjá Reykjavíkurborg og dótturfyrirtækjum úr 26,4 milljörðum króna í ár í 10,2 milljarða árið 2013. Samfylkingin vill að borgin sem slík haldi óbreyttu framkvæmdastigi en meirihlutinn segir það óábyrgt.

REYKJAVÍKURBORG Borgin og fyrirtæki hennar framkvæma fyrir 26,4 milljarða á þessu ári en ríkið aðeins fyrir samtals 10 milljarða, segir meirihlutinn í borgarstjórn. Frá og með næsta ári dregur úr framkvæmdunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stórlega dregur úr framkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar og fyrirtækja borgarinnar á næstu þremur árum samkvæmt nýrri þriggja ára áætlun. Í ár á að verja 26,4 milljörðum króna til framkvæmda en upphæðin verður 10,2 milljarðar á árinu 2013.

Fulltrúar Samfylkingarinnar lögðu til á fundi borgarstjórnar á þriðjudag að framkvæmdastigi á vegum borgarinnar sjálfrar, það er að segja án dótturfyrirtækja á borð við Orkuveituna, yrði haldið óbreyttu fram til ársins 2013. Í fjárhagsáætlun meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er hins vegar gert ráð fyrir að þessi liður lækki stig af stigi úr 5,3 milljörðum króna á þessu ári í 1,4 milljarða á árinu 2013.

„Meirihlutinn er í mikilli vörn vegna þess að þeir eru að keyra mikla frjálshyggjustefnu, það er að segja að Reykjavíkurborg eigi að halda að sér höndum í framkvæmdum næstu þrjú árin. En við segjum, í anda klassískrar jafnaðarstefnu, að þegar kreppur eru annars vegar skipti máli að Reykjavíkurborg axli ábyrgð og reyni að draga úr atvinnuleysinu með því að halda uppi eðlilegu framkvæmdastigi – jafnvel þótt borgin geti ekki ein og sér haldið uppi atvinnu hér," segir Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.

Óskar Bergsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og formaður borgarráðs, segir að um leið og kreppan hafi skollið á árið 2008 hafi borgarstjórn tekið meðvitaða ákvörðun um að halda upp háu framkvæmdastigi við þær aðstæður sem þá komu upp. Þess sjái stað í fjárhagsætlunum áranna 2009 og 2010 og að einhverju leyti einnig í áætlun fyrir árið 2011.

„Síðan fara menn að draga úr og þessari framkvæmdahrinu fer að ljúka. Þá teljum við að þá sé Reykjavíkurborg búin að gera það sem henni bar við þessar aðstæður og aðrir verkkaupar komnir inn á markaðinn, svo sem eins og einkaaðilar. Vonandi kemur ríkið einhvern tíma inn líka en það hefur í raun bara dregið saman í framkvæmdum eftir að kreppan skall á. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í borgarstjórn eru í raun að gagnrýna meirihlutann þar fyrir að bregðast ekki nógu hratt við atvinnuleysisstefnu ríkisstjórnarinnar," segir Óskar.

FRAMKVÆMDAFÉ HJÁ REYKJAVÍKURBORG 2008-2013

Ár	Reykjavíkurborg	Borgin og dótturfyrirtæki
2008*	10.263.940	46.918.658
2009**	5.367.000	27.055.074
2010***	5.280.000	26.400.640
2011***	3.175.000	18.887.518
2012***	2.040.000	11.730.072
2013***	1.385.000	10.235.627

*Rauntölur. **Útkomuspá. ***Áætlun.
Heimild: Frumvarp til fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2011-2013.

DAGUR B. EGGERTSSON

ÓSKAR BERGSSON

Í bókun meirihlutaflokkanna í borgarstjórn er áðurnefnd breytingartillaga Samfylkingarinnar um auknar framkvæmdir gagnrýnd. Samþykkt tillögunnar er sögð munu leiða af sér hallarekstur. Það stríði gegn sveitarstjórnarlögum því óheimilt sé að leggja fram áætlun með hallarekstri. Mikil áhætta fælist í lántöku sem til þyrfti til að fjármagna viðbótarframkvæmdirnar. Geta til að standa vörð um lánshæfi og tryggja greiðsluhæfi yrði skert.

„Leið Reykjavíkurborgar út úr kreppunni getur ekki verið sú að borgin steypi sér í skuldir og hækki skatta. Slíkt væri óábyrgt við þessar aðstæður og leysir engan vanda heldur dýpkar hann og myndi rýra lífskjör framtíðarkynslóða," segir í bókun meirihlutans.

Dagur B. Eggertsson segir hins vegar að í tillögu Samfylkingarinnar sé fjármögnun hennar útfærð.

„Við mætum þessu með því að lækka handbært fé sem er 11,7 milljarðar í upphafi áætlunarinnar og endar í 12,8 milljörðum. Þannig að þar er svigrúm til að taka á því sem snýr að rekstrinum en við leynum því ekkert að fjármunir til framkvæmda í kreppunni verða teknir að láni," segir Dagur. „Ágreiningurinn snýst einfaldlega um það hvort það eigi í kreppunni að viðhalda framkvæmdastiginu hjá Reykjavíkurborg."

FRÉTTASKÝRING
GARÐAR ÖRN ÚLFARSSON
gar@frettabladid.is

Óbreyttir vextir vestanhafs:

Efnahagslífið enn brothætt

EFNAHAGSMÁL Bankastjórn Seðlabanka Bandaríkjanna ákvað á þriðjudag að halda stýrivöxtum óbreyttum í 0,25 prósentum.

Ben Bernanke seðlabankastjóri sagði á vaxtaákvörðunarfundi hagvöxt ekki hafa tekið nægilega við sér sem réttlæti hækkun vaxta. Bloomberg-fréttastofan segir aðra seðlabankastjóra sama sinnis. Þar á meðal ætli japanski seðlabankinn að tvöfalda lánapakka sinn til að styðja við efnahagsbatann með lánveitingum til fyrirtækja og einstaklinga. - jab

Ný könnun MMR leiðir í ljós andstöðu við að ríkið greiði listamönnum laun:

Meirihluti á móti listamannalaunum

KÖNNUN Rúmlega 61 prósent þátttakenda í nýrri könnun MMR er andvígt því að ríkið greiði listamannalaun. Stærstur hluti, tæp 33 prósent, segist mjög andvígur en tæp 29 prósent segjast frekar andvíg. Um 29 prósent segjast frekar fylgjandi og tæp tíu prósent sögðust mjög fylgjandi listamannalaunum.

Könnunin var gerð símleiðis og á Netinu dagana 3. til 5. mars. Alls svöruðu 932 á aldrinum 18 til 67 ára spurningunni.

Lítill munur er á afstöðu kynjanna til álitaefnisins. Þannig sögðust 62,4 prósent karla og 60,3 prósent kvenna frekar eða mjög andvíg listamannalaununum.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru ívið hlynntari listamannalaunum en íbúar landsbyggðarinnar. Á höfuðborgarsvæðinu eru 42 prósent þeim frekar eða mjög fylgjandi, en 33,2 prósent íbúa landsbyggðarinnar.

Oddný G. Harðardóttir, formaður menntamálanefndar Alþingis, sagðist í samtali við Vísi í gær vera hlynnt listamannalaunum. Með þeim sé hagsmuna almennings gætt. Einnig gæti þess misskilnings að listamenn þurfi ekki að gera grein fyrir verkefnum sínum þegar staðreyndin sé að féð sé sótt í sjóði til skilgreindra verkefna. - sh

BÆKUR Margir íslenskir rithöfundar eru á listamannalaunum við skrif sín.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Amnesty International:

Evrópuríki selja pyntingartól

BELGÍA, AP Mannréttindasamtökin Amnesty International hvetja Evrópusambandið til að loka öllum lagalegum smugum sem evrópsk fyrirtæki hafa notað til að selja pyntingartól til ríkja sem líkleg þykja til að nota slíkan búnað.

Í nýrri skýrslu átelja samtökin meðal annars Austurríki og Sviss fyrir útflutning á piparúða, fótjárnum og búnaði til að gefa rafstuð.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins er útflutningur á pyntingartólum bannaður, en hægt er að sækja um undantekningar fyrir sölu á búnaði til lögreglustarfa og öryggisvörslu.

Amnesty International segir að evrópsk fyrirtæki hafi notfært sér þessa smugu í lögunum. - gb

BANKASTJÓRINN Marner Jacobsen, bankastjóri Eik Banka, hefur varað við því að bankinn gæti tapað háum fjárhæðum á dönskum fasteignalánum.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eik banki fær stuðning Dana:

Bæta í sjóðina

VIÐSKIPTI Eik Banki í Færeyjum hefur samið við dönsk stjórnvöld um aðgang að ríkistryggðum lánum upp á 9,1 milljarð danskra króna, jafnvirði 209 milljarða íslenskra. Lánið er hluti af stuðningi danskra stjórnvalda við fjármálafyrirtæki.

Eik Banki hyggst nýta lánin til að endurfjármagna eldri lán sem eru á gjalddaga á þessu og næsta ári og bæta lausafjárstöðu sína.

Eik Banki birtir uppgjör sitt á föstudag en hefur þegar lýst því yfir að hann muni þurfa að færa niður verulegan hluta af fasteignalánum sínum sem veitt voru í Danmörku. - jab

MENNTUN

Fá athvarf á Skagaströnd

Háskóli Íslands hefur stofnað rannsóknarsetur í sagnfræði á Skagaströnd. Fræðasetrið verður hýst í gamla kaupfélagshúsinu og þar munu grúskarar fá næði til að kryfja söguna.

FJÖLMIÐLAR

Safnar fjárfestum fyrir DV

Reynir Traustason, ritstjóri DV, er að safna saman hópi fjárfesta til að kaupa DV, fréttavefinn DV.is og Mannlíf. Reynir sagði í gær ekki tímabært að segja til um hverjir yrðu með honum í hugsanlegum kaupum á blaðinu.

BRJÁLUÐ

Í HÚSASMIÐJUNNI OG BLÓMAVALI

Aðeins brot af úrvalinu!

Electrolux
5 ára ábyrgð

89.900
~~114.900~~

Þvottavél
Orkunýting A,
þvottahæfni A,
vinduhæfni B,
1200 snúningar
1805455

86.900
~~109.900~~

Þurrkari
Barkalaus
m/rakaþétti,
tekur 6 kg af
blautum þvotti,
krumpuvörn
1805461

17.900
~~25.900~~

Þrekhjól
3899530

10 ltr
5.999
~~7.594~~

Innimálning
Gljástig 10.
7119961

999
~~5.499~~

Bakki og rúlla
25 sm
7014822

20%
afsláttur
Allar flísar

Úlpur
True North
5869766-5869793

4.999
~~7.995~~

9.990
~~19.795~~

Sturtusett
Charisma
8016115

BRJÁLAÐ TILBOÐ!!!

Hydropool rafhitaðir pottar sérframleiddir fyrir norðlægar slóðir. 20 ára reynsla á Íslandi.

TAKMARKAÐ MAGN!!!

Nuddpottur
Serenety M5000 Gold
8082550

HYDROPOOL

939.000

10stk
TAKMARKAÐ MAGN

GILDIR UM LAND ALLT.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TILBOÐ

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Aðeins í 4 daga!

3.999
~~5.499~~

Trappa
3 þrepa.
5078691

4.999

Vörutrilla
150 kg
5080150

4.995
~~6.995~~

Hjólbörur
80 ltr.
5080058

12.999
~~15.995~~

Háþrýstidæla
Nilfisk.
5254240

30% afsláttur af ljósum

25% afsláttur af ljósaperum

EGGER

1.490 kr/m²
~~1.690 kr/m²~~

Eikarlíki
3ja stafa plastparket
146956

Eitt mesta úrval landsins af plastparketi

Páskakrýsi
999

Prímúlur
3 stk.
999

Páskaliljur
í potti
Tet-a-tet
399

Forsythiugreinar
699

blómaval
heillandi heimur

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

„ORÐRÉTT“

Ekkert að óttast

„Við erum ólíkir fyrirtækjum eins og Blackwater. Starfsmenn okkar ganga ekki með byssur.“

MELVILLE TEN CATE, FORSTJÓRI E.C.A. PROGRAM, UM EINKAREKINN FLUGHER SEM BÍÐUR ÞESS AÐ FÁ STARFSLEYFI Á ÍSLANDI.
Fréttablaðið, 17. mars

Fast skotið

„Orkuveitan er aðili að Samtökum atvinnulífsins og skýtur það skökku við að framkvæmdastjórinn skuli ræða málefni fyrirtækisins með þeim hætti sem hann gerir.“

GUÐLAUGUR G. SVERRISSON, STJÓRNARFORMAÐUR OR, UM SKÝRINGAR VILHJÁLMS EGILSSONAR Á ÞVÍ AÐ LÍFEYRISSJÓÐURINN GILDI TÓK EKKI ÞÁTT Í SKULDABRÉFAÚTBOÐI FYRIRTÆKISINS.
Fréttablaðið, 17. mars

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÚLFAR JÓNSSON, IPGA-GOLFKENNARI

Glæsilegt golfsumar er fram undan

„Það sem efst er á baugi hjá mér þessa dagana er einfaldlega að kenna golf frá morgni til kvölds. Golfáhugafólk sprettur nú fram eftir að Vetur konungur gaf eftir og ekki skemmir fyrir að dagurinn lengist jafnt og þétt,“ segir Úlfar Jónsson golfkennari.

Úlfar er ekki einungis golfkennari heldur gegnir hann starfi íþróttastjóra hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar (GKG). „Við erum að kynna stefnumótun klúbbsins með pompi og prakt á morgun [í dag]. Þar verða skýrðar línur í afreksstefnu okkar og almennri uppbyggingu á golfklúbbnum fyrir íþróttafulltrúum bæjarfélaganna sem standa að GKG, bæjarstjórum og öðrum sem koma að málefnum íþróttarinnar. Við höfum unnið mikla vinnu á undanförnum mánuðum við þetta verkefni og er formlega lokið með kynningunni. Við boðum ekki neinar byltingarkenndar breytingar en við viljum skerpa áherslur.“

Úlfar segir að ekki sé horft til afreksfólks eingöngu heldur þvert á móti einnig til barna- og unglingastarfsins og eldri kylfinga. „Við kynnum einnig nýjan einkennisklæðnað GKG sem er ekki algengt hjá golfklúbbum hérlendis. Með því viljum við efla samstöðuna í félaginu og viljum að félagar í klúbbnum þekkist á velli.“

Úlfar segir að það fari ekki vel saman að kenna golf og æfa golf með keppni í huga. Þess vegna hefur hann einbeitt sér að því að sinna fjölskyldunni utan vinnutímans.

Spurður um væntingar til næstu mánaða segir Úlfar að allt stefni í frábært golfsumar. Vellir komi vel undan vetri og áhugi á íþróttinni vaxi ár frá ári.

TUNGUTAK:

Einn bókstafur breytir öllu

■ **Einn bókstafur getur miklu breytt. Það sannar ypsilonið. Þannig skal maður varast að *reyta* gróður í görðum annarra, vilji maður ekki *reita* neinn til reiði. Og ef maður harð*neitar* því að *neyta* alls matar síns er hugsanlegt að manni verði *leyft* að *leifa* afganginum.**

Selir *hreyfa hreifana*, en ef þeir drekka úr *síki* gætu þeir *sýkst* af einhverri óværu. Afríku*fíll* og *fýllinn* fljúgandi eru líka alls óskyldar dýrategundir.

Ef styrjöld skellur á gæti einhver þurft að *birgja* sig upp af matvælum, og *byrgja* síðan fyrir allar dyr og glugga. Sá hinn sami gæti líka viljað *gyrða* sig í brók og *girða* umhverfis garðinn sinn. - sh

250 ára afmæli Landlæknisembættisins

Hátíðardagskrá

í Hátíðarsal Háskóla Íslands
afmælisdaginn 18. mars 2010, kl. 13:00 – 17:30

Fundarstjóri: Örn Bjarnason yfirlæknir

13:00 – 13:30 ***Setningarathöfn***
Ávarp Alfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra
Afmæliskveðja Margrétar Björnsdóttur, s. forstjóra Lýðheilsustöðvar

13:30 – 14:00 ***Fyrsti landlæknirinn og umhverfi hans***
Erla Doris Halldórsdóttir, hjúkrunar- og sagnfræðingur

14:00 – 14:30 ***Tveir landlæknar á 19. öld og ólíkar áherslur þeirra***
Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur

14:30 – 15:00 ***Georg Schierbeck, landlæknir og garðyrkjumaður***
Óttar Guðmundsson geðlæknir

15:00 – 15:20 ***Hlé***

Fundarstjóri: Sigurður Guðmundsson, fyrrum landlæknir

15:20 – 15:40 ***Landlæknisembættið og sóttvarnir***
Þórólfur Guðnason yfirlæknir

15:40 – 16:10 ***Þróun Landlæknisembættisins í 250 ár***
Jón Ólafur Ísberg sagnfræðingur

16:10 – 16:15 ***Afmæliskveðja***
Ólafur Ólafsson, fyrrum landlæknir

16:15 – 16:30 ***Lokaorð***
Geir Gunnlaugsson landlæknir

16:30 – 17:30 ***Veitingar***

Málþingið er haldið í samvinnu við Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og Lækningaminjasafnið og er opið öllum.

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Augl. hönn. 1236.70

Hættuleg háfjallaveiki leggst ekki bara á FÍFL

Háfjallaveiki er ekkert gamanmál, eins og félagar í FÍFL – Félagi íslenskra fjallalækna – fengu að kynnast í hlíðum fjallsins Kilimanjaro árið 2007. Þeir segja frá reynslu sinni á Hotel Nordica í kvöld, auk þess sem læknirinn og fjallageitin Michael Grocott segir frá einstökum leiðangri sem hann fór fyrir á fjallið Everest.

Á TINDI MONTE ROSA Orri Einarsson, Tómas Guðbjartsson, Engilbert Sigurðsson og Magnús Gottfreðsson læknar og fjallamenn á næsthæsta tindi Vestur-Evrópu. Þeir ætla að deila reynslu sinni af háfjallaveiki í fræðslufundi í kvöld.

FJALLAMENN Tómas, Engilbert og Magnús með merki Félags íslenskra fjallalækna, FÍFL. Félagar í FÍFL hafa mikið yndi af fjallamennsku og hafa gengið á fjölda tinda, meðal annars Kilimanjaro og Monte Rosa.

Félag íslenskra fjallalækna, FÍFL, er óformlegur félagsskapur lækna sem hafa yndi af fjallamennsku. Þeir hafa gengið saman á fjölda tinda, meðal annars Kilimanjaro og Monte Rosa. Tómas Guðbjartsson, prófessor og yfirlæknir á skurðdeild Landspítalans, er einn af forsprökkum FÍFL.

„Félagið byrjaði sem óformlegur félagskapur, blanda af gamni og alvöru, og samanstendur af læknum sem bjuggu erlendis í sérnámi og eru virkir í háfjallamennsku. Samhliða því höfum við verið ráðgefandi fyrir fjallaleiðangra.

Árið 2007 fórum við á Kilimanjaro, hæsta tind Afríku. Við vorum tíu í hópnum, þar af sex FÍFL ásamt mökum. Þrír okkar voru í toppformi; Magnús Gottfreðsson, sem hafði nýlega hlaupið maraþon á vel innan við þremur klukkustundum, Engilbert Sigurðsson á rúmum þremur, og sjálfur var ég í landsliðinu í skvassi. Það kom okkur því töluvert á óvart að þrátt fyrir góðan undirbúning urðum við töluvert veikir á fjallinu og það skrítna var að mikil þolþjálfun virtist ekki vernda okkur gegn þessu. Eiginkonur tveggja okkar fundu hins vegar nánast ekki fyrir neinu en þær höfðu haft áhyggjur af því fyrirfram að vera ekki í nógu góðu formi fyrir gönguna.“

Þrátt fyrir veikindin komust sex úr hópnum klakklaust á tindinn og aftur til baka. Flestir höfðu fengið einkenni vægrar háfjallaveiki en einn greindist þó með alvarlegan lungnabjúg og vægan heilabjúg.

Eftir ferðina á Kilimanjaro fóru læknarnir að velta háfjallaveiki fyrir sér og áhrifum súrefnisskorts á líkamann.

„Við urðum hálfpartinn helteknir af þessu,“ segir Tómas. „Í ársbyrjun 2008 fengum við tvo sérfræðinga til að halda fyrirlestur fyrir lækna um háfjallaveiki. Annar þeirra var Michael Grocott, enskur læknir, fjallamaður og fyrirlesari á heimsmælikvarða. Eftir að hafa hlustað á hann tala fyrir troðfullum sal lækna ákváðum við að reyna að endurtaka leikinn, en í þetta sinn bjóða upp á fyrirlestur fyrir almenning og koma þannig til móts við þann mikla áhuga sem hefur vaknað á fjallamennsku hér á landi.“

Háfjallaveiki stafar af súrefnisskorti og gerir vart við sig þegar komið er yfir þrjú þúsund metra hæð. Hún setur þar af leiðandi ekki strik í reikninginn í fjallaferðum á Íslandi. Tómas bendir hins vegar á að á undanförnum árum hafi æ fleiri Íslendingar farið utan í háfjallaferðir, í fjallgöngur og skíðaferðir. Háfjallaveiki er því vandamál sem læknar hér á landi verða að þekkja til. „Við lentum sjálfir í því á Kilimanjaro að gera okkur ekki nægilega grein fyrir að við værum orðin veik, þrátt fyrir að vera læknar.“

Tómas segir að besta leiðin til að fyrirbyggja háfjallaveiki sé að gefa sér tíma til hæðaraðlögunar. „Það hefur verið okkar boðskapur. Við letjum engan til að fara en hvetjum fólk til að flýta sér hægt og aðlagast hæðinni.

Fyrirlesturinn í kvöld er sérstaklega sniðinn fyrir almenning og segir Tómas að hann ætti að höfða til allra áhugamanna um útivist og fjallgöngur sem og mannslíkamann. „Grocott er frábær fyrirlesari. Hann ætlar að lýsa göngunni á topp Everest og þeim vandamálum sem leiðangursmenn þurftu að glíma við.“

Fyrirlesturinn hefst klukkan 20 á Hotel Nordica í kvöld og er öllum opinn.

bergsteinn@fretttabladid.is

MICHAEL GROCOTT

Michael Grocott er heimsþekktur fjallagarpur og gjörgæslulæknir frá Lundúnum. Hann hefur klifið mörg hæstu fjöll heims, þar á meðal Everest-fjall. Í maí 2007 fór hann fyrir stærsta leiðangri sinnar tegundar, Xtreme Everest, á samnefnt fjall, þar sem áhrif súrefnisskorts á mannslíkamann voru rannsökuð. Rúmlega 200 manns tóku þátt í leiðangrinum, þar á meðal átta læknar sem náðu á tindinn og tóku sýni úr sér á leiðinni. Leiðangurinn vakti heimsathygli og voru honum gerð skil í sjónvarpsþáttum á BBC, Everest: Doctors in the Death Zone, sem sýndir voru hér á landi í fyrra.

EINKENNI HÆÐARVEIKI

Bráð háfjallaveiki, væg: Höfuðverkur, lystarleysi, ógleði, svefntruflanir.
Bráð háfjallaveiki, meðal: Höfuðverkur (svarar verkjalyfjum), lystarleysi, ógleði, svefntruflanir, sundl.
Bráð háfjallaveiki, alvarleg: Höfuðverkur (svarar illa verkjalyfjum), mikil ógleði, uppköst og mikil þreyta.
Háfjallaheilabjúgur: Höfuðverkur (svarar illa verkjalyfjum), uppköst, sljóleiki, sundl og syfja.
Háfjallalungnabjúgur: Skert hreyfigeta, þurr hósti, mæði í hvíld, blóð í hráka og andnauð.

66° NORÐUR

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

FÍFL

Allir velkomnir á fyrirlesturinn í kvöld

TOPPAÐU *með* 66°NORÐUR

& ÍSLENSKUM FJALLALEIÐSÖGUMÖNNUM

Michael Grocott leiddi stærsta leiðangur sinnar tegundar, Xtreme Everest á samnefnt fjall og rannsakaði áhrif súrefnisskorts á mannslíkamann. Leiðangurinn vakti heimsathygli og var sýndur m.a. á BBC. Michael mun lýsa göngunni á toppinn

í kvöld kl. 20:00 á Nordica Hótel.

www.66north.is • www.fjallaleidsogumenn.is

Útgjöldin
Meðalútgjöld heimilanna á ári 2006 til 2008



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: MÖRÐUR ÁRNASON ÍSLENSKUFRÆÐINGUR

Bestu kaupin fóru aldrei fram

„Miðað við árferðið núna held ég að bestu kaupin séu það sem ég keypti ekki síðasta áratuginn," segir Mörður Árnason íslenskufræðingur. Hann hafi hvorki keypt nýja íbúð né bíl síðasta áratuginn. Bestu kaupin hafi því sennilega verið reiðhjólin sem hann hafi ferðast á undanfarin ár, sér í lagi það síðasta.

„Síðasta hjóli hafði verið stolið af mér, svo ég þurfti að kaupa nýtt. Ég ákvað að splæsa í gott hjól af Trekgerð sem hefur reynst afskaplega vel. Á því get ég farið hratt yfir og það hefur reynst mjög úthaldsgott," segir Mörður.

Hann segist oft hafa gert slæm kaup, þótt hann reyni helst að gleyma þeim jafn óðum. Þau sem nú standi upp úr séu kaup á Ecco-skóm. „Þetta voru svartir og rennilegir blankskór, virðulegir skór en samt með smá rokkblæ," segir Mörður.

Eftir að hafa notað skóna mikið var sólinn orðinn lélegur. „Ég fór með skóna til skósmiðs, því það sá varla á þeim, fyrir utan sólann," segir Mörður. Skósmiðurinn sagði skónum ekki við bjargandi, enda virtist Ecco framleiða skóna í lélegum verksmiðjum sem vísvitandi framleiddu ekki skó sem entust lengi. „Ég harma þessi skókaup enn í dag, sem og starfshætti framleiðandans," segir Mörður.

GÓÐ HÚSRÁÐ

ULLARSÁPA Í RÚÐUPISSIÐ

■ *Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.*

„Eitt gott húsráð sem ég veit um snýr að því hvernig gott er að losna við fitu á framrúðu bíls," segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík. „Þá notar maður kóka kóla. Maður þrífur vel þurrkublöðin og lætur svo leka vel af kóki á rúðuna og blöðin. Síðan er bara hreinsað með vatni." Annað gott ráð sem tengist bílum og sumrinu segir Geir Jón vera að láta „ullarsápu" í rúðupissið á bílnum. „Það virkar mjög vel á flugurnar sem annars vilja sitja fastar."

■ Flett á gamla mátann

Þeir sem vilja spara sér peninga ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir hringja í ýmis þjónustunúmer, svo sem símaskrá og klukku.

Viðskiptavinur hjá Tali skoðaði símreikninginn sinn um daginn og sá sér til undrunar að í hvert sinn sem hann hringdi í 118 borgaði hann minnst 149 krónur. Þegar hann notaði þjónustu Símaskrár í meira en eina mínútu, og minna en tvær, þurfti hann að borga 228 krónur.

Samkvæmt verðskrá Já er upphafsverð 118 65,5 krónur. Mínútuverðið að degi til er 59,5 krónur. Samtals eru það 125 krónur. Mínútuverð GSM-síma hjá Tali er svo 15 krónur í öll kerfi nema Nova. Samtals ættu það að vera 140 krónur. Ekki náðist í talsmann Símaskrár til að útskýra síðustu níu krónurnar í gær.

Neytendastofa hefur sektað Toys R Us og BYKO fyrir villandi auglýsingar:

Lögbrot að verðmerkja ekki vörur

Verslunum og fyrirtækjum er skylt að verðmerkja vörur sínar skýrt og greinilega. Sé það ekki gert getur Neytendastofa lagt á fyrirtækin stjórnvaldssektir.

Verðmerkingin má ekki vera villandi. Í nýjasta Neytendablaðinu kemur fram að Neytendastofa hefur meðal annars sektað verslanirnar Toys R Us og BYKO fyrir þetta.

Sú fyrri var sektuð fyrir að auglýsa tilboðsverð án þess að geta sýnt fram á að annað verð hefði áður gilt. BYKO var hins vegar sektað fyrir að auglýsa tuttugu prósenta afslátt á vöru, án þess að hafa lækkað verðið.

Verði neytendur varir við að verðmerkingar vanti eða að þær séu villandi ættu þeir að gera verslununinni vart við og sjá hvort ekki verður bætt úr vandanum.

ÞETTA ER BANNAÐ

- Að setja vöru á „tilboð", án þess að lækka verðið.
- Að gefa ekki upp fyrra verð þegar vara er á tilboði.
- Að nota orð eins og „gjöf" eða „ókeypis".
- Að tala um rýmingarsölu, nema verslunin hætti eða sölu á ákveðnum vöruflokki sé hætt.
- Að selja vöru lengur en í sex vikur á tilboði. Eftir þann tíma er verðið orðið að venjulegu verði.

Heimild: Neytendablaðið

En einnig er hægt að láta Neytendastofu vita. Á heimasíðu stofnunarinnar má til að mynda senda inn nafnlausar ábendingar.

GRÆNMETISBORÐ Misjafnlega vel er staðið að verðmerkingum í verslunum. Neytendur eru hvattir til að láta vita ef verð vantar og eða ef það er villandi.

30% AFSLÁTTUR

NÝTT BAÐ FYRIR PÁSKA

Eitt flottasta úrval landsins

Hvítt háglans 162 x 48 sm

122 FULNINGUR Hvítt 122 x 48 sm

til afgreiðslu af lager

HVÍTTUD EIK 92 x 48 sm

HLYNUR 120 x 48 sm

DUCAL Eik/Háglans 80 x 48 sm

104 Epli 120 x 48 sm

104 Hvítt 122 x 48 sm

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Lagerútsala!

stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm

Bak við Holtagarða!!

ekki missa af þessu!!

Aðeins í 4 daga !



• gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.

Lagerútsalan hefst í dag

30-70% afsláttur

fim - fös frá kl. 13 - 18
lau frá kl. 11 - 16
sun frá kl. 13 - 17

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Betra BAK

skoðun

greinar@frettabladid.is

Af hverju fær fólkið sem á lífeyrissjóðina ekki að ráða því hverjir stjórna þeim?

Lýðræðissjóðir?

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Þótt lífeyrissjóðir landsmanna hafi orðið fyrir miklu áfalli í hruninu og tapað stórlega á fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum, situr að mestu leyti sama fólkið í stjórnum þeirra og fyrir hrun. Í fréttaskýringu hér í blaðinu í gær kom fram að þrír af hverjum fjórum stjórnarmönnum í sex stærstu lífeyrissjóðunum hafa setið þar frá því fyrir hrun.

Í Fréttablaðinu var jafnframt fjallað um kröfur, sem heyrzt hafa í verkalýðshreyfingunni undanfarin ár og áratugi, um að vali í stjórnir sjóðanna verði breytt og sjóðfélögunum sjálfum leyft að kjósa þær á aðalfundum. Það á reyndar við í örfáum, litlum sjóðum. Almenna reglan er hins vegar sú að verkalýðsforingjar og fulltrúar atvinnurekenda skipta stjórnarsætum í lífeyrissjóðunum á milli sín í hugguleghеitum. Kröfur um breytingar hafa ekki fengið neinn hljómgrunn hjá forystu aðila vinnumarkaðarins, hvorki hjá vinnuveitendum né verkalýðsforystunni.

Stjórnarseta í lífeyrissjóðunum hefur tryggt verkalýðsforkólfum og atvinnurekendum bæði völd og hlunnindi, í krafti peninga sjóðfélaganna.

Samt liggur það alveg ljóst fyrir hverjir eiga lífeyrissjóðina. Það er fólkið, sem hefur lagt hluta af launum sínum í þá. Þótt talað sé um mótframlag vinnuveitenda í sjóðina, er það auðvitað aðeins hluti af starfskjörum og eign launþegans eins og önnur laun. Atvinnurekendur og verkalýðsforysta þurfa ekki að hafa vit fyrir fólki um hvernig það fer með þessa peninga. Við þurfum ekki að hafa forystusveit aðila vinnumarkaðarins með okkur í bankann eða búðina til að hafa eftirlit með því hvernig við verzlum eða ráðstöfum sparifénu okkar. Hún þarf ekki heldur að hafa vit fyrir okkur á vettvangi lífeyrissjóðanna.

Líklegasta skýringin á tregðu verkalýðs- og vinnuveitendaforystunnar til að verða við kröfum um lýðræði í lífeyrissjóðunum er að stjórnarsetan þar hefur tryggt þessum hópi bæði völd og hlunnindi. Í krafti peninga sjóðfélaganna hafa fulltrúar hans setið í stjórnum fyrirtækja og átt ýmis önnur ítök í viðskiptalífinu. Þátttaka þeirra í ákvörðunum þar hefur samt ekki verið tóm snilld, eins og dæmin sanna.

Nú hafa þingmenn úr þremur flokkum lagt fram frumvarp á þingi, þar sem lagt er til að tekið verði upp lýðræði í lífeyrissjóðunum. Stjórnir þeirra verði kosnar á ársfundi af sjóðfélögunum. Atvinnurekendum yrði samkvæmt frumvarpinu heimilt að bjóða sig fram til stjórnarsetu, en þeir mættu þó ekki vera í meirihluta í stjórninni, eðli málsins samkvæmt.

Full ástæða er til að þetta frumvarp fái umræðu og skoðun. Krafan um aukið lýðræði er sterk í samfélaginu og það er eðlilegt að hún komi fram á vettvangi lífeyrissjóðanna eins og annars staðar. Ef sjóðfélagar velja sjálfir fólkið, sem tekur ákvarðanir um hvernig fé þeirra er ávaxtað, má gera ráð fyrir að meiri endurnýjun verði í stjórnum lífeyrissjóðanna. Það gæti jafnvel hugsazt að kynjahlutföllin í stjórnunum jöfnuðust, en nú er aðeins um þriðjungur stjórnarmanna í stóru sjóðunum konur.

Kjarni málsins er þessi: Sjóðfélagar lífeyrissjóðanna eiga þá og eiga að ráða því hvernig þeim er stjórnað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

En samt krafa

Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, ritaði nýverið grein í það blað. Varar hann við banvænni blöndu viðskiptalífs og stjórnmála sem brugguð hafi verið á síðustu árum. Óhætt er að taka undir þetta, en sérstaka athygli hljóta að vekja orð Styrmis um Sjálfstæðisflokkinn og peninga fyrr á tíðum. Eldri kynslóðir kaupsýslumanna sem gáfu fé til flokksins „kunnu sig að því leyti til að þeir sýndu hófsemd í kröfum, sem þeir gerðu í krafti fjárframlaga til flokkanna“.

Hófsemd kannski, en af þessu má augljóst vera að kröfurnar voru til.

Árás í nafnleysi

Mörgum hefur orðið tíðrætt um að víða á Netinu megi finna fólk sem skáki í skjóli nafnleysis í árásum sínum. Á það skal ekki lagt mat hér, en tímaritið Þjóðmál hefur nú tekið upp þennan sið með langri grein um skítlegt eðli ýmissa, aðallega sagnfræðings, embættismanns og forsetans. Vonandi er þetta ekki það sem koma skal.

Þjóðaratkvæðagreiðsla?

Mikið hefur verið rætt og ritað um Alex Jurshevski, sem titlar sig sérfræðing í skuldum þjóða. Alex var í viðtali í Silfri Egils og fleiri fjölmiðlum, en síðan hafa þær raddir heyrst að hann sé einn þeirra manna sem flakki um heiminn og græði á bágstöddum þjóðum. Egill skrifaði á blogg sitt í gær um málið og lesendur voru ekki lengi að taka við sér, frekar en fyrri daginn. Einn þeirra taldi málið liggja ljóst fyrir; þjóðin væri sammála Jurshevski um að taka ekki fleiri lán. Það sýndi skoðanakönnun á Útvarpi Sögu þar sem 90 prósent hlustenda hefðu lýst því yfir. Ætli forsetinn boði brátt til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið?

kolbeinn@frettabladid.is

Skjögrandi á háum hælum

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Heilagar kýr

Ég lýsti því á þessum stað fyrir tæpu ári, þá var liðið hálft ári frá hruni, að Íslendingar hefðu á liðnum árum leyft sér ýmsan munað. Ég tók landbúnaðinn sem dæmi. Í bráðum sjötíu ár hafa margir gagnrýnt búverndarstefnuna og talið hana leggja of þungar byrðar á neytendur og skattgreiðendur. Stjórnvöld hafa þó alla tíð daufheyrzt við gagnrýninni á tveim forsendum. Önnur forsendan hvíldi á kaldri pólitískri staðreynd: bændur höfðu meiri þingstyrk en neytendur, þótt neytendur séu margfalt fleiri en bændur. Hagur neytenda er dreifður öndvert þjöppuðum hag bænda. Ójafnt vægi atkvæða eftir búsetu reið baggamuninn. Hin forsendan var hagræn og kom síðar til sögunnar: mörgum sýndist, að eitt ríkasta land heims hlyti að geta leyft sér dýra búvernd innan um alla jeppana og annan lúxus. Hvað munaði um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni?

Kýrnar halda hópinn

Nú er síðari forsendan brostin í bili. Jeppunum hefur fækkað, meira um það að neðan. Búverndin hefur verið heilög kýr. Jafnvel Alþýðusambandið hefur ekki enn fengizt til að beita sér gegn búverndarstefnunni, ekki einu sinni eftir hrun, þótt hún komi verst niður á þeim, sem lægst hafa launin. Alþingi hefur sótt um aðild Íslands að ESB. Tilskilin áskrift að landbúnaðarstefnu ESB mun kosta neytendur og skattgreiðendur um helmingi minna fé en núgildandi skipan, og leggur landbúnaðarstefna ESB þó þungar byrðar á almenning í álfunni og einnig á bændur utan álfunnar. Aukin skuldabyrði almennings og minni kaupmáttur eftir hrun kallar á fordómalausa endurskoðun fyrri lifnaðarhátta og hugmynda.

Heilögu kýrnar eru margar og halda hópinn. Ein þeirra er skipulag Reykjavíkur og nágrennis. Dreifbýlishugsjónin að baki borgarskipulaginu hefur reynzt Reykvíkingum og landsmönnum öllum dýr á heildina litið, en henni hefur verið haldið til streitu á sömu forsendum og búverndarstefnunni. Pólitíska forsendan er, að landsbyggðarþingmönnum þykir heppilegt að hafa Reykjavíkurflugvöll í hjarta borgarlandsins hvað sem það kostar, og þeir hafa þingstyrk til að standa vörð um þá skipan. Hagræna forsendan – hvað er einn flugvöllur milli vina? – er á hinn bóginn brostin eins og í landbúnaðardæminu.

Dreifð borg

Reykjavík er miklu dreifbýlli en hún þyrfti að vera. Í evrópskum borgum búa að jafnaði 7.500 manns á hverjum ferkílómetra byggðs lands, en rösklega 2.500 manns á hverjum ferkílómetra í Reykjavík (og 1.500 á hverjum ferkílómetra á höfuðborgarsvæðinu). Þessi munur stafar einkum af því, að borgin hefur með tímanum breiðzt út yfir stórt svæði. Hjarta borgarlandsins var frátekið fyrir herflugvöllinn, sem Bretar reistu í stríðinu og samgönguyfirvöld gerðu að borgaralegum flugvelli 1946 gegn hagsmunum og andmælum Reykvíkinga. Dreifbýlisstefnan leggur þungar byrðar á borgarbúa. Hví skyldum við halda áfram að bera þær eins og ekkert hafi í skorizt?

Markaðsvirði landsins, sem borgin og ríkið eiga undir flugvellinum, fer eftir því, hversu mörgum heimilum og fyrirtækjum er ætlað húsrými á svæðinu. Með svipaðri nýtingu og í gamla miðbænum er virði landsins nú talið vera rösklega 100 milljarðar króna. Sparnaðurinn, sem fylgja myndi minni bílaeign í þéttbýlli borg, vegur þó til langs tíma litið þyngra en markaðsvirði Vatnsmýrarlandsins.

Skoðum tölurnar. Fjöldi skráðra fólksbíla á hverja þúsund íbúa í árslok 2008 var 660 á Íslandi á móti 350 og 460 í Danmörku og Svíþjóð. Bílaeign á þúsund íbúa er minni í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi en hún er á landsvísu í Danmörku og Svíþjóð, þar eð þéttbýlið í borgunum dregur úr þörfinni fyrir bíla eins og Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi hefur bent á. Hér heima er þessu öfugt farið. Bílaeign á þúsund íbúa er meiri í Reykjavík en á Íslandi öllu, þar eð borgin er svo dreifð. Væri bílaflotinn dreginn saman til jafns við Danmörku og Svíþjóð, myndi fólksbílum fækka um 200 til 300 á hverja þúsund íbúa eða um allt að 95 þúsund bíla. Hver fólksbíll kostar að jafnaði eina milljón króna á ári í rekstri, og er þá kaupverð bílsins ekki talið með og ekki heldur tafirnar og annar kraðakskostnaður, sem of margir bílar leggja á umhverfið. Það munar um minna en 95 milljarða króna á ári. Þessi fjárhæð dygði ein sér fyrir obbanum af vaxtagreiðslum ríkisins af innlendum og erlendum skuldum mörg næstu ár, með IceSave og öllu saman.

Fíkniefnahundar í skólum

UMRÆÐAN
Árni Einarsson skrifar um forvarnir

ÁRNI EINARSSON

Talsverð umræða hefur orðið um þá ákvörðun Tækniskólans að láta sérþjálfaða fíkniefnaleitarhunda fara um húsnæði skólans. Þessi aðgerð Tækniskólans er síður en svo einsdæmi. Margir framhaldsskólar hafa á undanförnum árum kallað reglulega til fíkniefnaleitarhunda og látið þá fara um skólahúsnæði og/eða vistarverur nemenda.

Framhaldsskólum ber samkvæmt lögum að hvetja nemendur til heilbrigðs lífernis og heilsuræktar. Sérhver framhaldsskóli skal setja sér stefnu um forvarnir og gera grein fyrir henni. Það gera skólarnir með ýmsum hætti, s.s. á fundum með foreldrum og á heimasíðum sínum. Margir skólanna eru með heimsóknir fíkniefnaleitarhunda á forvarnadagskrá sinni og þær ættu því ekki að koma starfsfólki, foreldrum og nemendum í opna skjöldu. Að sjálfsögðu er tímasetning slíkra heimsókna ekki auglýst fyrirfram. Þá væri aðgerðin til lítils. Ekki verður annað séð en að foreldrar og nemendur séu almennt sáttir við heimsóknir fíkniefnaleitarhundanna og skilji tilganginn með þeim.

Seljendur og dreifendur fíkniefna eru ágengir og ekki vandir að meðulum. Ungt fólk er helsti markhópur þeirra. Það er því eðlilegt og mikilvægt að framhaldsskólarnir geri það sem í þeirra valdi stendur til þess að sporna við neyslu og sölu fíkniefna innan veggja þeirra. Með heimsóknum fíkniefnaleitarhunda senda skólarnir skýr skilaboð um að fíkniefni eigi ekki heima innan veggja þeirra. Með því eru skólarnir að rækja það hlutverk sitt að vernda nemendur sína og standa vörð um hag þeirra og velferð.

Ég hef um árabil verið í samstarfi við forvarnafulltrúa framhaldsskólanna og það er ljóst að skólarnir leggja sig almennt fram um að gera vel í forvarnastarfi sínu. Það má áreiðanlega endalaust deila um bæði stefnu og framkvæmd framhaldsskólanna í forvörnum, þar á meðal heimsóknir fíkniefnaleitarhunda. Skólarnir þurfa vissulega aðhald og leikreglur í því starfi, en líka hvatningu, stuðning og skilning á því sem þeir eru að gera. Það er stjórnvalda, foreldra og fjölmiðla að veita þann stuðning.

Höfundur er framkvæmdastjóri Fræðslu og forvarna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Biblía

Biblían
BÓK BÓKANNA

TVÆR STÆRÐIR • FIMM MISMUNANDI ÚTFÆRSLUR • 1872 BLAÐSÍÐUR

Fermingargjöf fyrir lífið

HÖRÐ SPJÖLD
SVART UNNIÐ SKINN

HÖRÐ SPJÖLD
RAUTT FLAUEL

MJÚK SPJÖLD
SVÖRT LEÐURÁFERÐ

MJÚK SPJÖLD
RAUTT UNNIÐ SKINN

MJÚK SPJÖLD
HVÍT LEÐURÁFERÐ

NÝJA TESTAMENTIÐ
HLJÓÐBÓK

Biblían er prentuð í tveimur litum.
Hún inniheldur tímatal, litprentuð kort á átta blaðsíðum,
orðaskýringar og yfirlit yfir mikilvæga ritningarstaði.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Hvað kostar sanngirni?

UMRÆÐAN

Lára Magnúsardóttir skrifar um sanngirnisbætur

LÁRA MAGNÚSARDÓTTIR

Samkvæmt frumvarpi um „sanngirnisbætur“ sem lagt verður fyrir þingið fljótlega geta fórnarlömb misréttis á Breiðavíkurheimilinu, Heyrnleysingjaskólanum og fleiri gömlum opinberum stofnunum sótt fébætur frá ríkinu. Þær verða ákveðnar eftir mat á skaða sem einstakir vistmenn urðu fyrir, en sönnunarbyrðin á að vera minni en gengur og gerist í skaðabótamálum.

Það er gleðiefni að stjórnvöld horfist í augu við að hér hafi verið stofnanir sem ollu miklum skaða. Þar vegur þyngst „viðurkenningin sem í þessu felst fyrir fórnarlömbin, á aðstæðum þeirra og misréttinu sem þau máttu þola“, eins og Bárður Ragnar Jónsson hefur sagt.

Það má þó gera athugasemdir við leiðina sem farin er að því að leysa þetta óhugnanlega mál vegna þess að hún gæti haft í för með sér viðbótarniðurlægingu fyrir þá sem á nú loksins að sýna fullan sóma og ólíklegt er að með þessu takist að ljúka málinu. Hins vegar eru færar leiðir sem gætu orðið ódýrari og skilað sér í meiri bata fyrir vistmennina fyrrverandi og kerfið í heild sinni.

Á Vesturlöndum hafa þróast þrjár meginleiðir til þess að leysa úr deilumálum með formlegum og varanlegum hætti. Því má ekki gleyma að markmiðið er þó alltaf að leysa mál – hið formlega umhverfi er búið til í þeim tilgangi.

Auga fyrir auga

Fyrsta meginreglan er ævaforn: Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn – að gjalda líku líkt – sem þýðir að missi maður auga af annars völdum, þá gefur sá sem miskanum olli honum augað úr sér. Þessa reglu er ekki hægt að taka bókstaflega enda hefur verðmæti þess sem eyðileggst ávallt verið metið eftir lögum eða með samningum og bótin greidd samkvæmt því. En þess vegna er athyglin öll á áverkunum í þessari aðferð. Hún er vel þekkt hérlendis úr Íslendingasögunum sem eru fullar af nákvæmum lýsingum á sárum og drápsaðferðum, vegna þess að það var nauðsynlegt að þekkja öll smáatriði meiðslanna svo hægt væri að reikna bæturnar. Þess vegna skipti heldur ekki meginmáli hvort hann varð með ásetningi eða fyrir slysni, því skaðinn var jafnmikill á hvorn veginn sem var.

Auðmýkingin sem gat falist í að fá tjónið ekki metið var verri en skaðinn sjálfur og aðalatriði var að gangast við eigin verkum. Það varðaði ekki aðeins heiður þess sem missti einhvers heldur einnig drengskap gerandans. Í sögulegu samhengi Íslendingasagna hefur verið bent á að gallinn við þetta fyrirkomulag var að málaferli gátu dregist á langinn. Óánægja með bætur sem greiddar voru á einum tíma gátu lifað áfram í næstu kynslóð og stundum voru mál tekin upp aftur löngu eftir að þeim átti að vera lokið.

Réttarkerfið og samningsleiðin

Yngri meginregla sem notuð er í vestrænum ríkjum til að ljúka deilumálum gerir ráð fyrir að ákveðin hegðun sé leyfð og önnur bönnuð. Þyki sannað að maður hafi af ásetningi gert það sem er bannað er hann sekur um tiltekið athæfi eða lögbrot. Það er hið opinbera sem verður fyrir „skaða“ og það fær sínar bætur þegar hinn tekur út refsingu sem er innan fyrirfram ákveðins ramma. Refsingin er jafnframt öðrum til viðvörunar og á að stuðla að því að hinn brotlegi bæti ráð sitt. Í slíku kerfi er athyglin annars vegar á því hvort og hvaða brot hefur verið framið, en hins vegar hvort um sé að ræða ásetning. Þyki sannað að ásetningur hafi ekki verið fyrir hendi er refsingin mildari eða jafnvel kemur til sýknu, en hafi brotið komið til vegna gáleysis getur það verið saknæmt í sjálfu sér.

Kerfin tvö eru skyld og aðgreining milli þeirra er ekki einhlít. Í stórum dráttum þróuðust þessar tvær meginreglur þó í opinber sakamál og refsirétt annars vegar en einkamál, skaðabótarétt og tryggingar hins vegar. Í þriðja lagi hefur alltaf verið til sú leið að semja um endanlega lausn á deilum, oft með milligöngu þriðja aðila. Þá gangast báðir aðilar inn á það fyrirfram að lausnin verði bindandi, vandinn felst í því að finna nálgun sem báðir aðilar sætta sig við.

Ólíkleg sáttaleið

Eftir fréttum að dæma hefur hið opinbera nú komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið staðið rétt að skipulagi stofnananna sem um ræðir, að þær hafi beinlínis unnið gegn þeim markmiðum sem þeim voru sett. Leiðin sem valin er til að ljúka málum virðist vera hin gamla aðferð, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn; ef þú getur sýnt mér nákvæmlega hvar og hvernig hvernig þinn skaði er borga ég þér jafngildi þess. Þessi leið þýðir að allir sem hafa dvalið á slíkum heimilum þurfa að auðmýkja sig með því að tilgreina skilmerkilega þann miska sem þeir telja sig hafa orðið fyrir. Þá verður ekki aðeins sóað tíma og peningum í að rifja upp vondar minningar, heldur verða þeir neyddir til að skilgreina sig sem ónýtt fólk – allt í því skyni að ríkið getið talið ofan í þá krónur fyrir skaða sem það er í raun búið að taka ábyrgð á. Þetta verður langdregið og vont og margir verða ósáttir við útkomuna, vegna þess að það er innbyggt í þetta ferli að sá sem heldur utan um peningana þrætir, rengir og andmælir þeim sem sækja. Það leiðir til þess að hið opinbera fer óviljandi að verja aðferðafræði hinna gömlu barnaheimila sem það vill samt sem áður fordæma. Málaferlin verða dýr í peningum talið og bjóða heim þeirri hættu að um ófyrirséðan tíma haldi þetta gamla óréttláti áfram að hvíla á einstaklingum og ríkinu.

Hið besta úr þremur leiðum

Skynsamlegra væri að nota hið besta úr þeim þremur leiðum sem eru fyrir hendi til að klára málið. Með frumvarpinu og afsökunarbeiðni forsætisráðherra hefur ríkið játað sök, sem af umræðunni má skilja að sé á því að hafa af gáleysi rekið skaðvænlegar stofnanir vegna þess að hugmyndafræðin og aðferðafræðin var slæm, að hafa beitt ófaglegum aðferðum við mannaráðningar og ekki sinnt eftirlitsskyldu og rannsóknum á afleiðingum og árangri. Í ljósi þessarar almennu sektar ríkisins gagnvart öllum þeim sem settir voru á stofnanirnar legg ég til að samið verði í eitt skipti fyrir öll um að ríkið greiði öllum sem voru vistaðir þar sömu bætur.

Fjárupphæðin yrði líklega hærri en nú er gert ráð fyrir, en engu fé yrði sóað í málaferli og lögfræðinga á síðari stigum – bæði hið opinbera og þeir sem fá bæturnar myndu líklega græða. Með því að standa við játninguna og viðurkenna afglöpin í heild sinni sýndi ríkið drengskap og fyrrverandi vistmönnum heimilanna væri sýnd sú virðing sem sóst er eftir. Það sem meira er um vert er að þannig má ljúka þrautagöngu vistmannanna í stað þess að lengja hana og staðfesta til lífstíðar með því að þvinga þá til að eyða tíma í að lýsa smáatriðum misþyrminga og skilgreina sig sem fórnarlömb og skemmt fólk – að öðrum kosti telji ríkið sig í rétti! Það er hægt að ljúka málinu í eitt skipti fyrir öll.

Málaflokkurinn endurskoðaður

Skilgreining á mistökum ríkisins ætti að þrýsta á að málaflokkurinn og undirstöður hans verði rannsakaðar og endurskoðaðar, jafnvel þótt langt sé um liðið. Með þessari aðferð kemur auk þess ekki til þess að undirstöðuatriði réttarkerfisins um sönnunarbyrði verði beygð til þess að ná fram tilteknum árangri í einstöku máli, sem er raunar stórhættulegt í réttarríki og vafasamt að standist nokkur viðmið laga eða stjórnarskrár.

Höfundur er sagnfræðingur með sérhæfingu á sviði hugmynda um glæp og refsingu.

HOLI
MATSEÐILL
Austur-Indíafjelagsins
Litríkur og dásamlegur

á aðeins 4.990 kr. sun.-fim.
og 5.990 kr. fös.-lau.

FORRÉTTUR

Prawn Pollichithu
Risarækjur eldaðar í blöndu af chillí, kúmeni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk

AÐALRÉTTIR

Kozhi Mappas
Kjúklingalundir eldaðar í meðalsterkri blöndu af kókosmjólk, túrmerik, karrýlaufum og grænu chillí
og

Gosht Charminar
Lambafillet marínerað í kúmeni, ristuðum sinnepsfræjum, laukfræjum, engiferi og hvítlauk
og

Rajma
Rauðar nýrnabaunir eldaðar í garam masala, tómötum, kúmeni og kóríander

MEÐLÆTI

Raitha
Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu
og

Basmati hrísgrjón
og

Naan brauð
Blanda af indversku brauði úr Tandoori-ofninum

EFTIRRÉTTUR

Nariyal Aam Barfi
Indverskur eftirréttur með mangó og kókosi

HOLI-hátíð

gleði, dans *og litríkur matur*

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **5.990 kr.** á föstudögum og laugardögum og aðeins **4.990 kr**. aðra daga!

Á föstudags- og laugardagskvöldum svífur dansfuglinn Mínerva inn í veitingasal okkar með sínum yndisþokka og dansi.

Borðapantanir í síma 552 1630.

HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvert annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík Sími: 552 1630
Opið: sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

Austur India fjelagid
www.austurindia.is

Vernd fyrir níðinga

UMRÆÐAN

Guðjón Sigurðsson skrifar um samfélagsmál

Það er alveg fyrir neðan allar hellur þegar stofnun hins opinbera snýst í andhverfu sína.

Fyrirsögnin er dæmi um það sem ég tel raunveruleika dagsins í dag. Sé barnaverndaryfirvöldum sent erindi vegna illrar meðferðar á barni í sveitarfélagi A þá er einfalt mál fyrir illvirkjann að flytja í sveitarfélag B og þá má ekki færa upplýsingar á milli sveitarfélaga. Níðingurinn er verndaður.

GUÐJÓN SIGURÐSSON

Katrín Ólína hefur brotist út úr stakki hreinræktaðrar vöruhönnunar og skapað einstakan formheim úr draumum og ævintýraminnum, undirvitund og þjóðsögum og á grundvelli hans vinnur hún með gríðarlega fjölbreytt róf hluta, útlitshönnunar og prentgripa. Þessi formheimur tekur sér bólfestu á snjóbrettum og hjálmum, á læknastofum og börum, á postulínsdiskum, hálsklútum, veggspjöldum og í sýningum í listasöfnum og galleríum. Verk hennar standa á mótum grafískrar hönnunar, innsetninga, útgáfu og vöruframleiðslu.

MYNDLIST Katrín Ólína sýnir loks hér á landi úrval af gripum sem hún hefur hannað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í tilefni af hönnunardögunum HönnunarMars sýnir Katrín Ólína nýja hlið á undraheimi sínum í húsakynnum Crymogeu við Barónsstíg. Liturinn í heiminum handan spegilsins hefur fengið ærlegt rothögg svo eftir standa burðarlínur draumsins – skjárinn er brotinn. Handan við hann standa myrkurslungnar plöntur og þjóðsagnakynjuð dýr í sinni nöktustu mynd. Sýndar eru teikningar á veggjum, merkingar og nýir nytjahlutir úr smiðju Katrínar Ólínu.

Í Crymogeu eru einnig til sölu veggspjöld, töskur og postulínsdiskar sem framleiddir hafa verið fyrir Katrínu Ólínu og skarta hönnun hennar. Flestar eru þessar vörur ófáanlegar hér á landi og verða seldar við vægu verði á meðan HönnunarMars stendur.

- pbb

BT Fermingargjafir

LOGIC 3 LEIKJASTÝRI

13.999

NINTENDO WII

54.999

49.999

NINTENDO DSI XL

Var að lenda

ótrúlega skemmtileg

93% stærri skjár

39.999

LOGIC 3 IPOD TENGIKVÍ

MIP199K

40W RMS
AM/FM útvarp
10 stöðva minni
LCD skjár
Fjarstýring

29.999
34.999

SONY PS3

120GB + leikur

79.999

CASIO EXZ2

EXZ2

Sú vinsælasta

12.1 milljón punkta upplausn
3x aðdráttarlinsa (35,5-106,5mm)
2,7" LCD skjár
EXILIM Engine 2.0
23 myndstillingar - Bestshot
Face Detection function gefur betri andlitsmyndir
ISO 64-1600
Videoupptaka með hljóði,16:9 (Hámarksupplausn 848x480 - 30fps)
Styður SD og SDHC minniskort
Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

24.999
29.999

SAMSUNG UPPTÖKUVÉL

FS30

Fyrir fermingunna !

34x optical zoom
42x digital zoom
2.7 " LCD skjár (112.000 pixels)
SD/SDHC minniskort

39.999

SAMSUNG U10

Upptökuvél

Háskerpu upptökuvél (Full HD)
Full HD Video upptaka (1920 x 1080 @30p)
2" LCD snertiskjár
10 milljón Pixla ljósmyndun
34 x optical zoom
Notar SD/SDHC kort
Video útgangur RCA

44.999

Full HD 1080

ION XPROFILE LP

Plötuspilari

Sá vinsælasti

Glæsilegur plötuspilari
Piano svört áferð
USB tengi – til að færa
Vinyl plötuna yfir á MP3
RCA tengi – til að tengja
við hljómtækjastæðu
Einfaldur hugbúnaður fylgir

24.999

ION PTUSB

Plötuspilari

Með innbyggðum hátalara

Glæsilegur plötuspilari
Innbyggðir hátalarar
Getur gengið fyrir rafhlöðum
USB tengi – til að færa
Vinyl plötuna yfir á MP3
RCA tengi – til að tengja
við hljómtækjastæðu
Line-in – tilvalið fyrir
segulbandstækið
Einfaldur hugbúnaður fylgir

29.999

DMTECH 19" MEÐ DVD

DTL-832E600

19" LCD sjónvarp með DVD spilara	
Upplausn	1440 x 900 dpi
Skerpa	1000 : 1
Viðbragstími	5 ms
Tuner	DVB-t
Tengi	Scart, HDMI, VGA tengi
12V og 240V	12V kapall seldur sér



19"

64.999
69.999

Lækkað verð

ION USB DJ GRÆJA

Allt sem þarf til að DJ-ast í tölvunni,
Crossfader til að skipta milli laga,
Bass og treble stýring,
Hugbúnaður fyrir upptöku
USB tengi

39.999

ION USB TROMMUSETT

USB tengt trommusett
Mikil hljómgæði
Öflugur hugbúnaður með ótal möguleikum
Æfingarprógramm

34.999
39.999

Lækkað verð

DMTECH 23" FULLHD MEÐ DVD

DTL-832E600

23" LCD Full HD sjónvarp með DVD spilara	
Upplausn	1920 x 1080 dpi
Skerpa	1000 : 1
Viðbragstími	5 ms
Tuner	DVB-t
Tengi	Scart, HDMI, VGA tengi
12V og 240V	12V kapall seldur sér



23"

84.999
89.999

Lækkað verð

Með fyrirvara um prentvillur,myndbrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

STAFRÆNN HÁKON

SCORPIONS

> Í SPILARANUM

Stafrænn Hákon - Sanitas
jj - jj no 3
Pavement - Quarantine The Past
Hudson Wayne - How Quick is Your Fish?
Scorpions - Sting In The Tail

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Loji með sólóplötu

Jaðarmerkið Brak er komið á fullt á öðru starfsári sínu og hefur þegar gefið út plötu með pönkbandinu Buxnaskjónum frá Akureyri. Önnur útgáfa ársins er sólóplata með Loga Höskuldssyni, eða Loja, eins og hann kallar sig. Platan heitir „Skyndiskyssur“ og eins og titillinn gefur til kynna inniheldur hún „skyssur“ af lögum sem Loji hefur tekið upp í gegnum árin. Skissurnar eru 18 talsins og upptökurnar hráar. Loji klippir þær svo til og límir þær saman á ný í mörgum lögunum.

Logi vakti fyrst athygli með hljómsveitinni We Painted the Walls í Músiktilraunum fyrir sex árum. Nú spilar hann á gítar og syngur með hljómsveitinni Sudden Weather Change, sem sigraði í flokknum „Bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaununum um síðustu helgi.


LOJI Brak hefur gefið út „Skyndiskyssur“ hans.

Glöggir hlustendur munu eflaust kannast við sum laganna, en textabrot af mörgum skissum hafa ratað í lög með Sudden Weather Change. Í tilefni af útgáfunni og nýrrar heimasíðu ætlar Brak að gefa ókeypis niðurhal af laginu „Blue Ray“ með Loja. Finnið það á slóðinni www.brakrecords.com.

- drg

Bluetones gefa út plötu

Breska britpopphljómsveitin The Bluetones er enn að. Meðlimir hennar hafa tilkynnt að sjötta breiðskífa sveitarinnar sé á leiðinni í sumar. Kallast hún A New Athens.

Bluetones öðlaðist frægð fyrir lagið Slight Return á britpopparunum. Blátónarnir neituðu að gefast upp þegar britpoppið fór úr tísku, héldu áfram að túra og njóta enn nokkurra vinsælda.

Þótt Slight Return hafi notið mikilla vinsælda komst það ekki á toppinn í Bretlandi. Spaceman með Babylon Zoo sló því við.

TÓNNINN GEFINN
Dr. Gunni

Úthald og afköst

Þótt það sé kannski að breytast núna, þá hefur breiðskífugerð löngum verið mælikvarði á úthald og afköst tónlistarmanna. Ég hef verið að spá í því hverjir séu „duglegastir“, ef svo má segja. Frank Zappa var gríðarlega afkastamikill. Hann skildi eftir sig 57 plötur og 23 í viðbót hafa komið út síðan hann lést. The Fall er að gefa út 28. plötuna, Your Future Our Clutter. Það er reyndar bara Mark E. Smith sem er búinn að vera í bandinu allan tímann og vitaskuld er auðveldara að halda saman hljómsveit ef maður er bara einn í henni. Stones eru komnir með 29 hljóðversplötur og aldrei að vita nema það komi ein enn.

Hvernig er þetta á Íslandi? Í fljótu bragði blasir við að Bubbi er kóngurinn þegar kemur að útgáfumagni. Hann heldur upp á 30 ára útgáfuafmæli í ár og útgefin frumsamin lög hans eru 542 talsins! Sólóplöturnar eru 24 en svo eru þetta fjórar Egó plötur, þrjár GCD plötur, auk platna með Utangarðsmönnum, MX-21, Das kapital og fleiri. Megas kemur líklega næstur með 26 plötur, en fólk eins og Bjartmar, Björk, Sverrir Stormsker, Maggi Eiríks og Gunnar Þórðarson hefur verið iðið og lengi að.



En hvað með böndin? Hvaða íslenska hljómsveit hefur gert flestar stúdíó- eða tónleikaplötur? Mér sýnist iðnustu böndin vera: Stuðmenn – 15 plötur, Sálin hans Jóns míns – 13 plötur, Ný dönsk – 10 plötur, Todmobile – 9 plötur og Spilverkið og Á móti sól – 7 plötur. Safnplötur eru ekki taldar með. Ágætis árangur er að ná fimm plötum á ferlinum, eins og til dæmis Sigur Rós, Botnleðja og Hljómar standa í núna.

Svo eru það böndin sem klikkuðu á að stimpla sig inn í sögubækurnar með breiðskífu. Mikið væri gaman ef Dátar, Facon, Taugadeildin og Náttfari hefðu gert stórar plötur. Það má svo sem alltaf benda á að magn er ekki það sama og gæði. Bítlarnir gerðu til dæmis „bara“ 12 breiðskífur en breyttu ekki bara tónlistarsögunni, heldur mannkynssögunni líka.

GOLDFRAPP Bæði tónlistin og útlitið hafa gengið í endurnýjun lífdaganna.

Poppskrefið stigið til fulls

Breska dúóið Goldfrapp sendir frá sér sína fimmtu plötu, Head First, eftir helgina. Trausti Júlíusson hlustaði á gripinn og er ekki frá því að hann eigi eftir að koma aðdáendum á óvart.

„Það er rúnnaðra yfirbragð yfir henni, finnst þér það ekki? Hún er ekki jafn göddótt.“ Þannig lýsir Alison Goldfrapp tónlistinni á nýju plötunni Head First, sem kemur út eftir helgina, í nýlegu viðtali. Það er ágæt lýsing. Þó að Goldfrapp hafi alveg sín sérkenni þá hafa plötur sveitarinnar alls ekki verið allar eins. Fyrsta platan, Felt Mountain, sem kom út árið 2000, innihélt stemningsfullt og margslungið rafpopp. Á næstu tveimur plötum, Black Cherry (2003) og Supernature (2005), réði dansskotið og á köflum dimmleitt elektró ríkjum, en á fjórðu plötunni Seventh Tree sem kom út fyrir tveimur árum var hægt á tempóinu og hljómurinn var hlýlegri með flautum og kassagíturum í bland við raftólin. Og nú er röðin komin að 80's poppinu.

Mikill metnaður

Goldfrapp er skipuð þeim Alison Goldfrapp og Will Gregory. Þau semja bæði tónlist og texta og spila á ýmis hljóðfæri og Alison syngur. Þau stofnuðu hljómsveitina árið 1996 og gerðu samning við Mute-fyrirtækið þremur árum seinna. Áður hafði Alison meðal annars sungið inn á plötur með Orbital, Add N To X og Tricky. Þau Alison og Will hafa alla tíð lagt mikinn metnað í allt sem þau senda frá sér. Þau leggja mikið á sig við upptökur (Head First tók samt „ekki nema“ sex mánuði) og plötuumslög, sviðsbúningar og myndbönd hljómsveitarinnar eru alltaf flott. Goldfrapp er líka enn þá hjá Mute sem er gæðastimpill í sjálfu sér.

80's danspopp

Fyrsta smáskífan af Head First, Rocket, er hraður og grípandi danspoppsmellur sem hljómar eins og hann hefði getað verið hljóðritaður á níunda áratugnum. Og það eru nokkrir fleiri þannig á plötunni. Inn á milli leynast svo rólegri lög eins og hið dularfulla Hunt og lokalagið Voicething sem eins og nafnið bendir til einkennist af sérkennilegri raddútsetningu. Þó að platan sé ólík öllum fyrri plötum hljómsveitarinnar þá er Goldfrapp-stíllinn þarna enn þá – það hefði ekki neinn annar getað gert þessa plötu.

Óvíst með viðtökurnar

Þau Alison og Will eru meðvituð um það að það er ekki víst að allir aðdáendur Goldfrapp verði hrifnir af breytingunni. En svo getur líka verið að þau eignist fullt af nýjum. Það er ekki gott að átta sig á því. Alison hefur þetta um málið að segja: „Stundum hugsa ég: Af hverju getum við ekki bara auðveldað okkur lífið og gert alveg eins plötu aftur og aftur? En málið er að ég held við gætum það ekki þótt við reyndum. Tilgangurinn með þessu er að uppgötva nýjan hljóm og segja sögur af því sem er að gerast í lífinu. Maður gæti haft meira upp úr því að finna bara formúlu og halda sig við hana, en fyrir okkur væri það algerlega tilgangslaust.“

Urfaust á Íslandi

Dúettinn Urfaust frá Hollandi leikur á tvennum tónleikum í Reykjavík um helgina. Þetta er noise/ambient/goth/black-metal hljómsveit, sem hefur verið að síðan 1999 og gefið út slatta af efni, meðal annars tvær stórar plötur.

Hljómsveitin vinnur nú að nýrri plötu sem kemur út hjá þýsku Ván útgáfunni. Tónlistin er á köflum Ham-leg, stundum eins og Stilluppsteypa og stundum eins og band sem gleymdist að taka upp fyrir Rokk í Reykjavík. Urfaust-menn eru spenntir fyrir Íslandsheimsókn. Ekki síst þar sem Urfaust spilar ekki á tónleikum nema einu sinni á ári í mesta lagi. Willem, söngvari og gítarleikari, hefur reyndar heimsótt Ísland nokkuð oft og flækst um fjöll og firnindi, en trommarinn Jim hefur aldrei komið hingað áður. Urfaust leikur á Sódómu Reykjavík á föstudagskvöldið ásamt Atrum og Chao og í TÞM á laugardaginn ásamt Svartadauða og Carpe Noctem.

HOLLENSKIR URFAUST Spila í Reykjavík um helgina.

Á sjúkrahús vegna koffíns

Rokkarinn Dave Grohl var nýlega fluttur á sjúkrahús eftir að hafa innbyrt of stóran skammt af koffíni. Þetta gerðist í miðjum upptökum á annarri plötu hljómsveitarinnar Them Crooked Vultures. „Dave var fluttur í skyndi til læknis vegna líkamlegra kvilla sem orsökuðust af of mikilli koffínneyslu. Hann var í frekar slæmu ásigkomulagi. Síðan þetta gerðist hefur hann dregið mjög úr kaffidrykkunni,“ sagði í skilaboðum frá sveitinni. Plata Them Crooked Vultures kemur líklega út síðar á þessu ári.

NÝJAR VÖRUR

Dömu- & herrafatnaður

bolir
skyrtur
stutt buxur
kvart buxur
zip-off buxur
stretch buxur
regn buxur
regn jakkar
isotex buxur
isotex jakkar
softshell peysur
flís peysur
bakpokar
göngustafir

„OKKAR VERÐ“

Sérverð á nýjum barnafatnaði og völdum vörum á dömur & herra

Barnafatnaður

bolir 1.495,-
flís peysur 1.990,-
softshell peysur 4.490,-
kvartbuxur 2.990,-
zip-off buxur 2.995,-
regn buxur 1.490,-
regn jakkar 4.750,-
isotex buxur 2.490,-
isotex jakkar 3.990,-
flís undirfatasett 2.990,-
skór 4.995,-
vettlingar 990,-
sokkar 990,- ofl.

Dömu & herra

flís undirfatasett 2.990,-
hydro-term bolur 2.990,-
hydro term buxur 2.990,-
skór 5.745,- til 11.495,-
anvil bolir 1.490,-
anvil buxur 4.990,-
anvil peysur 4.990,-
anvil hettupeysur 4.990,-
sokkar 1.490,- til 1.990,-
legghlífar 2.990,-
smávara ofl.

LAGERSALA VETUR 09/10

Ótrúleg verð – barna-, dömu- og herrafatnaður. Ath. ekki allar stærðir

Barnafatnaður

hanskar 990,-
flís peysur 1.990,-
softshell peysur 1.990,-
úlpur 1.990,-
skíða úlpur 3.990,-
snjó buxur 3.990,-

Dömu & herra

úlpur 3.990,-
skíða úlpur 3.990,-
3-1 jakkar 3.990,-
kápur 3.990,-
snjóbuxur 3.990,-

Regatta™
GREAT OUTDOORS

NÝTT KORTATÍMABIL

OPIÐ

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
15 ÁRA
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

> SACHA Í SVÖRTUM

Sacha Baron Cohen er orðaður við stórt hlutverk í þriðju myndinni um Menn í svörtum fötum. Tommy Lee Jones og Will Smith ætla að endurtaka leikinn og Josh Brolin hefur einnig verið orðaður við myndina.

bíó

bio@frettabladi

Vampírur, Butler og Aniston

Eins og kemur fram á þessari síðu er The Lovely Bones eftir Peter Jackson frumsýnd nú um helgina. En það er meira nýtt í kvikmyndahúsum borgarinnar.

Kvikmyndinni The Bounty Hunter er leikstýrt af Andy Tennant, þeim sama og gerði Hitch með Will Smith í aðalhlutverki fyrir nokkrum árum. Hann virðist hafa góð sambönd í Hollywood þrátt fyrir misjafnt gengi í leikstjórastólnum því hann leiðir saman Jennifer Aniston og Gerard Butler í sinni nýjustu mynd.

Aniston er án nokkurs vafa ein stærsta kvenkynsstjarna kvikmyndaborgarinnar þótt hún hafi ekki beint verið heppin með hlutverk á hvíta tjaldinu og stjarna Butlers hefur verið að fikra sig hægt og rólega upp á stjörnuhvolfið. Butler leikur hausaveiðarann Milo sem fær það hlutverk að hafa upp á fyrrverandi eiginkonu sinni, Nicole, sem Aniston leikur, og koma henni í hendur laganna varða. En ekki er allt sem sýnist og hjónakornin fyrrverandi lenda brátt í baráttu upp á líf og dauða. Minnir eilítið á Mr. og Mrs. Smith sem fyrrverandi eiginmaður Aniston, Brad Pitt, notaði til að komast í kynni við Angelinu Jolie.

Hin myndin sem er frumsýnd um helgina heitir Daybreaker og skartar Ethan Hawke í aðalhlutverkinu. Söguþráðurinn er kunnuglegur; plága hefur breytt mestöllu mannkyninu í vampírur sem þrífast á blóði hinna örfáu „heilbrigðu“ einstaklinga sem eftir eru. Vísindamenn eru því í baráttu við tímann til að reyna bjarga manninum frá glötun.

SAMAN Jennifer Aniston og Gerard Butler eru sögð vera saman. Þau leika að minnsta kosti saman í The Bounty Hunter.

Sverðin á loft

Síðasta æðið í Hollywood var stríðið í Írak, olíubransinn og allt sem tengdist Mið-Austurlöndum. Nú virðist nýtt æði vera að renna upp því þrjár kvikmyndir með sverð, boga og spjót í aðalhlutverkum eru ýmist á vinnslustigi eða á leið í kvikmyndahús.

Fyrst ber að nefna kvikmynd Ridley Scott um Hróa Hött þar sem sjálfur Russell Crowe leiðir andspyrnuhópinn gegn hinum illa fógeta í Nottingham-skíri. Fyrsta stiklan úr myndinni er komin á Netið og er óhætt að fullyrða að hún lofi góðu þótt sum atriðin séu kunnugleg úr kvikmyndum á borð við Braveheart og Gladiator.

Önnur mynd sem er komin ögn skemur á veg, en hefur þegar verið tilkynnt um, er Arthur. Breski leikstjórinn Guy Ritchie hyggst kvikmynda söguna um þessa frægu goðsögn. Arthur hefur haft það fyrir sið að rata reglulega á hvíta tjaldið, síðast fyrir einum sex árum með Clive Owen, Ray Winstone og Mad Mikkelsen í helstu hlutverkum. Rithcie nútímavæddi síðast Sherlock Holmes og verður forvitnilegt að sjá hvað hann gerir fyrir þessa miklu mýtu.

Þriðja myndin er síðan náttúrlega víkingamynd Mels Gibson með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki.

Þar er hugsanlegt að íslensk tunga komi mögulega við sögu. Mel Gibson lét nýlega hafa eftir sér að þetta gæti verið síðasta myndin sem hann leikstýrði en það hefði alltaf verið draumur hans í æsku að gera mynd um víkinga.

SVERÐ OG BOGAR Russell Crowe leikur Hróa Hött í nýrri mynd Ridley Scott, Guy Ritchie ætlar að gera mynd um Arthur konung og Mel Gibson hyggst leikstýra stórri mynd um víkinga.

Phillippe fer í röð

Bandaríski Íslandsvinurinn Ryan Phillippe er nýjasti leikarinn sem er orðaður við hlutverk Captain America. Marvel-myndasögurisinn hyggst framleiða kvikmynd um þessa miklu hetju sem klæðist yfirleitt spandex-galla í bandarísku þjóðfánalitunum þegar hann berst við óvini ríkisins. Einir fimm leikarar hafa verið orðaðir við hlutverkið og því er farsinn farinn að minna óþægilega mikið á sirkusinn sem myndast um það þegar nýr Bond er tilkynntur.

Líklegt þykir að Matrix-ómennið Hugo Weaving hreppi hlutverk illmennisins Red Skull en gert er ráð fyrir því að myndin verði einn af sumarsmellum næsta árs. Leikstjóri verður Joe Johnston sem síðast gerði hina vinsælu úlfamynd með Benicio Del Toro.

HÖFUÐSMAÐUR Íslandsvinurinn Ryan Phillippe er orðaður við hlutverk Captain America.

Litla myndin hans Jacksons

Kvikmynd Peter Jacskons, Svo fögur bein, verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina. Þótt engar górillur eða orkar séu í þessari mynd er tæpast hægt að kalla hana smámynd. Vera Júlíusdóttir var viðstödd blaðamannafund Jacksons í London.

Er þetta ekki bara einhver „stelpumynd“? varð einum vina minna að orði um Svo fögur bein (The Lovely Bones), nýjustu mynd leikstjórans Peters Jackson. Myndin er byggð á samnefndri metsölubók Alice Sebold og er því beðið með töluverðri eftirvæntingu. Svo fögur bein fjallar um 14 ára stúlkuna Susie Salmon sem er myrt á hrottafenginn hátt. Eftir dauða sinn fylgist hún með fjölskyldu sinni vinna úr sorginni úr eins konar milliheimi, sem hvorki er handanheimur né himnaríki. Hún er full reiði yfir örlögum sínum og á erfitt með að sætta sig við að lífi hennar sé lokið. Faðir hennar og systir hefja þrotlausa leit að morðingjanum á meðan móðir hennar reynir að finna sálarfrið og sátt. Í huga Susie togast á hefndarþorsti og von um að sár fjölskyldunnar nái að gróa.

Peter Jackson hreifst mjög af bók Alice Sebold og einnig Susan Sarandon, sem leikur stórt hlutverk í myndinni. Jackson segist hafa viljað gera mynd sem væri tiltölulega smá í sniðum eftir þríleikinn Hringadróttinssögu og stórmyndina King Kong. Svo fögur bein er þó tæplega hægt að kalla „litla“ mynd. Mikið er í hana lagt og hún skartar leikurum eins og Susan Sarandon, Rachel Weisz og Stanley Tucci. Stúlkan Susie er leikin af Saoirse Ronan sem var afar eftirminnileg í myndinni Friðþæging (Atonement).

Aðlögunin að kvikmyndaforminu var krefjandi að sögn leikstjórans og þurfti bæði að sleppa ýmsu úr bókinni og jafnframt bæta við. Í kvikmyndinni er til dæmis sýnt mun meira af Susie á meðan hún er á lífi heldur en í bókinni. Minna er gert úr hugleiðingum hennar í handanheiminum, og meira gert úr atburðarásinni fyrir og eftir dauða hennar. Jackson bjó til sína eigin útgáfu af draumkenndum milliheiminum sem Susie dvelur í eftir að hún deyr. Með flóknum tæknibrellum og tilfinningaþrungnu myndmáli leitaðist hann við að skapa heim sem væri líkt og hann sprytti úr undirmeðvitund Susiar, brothættan og síbreytilegan, stundum ógnandi en stundum fallegan.

Jackson er sjálfur ekki viss um hvort hann trúir á líf eftir dauðann en viðurkennir þó að hafa séð draug einu sinni á Nýja-Sjálandi. Fyrstu myndir Jacksons voru grínhrollvekjur og fantasíur og innihéldu bæði vofur og uppvakninga. Himneskar verur (Heavenly Creatures) sem út kom 1994 festi Jackson í sessi sem alvöru leikstjóra. Hún var byggð á sönnum atburðum og fjallar um tvær stúlkur sem myrtu móður annarrar þeirra. Jackson segir Svo fögur bein „ekki vera morðsögu“. Myndin sé upplífgandi og boðskapur hennar í grundvallaratriðum jákvæður þrátt fyrir þann hræðilega glæp sem er þungamiðja hennar. Aðspurður hvort honum þyki erfitt að standa undir væntingum eftir velgengni síðustu mynda sinna segir Jackson: „Þegar allt kemur til alls verður leikstjóri að gera myndir sem hann langar sjálfan til að horfa á.“

RÍSANDI STJARNA OG KÓNGURINN Peter Jackson var nánast tekinn í guðatölu eftir þríleikinn um Hringadróttinssögu. Hér er hann ásamt aðalleikkonu myndarinnar, Saoirse Ronan. NORDICPHOTOS/GETTY

HELSTU VERK JACKSONS

Bad Taste (1987)
Braindead (1992)
Heavenly Creatures (1994)
The Frighteners (1996)
Hringadrottinssaga I-III (2001-2003)
King Kong (2005)

Útsölumarkaður Verðlistans opnar í dag
í Ármúla 44 (áður HP húsgögn)
verðlistinn
Opið mánudag-föstudags 12-18

THE BODY SHOP™

Vinsælar vörutegundir með 25-30% afslætti

Aloe vera fyrir andlitið

Vörutegundir með græðandi aloe vera-geli henta vel viðkvæmu hörundi. Tilboðið inniheldur þrjár helstu andlitsvörurnar: Dagkremið (50ml), hreinismjólk (200ml) og andlitsvatn (200ml)

Verð nú: 3290 kr. með 30% afslætti

Verð áður: 4720 kr.

Sólarpúður og bursti

Tvær vörutegundir saman: Sólarpúðrið vinsæla (þ.e. "bronzing powder" sem fæst í þremur litbrigðum) og handhægur kabúkí-bursti

Verð nú: 2980 kr. með 25% afslætti

Verð áður: 3980 kr.

Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter" -húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250 ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 2750 kr. með 25% afslætti

Verð áður: 3670 kr.

Vörutegundir fyrir herramanninn

Tvær vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml) og "Of a man" -svitalyktareyðir (75ml)

Verð nú: 1990 kr. með 30% afslætti

Verð áður: 2870 kr.

Japanskt kirsuberjablómstur

Þrjár vörutegundir saman: "Japanese cherry blossom body butter"-húðnæring (200ml) og sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 3350 kr. með 25% afslætti

Verð áður: 4470 kr.

E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml) og andlitsvatn með E-vítamíni (200ml)

Verð nú: 2990 kr. með 30% afslætti

Verð áður: 4270 kr.

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

> KÆRASTAN ER BEST

Leikarinn Shia LaBeouf segir að kærastan sín, Carey Mulligan, sem lék í hinni rómuðu mynd An Education, sé hæfleikaríkasta leikkona sem hann hafi nokkru sinni kynnst. Mulligan leikur einmitt á móti LaBeouf í myndinni Wall Street: Money Never Sleeps sem er væntanleg í bíó. Þau byrjuðu saman á síðasta ári eftir að hafa hist á tökustað.

fólk

folk@frettabladid.is

Yfir sex þúsund sáu hruns-myndir

Um 6.600 Íslendingar sáu heimildarmyndirnar Guð blessi Ísland eftir Helga Felixson og Maybe I Should Have eftir Gunnar Sigurðsson í kvikmyndahúsum hérlendis. Um þrjú þúsund sáu Maybe I Should Have en aðeins fleiri Guð blessi Ísland.

Þessar tvær myndir um bankahrunið virðast því ekki hafa fallið jafnvel í kramið hjá landsmönnum og heimildarmyndirnar Sólskinsdrengurinn og Draumalandið sem voru sýndar fyrir ekki svo löngu síðan við miklar vinsældir. Má leiða að því líkur að fólk hafi einfaldlega fengið nóg af fréttum af hruninu sem hafa tröllriðið fjölmiðlum undanfarið. Þetta dregur þó ekki úr gildi myndanna sem er mikið fyrir íslenskt samfélag.

HRUNSMYND Gunnar Sigurðsson á Tortola í heimildarmynd sinni Maybe I Should Have sem um þrjú þúsund Íslendingar sáu.

Tæplega fjórtán þúsund manns sáu Sólskinsdrenginn eftir Friðrik Þór Friðriksson og um sextán þúsund Draumalandið, sem er jafnframt aðsóknarmesta íslenska heimildarmyndin.

GEIR H. HAARDE Kemur við sögu í báðum heimildarmyndunum.

Ein mynd til viðbótar um bankahrunið og búsáhaldabyltinguna er væntanleg í bíó. Hún er eftir Ara Alexander. - fb

Risavaxnir tónleikar

Rokksveitin Metallica ætlar í tónleikaferð um heiminn á næsta ári sem mun jafnast á við risavaxna tónleikaferð Pink Floyd á árunum 1980 til 1981 vegna plötunnar The Wall. Þessu heldur umboðsmaður sveitarinnar, Peter Mensch, fram. Hljómsveitin er núna að sanka að sér hugmyndum vegna ferðarinnar, þar sem spilað verður í tíu borgum víðsvegar um heiminn. „Á næsta ári verðið þið vitni að tónleikaferð sem mun hrista rækilega upp í ykkur," sagði Mensch. „Það verður hægt að líkja henni við The Wall."

METALLICA Á leið í tónleikaferð um heiminn sem mun jafnast á við The Wall-túrinn með Pink Floyd.

Vonandi verða engar óeirðir í kringum tónleikaferðina líkt og gerðist með tónleika sveitarinnar í Kólumbíu á dögunum. Þá voru 160 aðdáendur sveitarinnar sem fengu ekki miða á tónleikana handteknir fyrir utan tónleikastaðinn.

Frumsýna mynd um Vigga

„Þeir sem hafa séð þessa mynd segja að hún dálítið lík myndinni Varði fer á vertíð. Ég hef nú bara ekki séð þá gloríu," segir Erling Bang, sem leikur og leikstýrir kvikmyndinni Zoom Boom Boom. Myndin verður frumsýnd í kvöld hjá Hemma og Valda, Laugavegi 21. Þetta er leikin mynd í fullri lengd um tónlistarmanninn Vigga Snæ (sem Erling Bang leikur) og gerð sólóplötu hans, Zoom Boom Boom. Myndina gerir Erling með Jóni Atla Guðjónssyni.

„Ha, nei, þetta er ekki mynd um Vigni Snæ í Írafári," segir Erling. „Okkar Viggi er að spila digital-death-metal og þetta er mikið partí. Þetta er þó langt í frá einhver partímynd. Það er drama líka."

Kvikmynd í fullri lengd – er ekkert mál að skella því í gang nú á síðustu og verstu?

„Nei, nei. Ég hætti í hljómsveitinni I adapt og þá gafst tími til að einbeita sér að þessu. Myndin er skotin á heimiliskameru og svo var þetta bara klippt. Við lærðum mikið á þessu. Nú erum við komnir með hljóðver sem heitir Rec Stúdíó og erum að gera alls konar hluti. Við stefnum á að koma myndinni á hátíðir og jafnvel að pressa diska. Þetta er náttúrlega hugsað sem dvd og cd saman. Svo fer þetta að sjálfsögðu á Netið. Það eru þegar komnir bútar á kvikmynd.is og youtube."

ERLING BANG SEM VIGGI SNÆ Aðalsöguhetja myndarinnar Zoom Boom Boom.

Frumsýning myndarinnar er upphafsatriði hátíðar sem er haldin í tilefni af árs afmæli tónleikaraðar Grapevine Grassroots. Á hátíðinni, sem öll fer fram hjá Hemma og Valda, kemur brot af þessum böndum fram. Í kvöld spila Felonious Monk, Hestbak og ThizOne á eftir kvikmyndinni (sem hefst kl. 20), annað kvöld spila Johnny Stronghands, Arnljótur, Nolo og Pascal Pinon; og á laugardagskvöldið hljómsveitirnar AMFJ, DLX ATX, Kid Twist og Bárujárn. Gjörsamlega ókeypis er inn á hátíðarhöldin. - drg

sloggi®

NÝTT KORTA TÍMABIL

Vandaðar Maxi nærbuxur 3 í pakka á tilboðsverði

flottar, þægilegar og sniðnar að þér

3.990 kr/pk

Verð áður 5.499.-

3 í pakka

Gildir til 7. apríl eða á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

SHISEIDO

Raquel er með Perfect Rouge Glowing Matte PK224. www.shiseido.com

PERFECT ROUGE

Raki í öllum regnbogans litum.

SHISEIDO VIKA Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND, SKEIFU, HOLTAGÖRÐUM, GARÐABÆ OG NJARÐVÍK 18. – 24. MARS.

- NÝTT Bio-Performance Super Corrective Serum, serum sem eykur kollagen, elastín og hýalúrónsýru framleiðslu í húðinni sem gerir hana unga.
- NÝTT Sheer Matifying Compact, olíulaus púðurfarði sem helst mattur í allt að 12 tíma.
- NÝTT Luminizing Lip Gloss, gloss í 8 flottum litum.
- NÝTT Perfect Rouge Tender Sheer, glossvaralitir í 4 litum.
- NÝTT Perfect Rouge Glowing Matt, mattir rakamiklir varalitir í 4 litum.

Ef keyptar eru Shisiedo vörur fyrir 6.000 eða meira þá fylgir glæsileg taska ásamt gjafapakka af vörum í þeirri kremlínu sem er sérsniðin að þinni húð*.

* Gildir á meðan birgðir endast

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

Elín ber ekki hringinn

REYNA AFTUR Tiger og Elín vinna nú að því að bjarga hjónabandi sínu.

Kylfingurinn Tiger Woods vinnur nú að því að púsla saman lífi sínu á ný. Hann tilkynnti í vikunni að hann ætli að snúa aftur á golfvöllinn í apríl, en nú bíður hans erfiðara verkefni; að vinna aftur traust Elínar, eiginkonu sinnar. Hún reynir að gefa honum annað tækifæri, en neitar samt að setja upp giftingarhringinn strax.

Elín er enn þá að vinna að því að fyrirgefa honum samkvæmt fréttamiðlum vestanhafs. Þau hittast aðeins í nokkrar mínútur á dag, stundum í nokkra klukkutíma, en það fer eftir hvernig þeim semur. Elín ku fara sér hægt í að vinna að líkamlegu sambandi þeirra, enda var hún illa svikin þegar það kom í ljós að hann hafði haldið framhjá henni með á annan tug kvenna. Einnig á hún erfitt með að komast yfir að klámstjarna hafi verið í hópnum.

Í vinnubúðir til Borgarfjarðar

Hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir fer í vinnubúðir til Borgarfjarðar í lok mánaðarins til að semja lög á sína þriðju plötu. Upptökur hefjast svo strax eftir páska og er platan væntanleg í búðir um mánaðamótin maí/júní.

„Við fáum lánað hús sem félagi okkar hefur aðgang að. Þetta verður mjög hressandi, órugglega þrír til fjórir sólarhringar," segir Oddur Bjarni Þorkelsson. Síðasta haust fóru Ljótu hálfvitarnir í svipaðar vinnubúðir til Hríseyjar. Sú nýbreytni fór vel í mannskapinn og fæddust nokkur bráðskemmtileg lög þar. „Við erum

LJÓTU HÁLFVITARNIR Hljómsveitin er á leiðinni í vinnubúðir til Borgarfjarðar í lok mánaðarins.

að prufa þetta í fyrsta sinn fyrir þessa plötu. Við höfum alltaf unnið hver í sínu horni en núna ákváðum við að prófa að neyða menn til að vinna saman."

Upptökustjóri nýju plötunnar verður Alex „Flex" Árnason sem þeir félagar hafa ekki unnið með áður. Oddur Bjarni býst við að platan verði ekki alveg eins poppuð og þær tvær síðustu þó svo að í grunninn verði þeir á kunnuglegum slóðum.

Síðasta plata Ljótu hálfvitanna hafði að geyma lagið Lukkutrölliið sem naut mikilla vinsælda og hver veit nema andrúmsloftið í Borgarfirði geti af sér annan eins smell sem fái að hljóma ótt og títt á öldum ljósvakans. - fb

NÝTT KORTATÍMABIL

ESPRIT

dagar í Debenhams

BÖRN HERRAR DÖMUR SKÓR TÖSKUR OG FYLGIHLUTIR UNDIRFÖT SUNDFÖT

20% AFSL.

af öllum ESPRIT vörum

Einnig flott Kauphlaupstilboð

Gildir fimmtudag til mánudags.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

This Is My Life aftur í Eurovision

Nú detta inn Eurovision-lögin í ár. Anna Bergendahl fer fyrir Svíþjóð með lag sem heitir það sama og lag Eurobandsins 2008, This Is My Life. Þetta er ballaða eftir Bobby Ljunggren sem síðast samdi sænska framlagið „Hero" 2008. Í Englandi kepptu sex flytjendur um það hver gæti best flutt lag gömlu poppjálkanna Mikes Stock og Petes Waterman. Hinn nítján ára Josh Dubovie stóð uppi sem sigurvegari. Hann, eins og hin sænska Anna, hafði áður getið sér orð í hæfileikakeppnum í sjónvarpi.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 18. mars 2010

Tónleikar

20.30 Í tilefni af **60 ára fæðingarafmæli Karenar Carpenter** heldur **Regína Ósk** tónleika í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi þar sem hún flytur úrval laga The Carpenters.

21.00 Leikararnir úr sýningu LA, **Rocky Horror**, taka fyrir lög að eigin vali ásamt hljómsveit á **Græna Hattinum** við Hafnarstræti 96 á Akureyri. Meðal þeirra sem koma fram eru **Andrea Gylfa**, **Atli Þór**, **Bryndís Ásmunds**, **Hjalti Rúnar**, **Maggi Jóns** og **Matti Matt**.

21.00 **Inner Urge kvartettinn** heldur tónleika í jazzkjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu 18. Á efnisskránni verða verk eftir Joe Henderson.

Opnanir

17.30 Hjá **Alliance Française** við Tryggvagötu 8, verður opnuð ljósmyndasýning **Öldu Lóu Leifsdóttur** „**Myndir af konum í Togo**". Samhliða ljósmyndasýningunni, verða sýndar heimildarmyndir um stöðu kvenna í Afríku. Nánari upplýsingar á www.af.is. Opið virka daga kl. 14-18 og lau. kl. 14-18.

Fríða Kristín Gísladóttir opnar sýningu sína „**Björt sýn**" í **Gallerí BHM** við Borgartún 6. Opið virka daga kl. 9-17.

Saga Sigurðardóttir og **Hildur Yeoman** opna sýninguna „**Álagafjötrar**" í **Kling & Bang** gallerí við Hverfisgötu 42. Opið alla daga kl. 14-18.

Leikrit

20.00 **Leikfélag Fjölbrautaskólans í Breiðholti** sýnir verkið „**Frumskógarlögmálið**" sem byggt er handriti eftir Tinu Fey. Sýningar fara fram í **sal skólans** við Austurberg 5.

20.00 Verðandi, leikfélag **Fjölbrautaskólans í Garðabæ** sýnir verkið **Déjà Vu** eftir Bjarna Snæbjörnsson. Sýningar fara fram í Urðabrunni, **hátíðarsal FG** við Skólabraut í Garðabæ.

Fyrirlestrar

12.00 **Ingibjörg Haraldsdóttir** þýðandi og ljóðskáld flytur erindi í fyrirlestraröðinni „**Hvernig verður bók til**". Fyrirlesturinn fer fram á **Háskólatorgi** við Sæmundargötu 4 (st. 105).

17.15 **Bjarni E. Sigurðsson** flytur erindi um **Hallgerði Langbrók**, ástir hennar og örlög í Njálu. Erindið verður flutt hjá **Bókasafni Kópavogs** við Hamraborg 6. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og enginn aðgangseyrir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Syngja á HM-athöfn

Hljómsveitin Amadou & Mariam frá Malí, sem spilar á opnunartónleikum Listahátíðar Reykjavíkur í Laugardalshöll 12. maí, stígur einnig á svið á opnunarathöfn heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu í Suður-Afríku tæpum mánuði síðar, 10. júní. Sveitin tengist HM sterkum böndum því hún samdi þemalag síðustu keppni sem var haldin í Þýskalandi. Á meðal annarra flytjenda á athöfninni verða Alicia Keys, Shakira, John Legend og hljómsveitin Black Eyed Peas, auk hóps afrískra tónlistarmanna. Talið er að um þrjátíu þúsund manns fylgist með athöfninni á Orlando-leikvanginum í Jóhannesarborg, fyrir utan þær milljónir sem sjá hana í beinni sjónvarpsútsendingu.

AMADOU & MARIAM Hljómsveitin spilar á opnunartónleikum Listahátíðar og opnunartónleikum HM í knattspyrnu.

Myndaði sölukonur í Tógó

Ljósmyndasýningin Sölukonurnar í Tógó eftir Öldu Lóu Leifsdóttur verður opnuð í dag í tilefni af Hátíð franskrar tungu. Alda Lóa skráði heim kaupkvennanna í Lomé í Tógó í nokkrum ferðum þangað á árunum 2006 til 2009 og afraksturinn verður nú til sýnis.

„Það var rosalega gaman að taka myndir í Afríku. Þar var eitthvað allt annað fyrir sjónum mér en mannlífið á götunum hér," segir Alda Lóa. „Bæði það og svo eru það litirnir og samsetningin sem eru svo villt." Hún segir að sölukonurnar hafi spurt sig hvers vegna hún vildi ekki mynda þær í sínu fínasta pússi í stað vinnugallans og ætlar hún að verða við þeirri beiðni síðar á þessu ári þegar hún fer aftur til Afríku.

SÖLUKONA Ein af sölukonunum í Tógó sem ljósmyndarinn Alda Lóa Leifsdóttir festi á filmu.

Alda Lóa hefur unnið sem fréttaljósmyndari á íslenskum og dönskum fjölmiðlum. Hún er aðstandandi Sóleyjar og félaga, sem er stuðningsfélag barnaheimilis og skóla í Tógó. Ljósmyndirnar verða til sölu og rennur andvirðið í sjóð til byggingar heimilis fyrir munaðarlaus börn í Anehó í Tógó.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir mun opna sýninguna í dag klukkan 17.30 í húsnæði Alliance Française við Tryggvagötu. Sýningunni lýkur svo 11. apríl. - fb

KATE WINSLET Talið er að Winslet hafi verið óánægð með vináttu Mendes og Rebeccu Hall.

Kvartaði yfir vináttunni

Orðrómur er uppi um að náin vináttа leikstjórans Sams Mendes og leikkonunnar Rebeccu Hall, sem lék í Vicky Cristina Barcelona, hafi valdið því að hjónaband hans og leikkonunnar Kate Winslet gliðnaði í sundur. Mendes hélt því alltaf fram að hann og Hall væru bara góðir vinir en Winslet var á öðru máli. Mendes og Winslet tilkynntu óvænt um skilnað sinn fyrir skömmu eftir sjö ára hjónaband. Winslet er núna farin í frí til Mexíkó ásamt börnum sínum tveimur og leikkonunni Emmu Thompson.

50 CENT Rapparinn ætlar að hughreysta vin sinn Ashley Cole.

Hughreystir Ashley Cole

Rapparinn 50 Cent ætlar að hitta vin sinn, fótboltakappann Ashley Cole, á næstunni og hughreysta hann vegna skilnaðar hans við eiginkonuna Cheryl. 50 Cent og Cole unnu saman við glæpamyndina Dead Man Running sem kom út á síðasta ári og hafa verið vinir æ síðan. „Hann á í erfiðleikum og vonandi nær hann sér aftur á strik. Ég ætla að athuga hvernig hann hefur það," sagði rapparinn. Ashley og Cheryl skildu eftir að í ljós kom að hann hafði haldið fram hjá henni.

Gjöfin þín að verðmæti 12.000 kr. er í snyrtivörudeildum Lyfja & heilsu Kringlunni, Eiðistorgi og Selfossi

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira, dagana 18.-24. mars, er þetta gjöfin til þín*

- 7 Day Scrub kornakrem 30 ml
- Dramatically Different Moisturizing Lotion 15 ml
- Youth Surge SPF 15 Age Decelerating Moisturizer 15 ml
- High Impact Maskari 4 g
- Long Last Lipstick 4 g

*meðan birgðir endast

CLINIQUE BONUS
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafrítt.

Lyf & heilsa
við hlustum!

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
THE BLIND SIDE	kl. 5:20 - 8 - 10:40	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 5:40(3D) - 8(3D) - 10:20(3D)	L
ALICE IN WONDERLAND	kl. 5:40	L
THE REBOUND	kl. 8 - 10:20	L
BROTHERS	kl. 8	12
BROTHERS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP
VALENTINE 'S DAY	kl. 8 - 10:40	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 10:20	12
PLANET 51 M/ísl. Tali	kl. 5:50	L
BJARNFREÐARSON	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
THE BLIND SIDE	kl. 5:50D - 8:10D - 10:50D	L
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 5:50(3D) - 8:10(3D) - 10:30(3D)	L
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 10:50	12
INVICTUS	kl. 5:30 Síðasta sýn. helgi	L
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
THE BLIND SIDE	kl. 8 - 10:30	L
AVATAR 3-D	kl. 10:20	10
ALICE IN WONDERLAND	kl. 8	L
SAMBÍÓIN SELFOSSI		
ALICE IN WONDERLAND	kl. 8	L
EDGE OF DARKNESS	kl. 10:20	16
THE REBOUND	kl. 8	L
NINE	kl. 10:20	L

já NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
THE GREEN ZONE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE GREEN ZONE LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.40	10
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
SHUTTER ISLAND	kl. 8 - 11	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5 - 8 - 11	14
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3.45 íslenskt tal	L
AVATAR 3D	kl. 4.40 Síðustu sýningar	10

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
THE GREEN ZONE	kl. 10.30	12
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
PRECIOUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 6 - 9	14
MAMMA GÓGÓ	kl. 6 Síðustu sýningar	L

facebook.com/smarabio
ADDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
THE GREEN ZONE	kl. 8 - 10.10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 8 - 10	16
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 5.20 Síðasta sýning	14
SHUTTER ISLAND	kl. 5.20 Síðasta sýning	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000		
THE GOOD HEART	kl. 5.50 - 8 - 10.10	10
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16
LEGION	kl. 8 - 10.15	16
THE LIGHTNING THIEF	kl. 5.30 - 8 - 10.30	10
NIKULÁS LITLI	kl. 6	L

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR		
GREEN ZONE	kl. 5.45, 8 og 10.15-P	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 5, 8 og 10	16
SHUTTER ISLAND	kl. 7 og 10	16
IT'S COMPLICATED	kl. 5.35	12

Þjóðlagahátíð aftur árið 2011

Þjóðlaga- og heimstónlistarhátíðin Reykjavik Folk Festival var haldin í fyrsta sinn um síðustu helgi á Café Rosenberg og gekk hún eins og í sögu. Miklar líkur eru á að hún verði endurtekin að ári. „Það er ekkert búið að ákveða enn þá en ég geri fastlega ráð fyrir því," segir Ólafur Þórðarson, sem skipulagði hátíðina ásamt félögum sínum úr hljómsveitinni South River Band. Tilefnið var tíu ára afmæli sveitarinnar og stóðu þeir sjálfir straum af mestum kostnaðinum sem nam um 7-8 hundruð þúsund krónum. 150 þúsund króna styrkur frá Reykjavíkurborg kom þó að góðum notum. „Það hjálpar gríðarlega upp á. Ég held að við séum nokkurn veginn á sléttu," segir Ólafur, sem stóð í ströngu í miðasölunni ásamt hinum hljómsveitarmeðlimunum.

Fjórtán hljómsveitir stigu á svið, þar á meðal Varsjárbandalagið, Spaðar, KK og South River Band. Spænsk sjónvarpsstöð, sem var stödd í Reykjavík til að mynda næturlífið, var á hátíðinni á föstudagskvöldinu þegar mesta stuðið var og náði myndum af því sem fram fór. - fb

SOUTH RIVER BAND Reykjavik Folk Festival verður að öllum líkindum haldin aftur á næsta ári.

Litli strákurinn með vélbyssuna

Kvikmyndir ★★★

Green Zone

Leikstjóri: Paul Greengrass

Aðalhlutverk: Matt Damon, Greg Kinnear, Brendan Gleeson, Khalid Abdalla.

Paul Greengrass er skemmtilegur og áhugaverður leikstjóri sem kann greinilega vel við að vinna með leikaranum Matt Damon. Greengrass leikstýrði Damon í tveimur af þremur myndum um minnislausa ofurnjósnarann Jason Bourne og nú skella þeir sér saman til Íraks og blanda sér í stríðið þar í landi með miklum bægslagangi.

Greengrass virðist, eins og svo allt of margir aðrir, haldinn þeirri ranghugmynd að Matt Damon sé töffari sem fari vel að leika harðhausa.

Raunin er því miður önnur og þótt Damon standi á fertugu situr hann uppi með barnsandlit reynslulítils fermingardrengs og þegar hann skartar fullum herklæðum minnir hann meira á ungling sem er að bregða undir sig betri fætinum á öskudaginn frekar en atvinnuhermann í hinu sturlaða stríði í Írak.

Damon nýtur þess þó hér, rétt eins og í Bourne-myndunum, að Greengrass sér til þess með fínni spennu og tilkomumiklum sprengingum, áflogum og skotbardögum að maður hefur um nóg annað að hugsa en hversu barnalegur aðalleikarinn er.

Damon leikur foringja í hersveit sem hefur fengið það verkefni, sem við vitum nú að er vonlaust, að finna gereyðingarvopnin hans Saddams í Írak. Hann er orðinn pirraður og langþreyttur á því að grípa alltaf í tómt þrátt fyrir að hann sé gerður út af örkinni

með skotheldum upplýsingum frá Pentagon.

Þegar hann viðrar efasemdir sínar skýtur sjúskaður CIA-maður, sem er svo hokinn af reynslu að hann grunar einnig að einhverjir maðkar séu í mysunni, upp kollinum og fær Damon til að rekja upp lygavef frá æðstu mönnum í Pentagon sem virðast hafa búið til þjóðsöguna um gerðeyðingarvopnin til þess að fá góða ástæðu til þess að sprengja Írak aftur í fornöld. Allt er þetta fagmannlega fram sett, spennandi og skemmtilegt á að horfa.

Greengrass kann svo upp á sína tíu fingur að gera stríðsbröltið svo raunverulegt að stundum er eins og áhorfandinn sé staddur í miðjum glundroða stríðsins. Greengrass leiðist líka ekkert að reyna að vera pólitískur og sjálfsagt freistast einhverjir til þess að horfa á Green Zone sem heimildarmynd um hvernig geðveikin í Írak byrjaði og þarna má líka finna einhvers konar ádeilu á stríð og pólitísku hrossakaupin sem oftast liggja að baki slíku brölti. Þetta ristir samt ekkert voðalega djúpt og Green Zone er fyrst og fremst spennandi og stílfærð stríðsmynd sem skilur ekkert sérstakelga mikið eftir sig þegar henni er lokið.

Þórarinn Þórarinsson

Niðurstaða: Spennandi, stílfærð og nokkuð raunsæ stríðsmynd með ádeiluívafi. Handbragð Greengrass úr Bourne-myndunum er kunnuglegt og Matt Damon er jafn barnalegur og áður í aðalhlutverkinu en kemst þó skammlaust frá þessu.

Röggi segir fréttir að norðan

Akureyringar á höfuðborgarsvæðinu ætla að hittast og gera sér glaðan dag saman á skemmtistaðnum Spot í Kópavogi á laugardagskvöldið. Skriðjöklar, Bravóbítlarnir, Hunang og Dægurlagapönkhljómsveitin Húfa troða upp auk þess sem Rögnvaldur gáfaði og Kalli Örvars ætla að fara með gamanmál.

Rögnvaldur gáfaði, sem er jú í Dægurlagapönkhljómsveitinni Húfu man ekki hvenær hljómsveitin spilaði saman síðast.

„Það er orðið mjög langt síðan. Sex eða sjö ár örugglega. Nei, ég lýg því. Við tókum eina tónleika á Græna hattinum svona sirka 2006. Það ætlaði allt vitlaust að verða."

Kunnið þið þetta enn þá?

„Það kemur í ljós. Við ætlum að hittast á föstudagskvöldið og rifja þetta upp og sjá hvort við getum spilað þetta. Þetta var svo óskyggilega hratt allt að ég held að við verðum að hægja eitthvað á þessu."

Þið Karl Örvarsson ætlið að grínast, gerið þið það saman eða hvor í sínu lagi?

„Ég veit það ekki, það fer eftir stemningunni. Annars byrjuðum við Kalli saman í hljómsveitarbransanum á sínum tíma. Þá bjuggum við báðir í Grænumýrinni og stofnuðum Sýklana. Við vorum geðveikt frægir í Mýrunum."

Hafa Sýklarnir aldrei komið saman aftur síðan þá?

„Nei, en það stóð til í fyrra en datt uppfyrir. Það átti að hóa saman nokkrum gömlum Akureyrarböndum hér fyrir norðan. En svo vildu menn fá borgað flug og hótel og það komast ekki nema 200 manns á Græna hattinn þannig að þetta var orðið of dýrt áður en það var komið af stað."

En hvurslags grín ætlarðu að bjóða upp á á Spot?

„Þar sem gestirnir verða líklega aðallega brottfluttir Akureyringar ætla ég að flytja þeim fréttir að norðan. Til dæmis ætla ég að segja frá því að Ella og Salomon eru að fara að opna sushistað. Þetta verður ekki dæmigerður sushi-staður heldur sushi-kjúklingastaður. Ég ætla að segja þessa frétt og fleiri. Það er alltaf eitthvað að gerast hérna." - bþs

RÖGNVALDUR GÁFAÐI Fer með gamanmál á Spot í Kópavogi á laugardagskvöld.

Hollywood horfir til Reykjavíkur

Að minnsta kosti þrjár kvikmyndir eru á teikniborðum virtra Hollywood-leikstjóra sem fjalla um atburði nátengda íslenskri sögu. Tvær kvikmyndir eru sagðar vera í undirbúningi um líf og starf hins íslensk/bandaríska skákundurs Bobby Fischer. David Fincher, leikstjóri Seven, Zodiac og The Game, er sagður vera með sögulega kvikmynd um Fischer í bígerð og New York Magazine greindi frá því að Tobey Maguire, Köngulóarmaðurinn sjálfur, hefði tekið að sér hlutverk Bobbys í myndinni. Fincher er ekki sá eini sem vill kvikmynda ævi Fischers því breski leikstjórinn Kevin Macdonal er einnig með á teikniborðinu mynd um Bobby Fischer. Henni hefur verið gefið nafnið Bobby Fischer Goes to War og er hugmyndin sú að einblína aðallega á hið sögulega einvígi Fischers og Spasskís í Reykjavík 1972.

Ein mynd hefur þegar verið gerð um Bobby Fischer og einvígið í Reykjavík. Hún heitir Bobby Fischer Live og var frumsýnd í Bandaríkjunum í október á síðasta ári. Myndin skartar engum stórstjörnum í aðalhlutverkum en leikstjórinn heitir Damian Chapa og vakti hann mikla athygli fyrir kvikmynd sína um pólska leikstjórann Roman Polanski þar sem kynferðisbrotamál hans var í aðalhlutverki. Þegar leikaralisti Fischers-myndarinnar er skoðaður kemur í ljós að einhverjir fá að leika íslensk hlutverk þótt enginn Sæmi rokk sé nefndur á nafn.

En skákeinvígið er ekki eini sögulegi atburðurinn sem kvikmyndagerðarmenn frá Hollywood hafa sýnt áhuga á. Því eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er Ridley Scott áhugasamur um að gera kvikmynd um leiðtogafund Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjof í Höfða árið 1986. Það verkefni er þó á algjöru byrjunarstigi, rétt eins og hinar myndirnar tvær. - fgg

SÖGULEGT Einvígi Bobbys Fischer og Boris Spasskí og svo leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjofs voru sögulegir. Aðilar frá Hollywood vilja ólmir gera kvikmyndir um þessa atburði.

JACK WHITE Ánægður með samstarfið við Jay-Z.

Jack White og Jay Z

Sérvitri tónlistarmaðurinn Jack White, forsprakki hljómsveita á borð við White Stripes og The Raconteurs, segir í viðtali við breska tímaritið GQ að hann hafi unni að lagi með hiphop-mógúlnum Jay-Z. „Við sömdum lag saman fyrir nokkrum vikum. Það var stórkostlegt," sagði White kokhraustur að vanda. „Ég spilaði fyrir hann laglínu sem ég var búinn að velta fyrir mér í einhvern tíma og hann samdi texta við hana eins og skot. Þetta hljómaði ótrúlega vel."

RAPPAR MEÐ ROKKI Jay-Z hefur víða komið við en aldrei áður unnið með Jack White.

Ruxpin á Batteríinu

Útgáfutónleikar Ruxpin fyrir plötuna Where do we float from here? verða í kvöld á Batteríinu. Fyrsta platan hans kom út hjá Thule 1999, en fjórar breiðskífur þar á eftir hjá þýska merkinu Elektrolux. Nýja platan er gefin út hjá bandaríska merkinu n5MD og sækir innblástur í eldri raftónlist eins og acid og breakbeat. Auk Ruxpin koma fram teknókrúttið Skurken og epíska hljóðgervla-tröllið Murya. Húsið verður opnað klukkan 22 og er frítt inn.

RUXPIN öðru nafni Jónas Þór Guðmundsson.

HELENA RUBINSTEIN DAGAR
Í DEBENHAMS 18. - 24. MARS

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Helena Rubinstein vörur

- HR Snyrtibudda
- HR Collagenist krem 15 ml
- HR Collagenist Serum 10 ml
- Color Clone farði 5 ml
- Lash Queen maskari ferðastærð
- Wanted varagloss

Verðmæti kaupaukans kr. 17.500
Einnig aðrar gerðir kaupauka.

Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Gildir ekki með 2 deodorant eða byöntum.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

> Vantar fjárhagsgögn frá fjórum félögum

Leyfisnefnd KSÍ samþykkti leyfisumsóknir sjö félaga í Pepsi-deild karla í gær. Áttunda liðið, Keflavík, fékk ekki keppnisleyfi strax vegna mannvirkjamála. Fjögur lið í Pepsi-deildinni fengu aftur á móti vikufrest til þess að klára sín mál en þau félög skiluðu ófullnægjandi fjárhagsgögnum. Það staðfesti Ómar Smárason, leyfisstjóri KSÍ, í gær. Liðin fjögur eru Breiðablik, ÍBV, Selfoss og Haukar. Níu félög í 1. deild fengu þátttökuleyfi. Ófullnægjandi fjárhagsgögn vantar frá Fjölni og Þrótti en Fjarðabyggð fékk ekki þáttökuleyfi vegna mannvirkjamála.

sport
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN BALDVINSSON: ER FEGINN AÐ VERA MÆTTUR TIL KR EFTIR ERFIÐA TÍMA HJÁ GAIS Í SVÍÞJÓÐ

Virðumst vera orðnir eins og Arnar og Bjarki

Guðjón Baldvinsson og Guðmundur Reynir Gunnarsson spila með KR í sumar en þeir eru lánaðir frá sænska liðinu GAIS. Guðjón segir gott að vera mættur aftur í KR en hann varð bikarmeistari með félaginu 2008.

„Þetta er góð tilfinning eftir þennan leiðinlega tíma í Svíþjóð," segir Guðjón sem hefur verið úti í kuldanum hjá GAIS og sér ekki fram á að spila aftur fyrir félagið, að minnsta kosti ekki meðan núverandi þjálfari heldur um stjórnartaumana.

„Þessi þjálfari sem kom þarna hefur ekki mikla trú á manni enda hefur maður ekkert spilað undir hans stjórn. Ég er að vonast til að finna aftur neistann hérna heima og ná kannski að vekja athygli annarra liða. Svo getur þessi þjálfari líka verið rekinn í millitíðinni," segir Guðjón sem vill greinilega losna. „Mér myndi líða best með að komast eitthvert annað."

Guðmundur Reynir lék með KR í Lengjubikarnum gegn Keflavík um síðustu helgi en Guðjón varð að sætta sig við að vera meðal áhorfenda. „Þetta blessaða sænska lið sá sér ekki fært að klára þetta fyrir helgina og krota undir þetta blað."

Fleiri lið hér á landi höfðu samband og vildu fá Guðjón lánaðan. „KR var alltaf í fyrsta sæti. Ég þekki náttúrulega vel til hérna, þekki strákana vel og þetta eru allt snillingar," segir Guðjón sem ákvað að fara sömu leið og Guðmundur Reynir. „Við virðumst vera orðnir eins og Arnar og Bjarki, við bara fylgjum hvor öðrum."

Mikil breidd er hjá KR-liðinu og samkeppnin mikil. Guðjón óttast hana þó ekki. „Þetta er fljótt að gerast og samkeppnin ætti bara að lyfta mönnum á hærra plan. Við ætlum okkur að berjast um titla í sumar, það er engin spurning um það. Það er kominn tími á að taka þennan titil af FH-ingum. Markmiðið er að trufla þessa titilvörn þeirra."

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

Barcelona-Stuttgart	4-0
1-0 Lionel Messi (13.), 2-0 Pedro (22.), 3-0 Lionel Messi (60.), 4-0 Bojan Krkic (89.)	
Barcelona fór áfram, 5-1, samanlagt.	
Bordeaux-Olympiakos	2-1
1-0 Yoann Gourcuff (5.), 1-1 Konstantinos Mitroglou (65.), 2-1 Marouane Chamakh (89.)	
Bordeaux fór áfram, 3-1, samanlagt.	

IE-deild kvenna:

Haukar-KR	75-79
Stig Hauka: Heather Ezell 28, Kiki Jean Lund 16, María Lind Sigurðardóttir 11, Sara Pálmadóttir 9, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 3, Heiðrún Ösp Hauksdóttir 3.	
Stig KR: Signý Hermannsdóttir 18, Jenny Pfeiffer-Finora 14, Margrét Kara Sturludóttir 12, Unnur Tara Jónsdóttir 12, Hildur Sigurðardóttir 11, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 10, Helga Einarsdóttir 2.	
Staðan í einvíginu er 2-0 fyrir KR.	

HÆTTUR Þorkell Máni verður bara í útvarpinu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pepsi-deild kvenna:

Máni hættur hjá Stjörnunni

FÓTBOLTI Þorkell Máni Pétursson hætti að þjálfa kvennalið Stjörnunnar í gærkvöldi.

Máni fór fram á að verða leystur undan samningi við félagið og stjórn knattspyrnudeildar varð við þeirri beiðni eftir að hafa hlustað á skýringar þjálfarans.

Í fréttatilkynningu kemur fram að utanaðkomandi aðstæður hafi gert það að verkum að Máni geti ekki sinnt starfinu af heilum hug í sumar. Því hafi hann frekar viljað hætta.

Þorkell Máni hefur unnið gott starf fyrir félagið á síðustu tveimur árum. **- hbg**

Portsmouth á leið niður:

Níu stig tekin af Portsmouth

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildin hefur staðfest refsingu Portsmouth og níu stig hafa verið dregin af félaginu. Ekkert annað en fall úr deildinni blasir því við Hermanni Hreiðarssyni og félögum.

Portsmouth er í langneðsta sæti deildarinnar og sautján stigum frá öruggu sæti þegar aðeins níu umferðir eru eftir.

Stigin eru dregin af Portsmouth þar sem félagið var sett í greiðslustöðvun. Hermann verður því að öllum líkindum sá fyrsti í sögunni til að falla með fimm mismunandi félögum úr ensku úrvalsdeildinni. - egm

Messi afgreiddi Stuttgart

Barcelona og Bordeaux tryggðu sér síðustu sætin í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Barcelona rúllaði yfir Stuttgart en Bordeaux lenti í kröppum dansi gegn Olympiakos þar sem rauða spjaldinu var lyft tvisvar.

FÓTBOLTI Lionel Messi sýndi mátt sinn enn eina ferðina í gær er hann kláraði Stuttgart á rúmum 20 mínútum. Níundi heimasigur Barcelona í röð gegn þýsku liði. Bordeaux marði síðan Olympiakos í dramatískum leik.

Leikmenn Stuttgart eygðu von um að koma á óvart en Argentínumaðurinn Lionel Messi slökkti í þeirri von snemma. Hann kom Barcelona yfir eftir aðeins þrettán mínútna leik.

Hann fékk þá boltann á miðjum vellinum, hljóp fram og náði ótrúlegu skoti fyrir utan teig umkringdur varnarmönnum. Skotið var fullkomið og sigldi upp í samskeytin. Níu mínútum síðar átti Messi snilldarsendingu inn í teiginn þar sem Toure gaf fyrir markið og Pedro mokaði boltanum yfir marklínuna. Listilega vel gert og Barcelona búið að kaffæra þýska liðið á rétt rúmum 20 mínútum.

Lionel Messi var ekki hættur og hann skoraði þriðja mark leiksins klukkutíma fyrir hlé. Sneri af sér varnarmenn fyrir utan teiginn og lagði boltann smekklega í hornið niðri. Krkic kláraði svo niðurlæginguna með marki í lokin.

ÓTRÚLEGUR Lionel Messi var maðurinn sem varnarmenn Stuttgart réðu ekki við í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

LYGILEGT MARK Leikmenn Bordeaux fagna hér Gourcuff eftir stórkostlegt mark hans. NORDIC PHOTOS/AFP

Í hinum leik kvöldsins var Bordeaux ekki lengi að koma sér í vænlega stöðu. Eftir aðeins fimm mínútna leik fékk liðið aukaspyrnu úti á vinstri kanti, Yoann Gourcoff ákvað að skjóta á markið og það reyndist frábær ákvörðun því skotið sigldi yfir markvörðinn og í netið. Stórkostlegt mark.

Gourcoff var næstum búinn að endurtaka leikinn síðar í hálfleiknum. Þá fékk Bordeaux aukaspyrnu á svipuðum stað en líklega um tíu metrum aftar. Gourcoff lét engu að síður vaða á markið. Skotið var frábært, fór í slána, síðan stönginа og loks í markvörðinn og aftur út í teiginn.

Grikkirnir fengu eitt alvöru færi í hálfleiknum og skoruðu þá reyndar mark. Það var reyndar dæmt af vegna rangstöðu sem var réttur dómur.

Öll von virtist vera úti hjá Grikkjunum er Matt Derbyshire var vikið af velli á 60. mínútu. Það spjald kveikti aftur á móti í liðinu því fimm mínútum síðar jafnaði Mitroglou leikinn með laglegu skoti í leiknum. Olympiakos var nú einu marki frá því að komast áfram.

Bordeaux missti mann af velli á 68. mínútu og lokakaflinn var æsispennandi. Marouane Chamakh tryggði Bordeuax þá sigur með glæsilegu skallamarki.

henry@frettabladid.is

JOHN TERRY Gerir allt vitlaust þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Óheppnin eltir John Terry:

Keyrði á starfsmann Chelsea

FÓTBOLTI John Terry átti erfitt með að komast frá Stamford Bridge eftir tapleikinn á móti Inter Milan í Meistaradeildinni. Fjöldi ljósmyndara kepptist við að ná myndum af honum og konu hans Toni, þegar þau yfirgáfu leikvanginn og svo fór að Terry keyrði á öryggisvörð sem var að reyna að halda ágengum ljósmyndurum í burtu.

Öryggisvörðum Chelsea tókst að búa til braut fyrir bíl John Terrys sem keyrði hægt út af vellinum í gegnum alla kösina en varð þó fyrir því óláni að keyra yfir fót eins öryggisvarðarins. Terry tók ekki eftir neinu og keyrði í burtu en hann var seinna látinn vita af því sem gerðist.

Hinn óheppni öryggisvörður marðist á fæti og tognaði á ökkla en hann fékk síðar símtal frá fyrirliðanum sem bað hann afsökunar. Það er allt í góðu þeirra á milli.

Bíll Terrys slapp þó ekki því hann var allur rispaður á hliðunum eftir hina kappsömu ljósmyndara sem gerðu allt til þess að ná í hina fullkomnu mynd af hjónakornunum keyra í burtu. **- óój**

KR-konur aðeins einum sigri frá lokaúrslitunum eftir 79-75 sigur á Haukum að Ásvöllum í gær:

Þetta var barátta fram á seinustu sekúndu

KÖRFUBOLTI KR-konur eru komnar í 2-0 og í lykilstöðu í undanúrslitaeinvígi sínu á móti Haukum eftir fjögurra stiga sigur, 79-75, í öðrum leik liðanna á Ásvöllum í gær.

Haukakonur sýndu allt annan og betri leik en í fyrsta leiknum sem KR vann með 31 stigi en það vantaði herslumuninn hjá liðinu að jafna einvígið og fyrir vikið eru deildarmeistararnir aðeins einum sigri frá því að tryggja sér sæti í lokaúrslitum.

„Við lentum í hellings mótlæti, villuvandræðum og öðru en við náðum að vinna okkur í gegnum það sem sýnir styrkleikann í liðinu hjá okkur," sagði Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR. „Það var eiginlega alltof stór sigur hjá okkur í fyrsta leik en við vorum meðvitaðar um það að þessi 30 stig myndu ekkert hjálpa okkur í dag. Þetta var bara barátta fram á seinustu sekúndu," sagði Hildur og nú er liðið aðeins einum sigri frá því að komast í lokaúrslitin þriðja árið í röð.

KR-konur héldu áfram að spila grimma vörn gegn Heather Ezell í liði Hauka og þótt Ezell hafi skoraði 31 stig í gær þá þurfti hún að hafa rosalega mikið fyrir öllu sínu. „Hún er númer 1, 2 og 3 í sóknarleiknum hjá þeim og með því að loka á hana þá eiga þær mjög erfitt uppdráttar. Við erum með varnarmenn á hana. Gróa lenti í villuvandræðum í dag en þá kom bara næsta inn. Við erum með nokkra leikmenn sem geta stoppað hana sem er mjög gott mál," sagði Hildur.

EKKERT GEFIÐ EFTIR Haukastúlkur gáfu allt sitt í gær en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heather Ezell sjálf er ekki búin að gefa upp alla von. „Þetta er alls ekki búið og það er ástæða fyrir því að það þarf að vinna þrjá leiki til þess að komast áfram. Það eru ennþá þrír leikir eftir í þessu einvígi," sagði Heather. „Það var margt miklu betra hjá okkur í kvöld og við fórum úr því að tapa með 30 stigum í að tapa með fjórum stigum. Þetta er stórt stökk fyrir okkur og sýnir hversu stórt hjarta þessar stelpur hafa og hvað við leggjum mikið í þetta," sagði Heather.

Signý Hermannsdóttir átti flottan leik í KR og var aðeins einu frákasti frá þrennunni en annars var það jafnt framlag liðsins á báðum endum vallarins sem lagði grunninn að sigrinum. Heather var allt í öllu í Haukaliðinu, Kiki Lund lék mun betur en í fyrsta leiknum og María Lind Sigurðardóttir stóð sig vel en stóru stelpurnar þeirra voru aldrei með í þessum leik og þar hafði Signý mikil áhrif. **- óój**

KR eða Grindavík geta bæði orðið deildarmeistari eftir lokaumferð Iceland Express-deildar karla í kvöld:

Barist um öll átta sætin í úrslitakeppninni

KÖRFUBOLTI Það er mikil spenna út um alla töflu þegar lokaumferð Iceland Express-deildar karla fer fram í kvöld. Það er ljóst hvaða lið falla (Breiðablik og FSu), hvaða lið verða í þremur efstu sætunum og hvaða lið verða í sætum fjögur til sex en það er ekki ljóst í hvaða sætum sex efstu liðin enda. Það verður því barist um öll átta sætin inn í úrslitakeppninni í leikjum kvöldsins.

KR og Grindavík berjast um deildarmeistaratitilinn en Keflavík á ekki möguleika á titlinum vegna bágrar innbyrðisstöðu á móti KR. Keflavík verður hins vegar ofar en Grindavík verði þau jöfn að stigum.

KR verður deildarmeistari með sigri á Snæfelli í Stykkishólmi en tap hjá KR gefur Grindvíkingum titilinn vinni þeir ÍR í Seljaskóla. Keflavík tryggir sér annað sætið með sigri á liði Hamars á heimavelli.

Snæfell, Stjarnan og Njarðvík eru öll jöfn að stigum og berjast um fjórða sætið sem gefur heimavallarrétt í átta liða úrslitum. Snæfell tekur á móti KR í kvöld en hin tvö spila við falliðin, Stjarnan fær Breiðablik í heimsókn og Njarðvík fer á Selfoss og spilar við FSu. Röðin í dag er Snæfell, Stjarnan og Njarðvík og verður þannig ef liðin enda jöfn að stigum.

Snæfell er með betri innbyrðisstöðu en bæði hin liðin og tryggir sér fjórða sætið með sigri á KR. Stjarnan verður síðan ofar en Njarðvík verði þau jöfn.

Það flóknasta í kvöld verður þó baráttan um tvö síðustu sætin inn í úrslitakeppnina. Tindastóll er í bestu stöðunni, tveimur stigum á undan ÍR, Hamri og Fjölni, og tryggir sér sjöunda sætið með sigri.

Röð hinna liðanna krefst hins vegar mikils útreikningar enda eru margir möguleikar í stöðunni. Tindastóll sækir Fjölni heim í Grafarvoginn í kvöld og sá leikur ræður miklu um lokaröðina.

Það má finna yfirlit yfir allar stöðurnar sem geta komið upp inn á Vísi. - óój

ÁTTA SIGRAR Í RÖÐ Grindvíkingar hafa unnið alla deildarleiki sína síðan 14. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/XXXX

HARKA Það verður líklega ekkert gefið eftir á Akureyri í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjórir leikir í N1-deild karla:

Toppslagur á Akureyri

HANDBOLTI Það verður án efa mikil stemning á Akureyri í kvöld þegar heimamenn taka á móti FH í afar mikilvægum leik í N1-deild karla.

Baráttan um sæti í úrslitakeppninni er ótrúlega hörð þar sem fimm lið berjast um fjögur sæti.

Akureyri situr fyrir kvöldið í öðru sæti deildarinnar en bæði FH og HK eru aðeins stigi á eftir í næstu sætum. Valur er svo þremur stigum á eftir FH og HK.

FH vann afar góðan sigur síðast er liðið fór norður í lok október á síðasta ári. FH vann einnig leik liðanna er þau mættust í byrjun febrúar í Krikanum. Þar var Akureyrarliðið afar lélegt.

Norðanmenn eiga því harma að hefna og verður eitthvað undan að láta fyrir framan troðfulla íþróttahöllina á Akureyri. - hbg

LEIKIR KVÖLDSINS

Akureyri - FH	19.00
Haukar - Grótta	19.30
HK - Fram	19.30
Stjarnan - Valur	19.30

Dró 4. flokks lið af velli:

Fékk þriggja mánaða bann

HANDBOLTI Hallgrímur Jónasson, þjálfari 4. flokks ÍR, var í gær dæmdur í þriggja mánaða leikbann.

Dómurinn er líklega einstakur í sinni röð og sjaldan, eða aldrei, hefur önnur eins uppákoma átt sér stað.

„Ég man ekki eftir svona þungum dómi í það minnsta síðustu tíu ár," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ.

Síðasti þungi dómurinn var þegar Aðalsteinn Eyjólfsson, þá þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar, var dæmdur í eins og hálfs mánaðar bann árið 2007.

Málsatvik eru þau að Hallgrímur kallaði lið sitt af velli í leik gegn Aftureldingu er tæpar 17 mínútur lifðu leiks. Það gerði hann til að mótmæla dómgæslu.

Aganefnd samþykkir að nokkuð hafi vantað upp á að framkvæmd leiksins hafi verið í lagi. Að sama skapi sé það mjög alvarlegt mál að draga lið af velli í leik.

Því hafi aganefndin dæmt hann í þriggja mánaða bann. - hbg

KAWASAKI KEMUR Í KVÖLD!

Komdu og sjáðu dýrðina í verslun okkar við Bíldshöfða 9 í kvöld milli 18 og 20 eða á Akureyri á morgun milli 16 og 18.

KAWASAKI Z 1000
- **Vél:** 1.043 cm³ - vatnskæld - fjórgengis.
- **Bensínkerfi:** bein innspýting
- **Hestöfl:** 138
- **Diskabremsur** með fljótandi diskum

KAWASAKI 1400GTR
- **Vél:** 1.352cm³ - vatnskæld - fjórgengis
- **Bensínkerfi:** bein innspýting
- **Hestöfl:** 160
- **Annað:** Stöðuleikakerfi, rafdrifin framrúða, aksturstölva
- **ABS bremsur**

KAWASAKI VULCAN 1700 CLASSIC TOURER
- **Vél:** 1.700cm³ - vatnskæld - fjórgengis - V-twin
- **Bensínkerfi:** bein innspýting
- **Hestöfl** 73 - 136 N-m
- **Annað:** Hliðartöskur, framrúða, sætisbak, cruise control
- **ABS bremsur**

KAWASAKI VERSYS
- **Vél:** 649cm³ - vatnskæld - fjórgengis
- **Bensínkerfi:** bein innspýting
- **Hestöfl:** 64
- **Annað:** Stillanleg framrúða, slaglöng fjöðrun
- **Diskabremsur** með fljótandi diskum

KAWASAKI VULCAN 900 CUSTOM
- **Vél:** 903cm³ - vatnskæld - fjórgengis - V-twin
- **Bensínkerfi:** bein innspýting
- **Hestöfl** 50 - 78 N-m
- **Annað:** Matt svart, 25kw breyting möguleg fyrir minnapróf
- **Diskabremsur**

KAWASAKI KXF 250
- **Vél:** 249cm³ - vatnskæld - fjórgengis
- **Bensínkerfi:** blöndungur
- **Hestöfl:** 64
- **Annað:** Húðaðir framdemparar, Renthal factory stýri, mjórra stell
- **Diskabremsur**

25% AFSLÁTTUR af allri Nítróvöru nema tilboðsvörum og hjólum í kvöld.

Bjóðum upp á Kawasaki kaffi og köku

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220
OPIÐ VIRKA DAGA 08-18, LAUGARDAGA 10-14.
Akureyri, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og Ólafsvík.

Kawasaki NITRO

> Jessica Alba

„Þótt ég sé ekki stöðugt í viðtölum þá þýðir það ekki að ég sé hætt í bransanum, heldur að ég sé upptekin af mikilvægari málefnum en að tala um sjálfa mig."

Alba fer með hlutverk Jane Bullard í myndinni The Love Guru sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ TVO SJÓNVARPSÞÆTTI Á MÁNUDAGSKVÖLD

Pínleg bleyjuskipti og rökrétt framtíðarsýn

Trúðsfélagarnir Frank og Casper trompuðu sjálfa sig heldur betur í þættinum sem var sýndur í Sjónvarpinu á mánudaginn. Þátturinn var líklega einn sá eftirminnilegasti hingað til og er þó af nógu að taka. Hápunkturinn, ef hápunkt skyldi kalla, var þegar Frank skipti um risastóra bleyjuna á hinni heiladauðu Bodil í von um að trúlofunarhringur leyndist þar. Bráðfyndið en pínlegt atriði sem maður átti í mestu erfiðleikum með að horfa á. Frank og Casper ganga iðulega á hárfínni línu þess ósiðlega og þess fyndna og nánast undantekningalaust enda þeir réttu megin. Það gerir þá auðvitað eins vinsæla og raun ber vitni.

Annar áhugverður þáttur var sýndur í Sjónvarpinu sama kvöld sem nefndist Skrefin sex sem tengja, eða The Power of Six Degrees. Þar sýndu vísindamenn fram á að hægt er að spá fyrir um ýmsa atburði með notkun tengslaformúlu sem er byggð á nokkurra ára gamalli hugmynd háskólanema nokkurs. Hann sannaði að til að ná sambandi við Hollywood-stjörnuna Kevin Bacon þurfi maður í mesta lagi að fara í gegnum sex manneskjur í leiklistarheiminum. Þessa áhugaverðu niðurstöðu nýttu vísindamennirnir við þróun risastórs kerfis sem er hægt að nota við hinar ýmsu kringumstæður, til dæmis til að skyggnast inn í framtíðina. Hún verður ekki að veruleika nema röð atburða eigi sér stað og með þá vitneskju á bak við eyrað verður hægt að spá fyrir um hana á rökréttan hátt án þess að þurfa að líta í hina víðfrægu kristalkúlu. Hver þarf á Nostradamusi að halda þegar svona slyngir vísindamenn munu láta að sér kveða á næstu árum?

TRÚÐUR Dönsku sjónvarpsþættirnir um þá félaga Frank og Casper hafa slegið í gegn hér á landi.

FIMMTUDAGUR

▶ **19.55 Liverpool – Lille, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.35 30 Rock** SKJÁREINN

▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.45 Fringe** STÖÐ 2

▶ **21.50 Grey's Anatomy** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.40 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Hvaða Samantha? (Samantha Who?) (20:35)
17.55 Stundin okkar (e)
18.25 Óvænt ánægja
18.40 Með afa í vasanum (3:3)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Eli Stone (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum.
21.00 Hrúturinn Hreinn (Shaun the Sheep)
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Herstöðvarlíf (Army Wives) (29:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
23.00 Glæpurinn (Forbrydelsen 2) (4:10) (e)
00.00 Kastljós (e)
00.35 Fréttir (e)
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Unaccompanied Minors
10.00 Octopussy
12.10 Waitress
14.00 Unaccompanied Minors
16.00 Octopussy
18.10 Waitress
20.00 The Love Guru Gamanmynd með Mike Myers og Jessica Alba í aðalhlutverkum.
22.00 The Kite Runner
00.05 Planes, Tranes and Automobiles
02.00 Deadly Outlaw
04.00 The Kite Runner

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli og Lóa, Harry and Toto, Stuðboltastelpurnar og Íkornastrákurinn.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
10.55 Burn Notice (11:16)
11.50 Gossip Girl (12:22)
12.35 Nágrannar
13.00 Extreme Makeover: Home Edition (2:25)
13.45 La Fea Más Bella (144:300)
14.30 La Fea Más Bella (145:300)
15.15 The O.C. (3:27)
16.00 Barnatími Stöðvar 2 Háheimar, Stuðboltastelpurnar og Íkornastrákurinn.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (13:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (8:19)
19.45 How I Met Your Mother (6:22) Lily gerist þjófur á nýja vinnustaðnum en hún vill kenna yfirmanninum lexíu og telur þjófnað vera réttu leiðina.
20.10 Amazing Race (11:11) Lokaþáttur.
21.00 NCIS (11:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
▶**21.45 Fringe** Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum þar sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
22.30 Breaking Bad (6:7) Spennuþáttur um efnafræðikennara sem reynir að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
23.20 Twenty Four (8:24)
00.10 Blood Diamond
02.30 The Devils Rejects
04.20 NCIS (11:25)
05.05 Fringe
05.50 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaramörk Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
07.25 Meistaramörk
07.50 Meistaramörk
08.15 Meistaramörk
08.40 Meistaramörk
15.25 Inside the PGA Tour 2010 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
15.50 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur.
17.30 Meistaramörk
17.55 Fulham - Juventus
▶**19.55 Liverpool - Lille** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
22.00 Bestu leikirnir: ÍA - KR 30.07.03 Íslandsmótið 2003 er eitt mest spennandi Íslandsmót seinni ára en þá áttu lengi vel fjögur lið möguleika á titlinum. Tvö þessara liða voru ÍA og KR og þessir erkifjendur mættust á Akranesi í frábærum leik.
22.30 Puerto Rico Open Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
23.30 Liverpool - Lille Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.45 Birmingham - Everton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.25 Liverpool - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.05 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
20.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
20.30 PL Classic Matches: Manchester Utd - Chelsea, 2000
21.00 PL Classic Matches: Arsenal - Everton, 2001
21.30 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
22.25 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.55 Stoke - Aston Villa Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Nýtt útlit (3:11) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Innlit/ útlit (8:10) (e)
09.15 Pepsi MAX tónlist
12.00 Nýtt útlit (3:11) (e)
12.50 Innlit/ útlit (8:10) (e)
13.20 Pepsi MAX tónlist
15.20 Girlfriends (1:22) (e)
15.40 7th Heaven (22:22)
16.25 Djúpa laugin (5:10) (e)
17.25 Dr. Phil
18.05 Britain's Next Top Model (e)
19.00 Game Tíví (8:17) Allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
19.30 Fréttir
19.45 King of Queens (25:25) (e)
20.10 The Office (20:28) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin.
▶**20.35 30 Rock** (22:22) Jack er að byrja að mynda tengsl við pabba sinn en hann á við veikindi að stríða. Liz slær í gegn sem sérfræðingur í ástarsamböndum eftir að hún kemur fram í spjallþætti.
21.00 House (20:24) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
21.50 CSI. Miami (20:25) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
22.40 Jay Leno
23.25 The Good Wife (10:23) (e)
00.15 The L Word (8:12) (e)
01.05 Fréttir (e)
01.20 King of Queens (25:25) (e)
01.45 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Hvenær rís Kauphöllin úr öskustónni? Umjón Ingvi Hrafn Jónsson
21.00 Í kallfæri Jón Kristinn Snæhólm fær góða gesti.
21.30 Birkir Jón Varaformaður Framsóknarflokksins hefur í mörg horn að líta.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Amazing Race

Það er komið að lokum í kapphlaupinu mikla. Sem fyrr hafa keppendur þeyst yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala. Að þessu sinni hófst kapphlaupið í Los Angeles og verður spennandi að sjá hvar það endar og hvaða lið mun standa uppi sem sigurvegari.

▶VIÐ MÆLUM MEÐ

The Office

Skjár einn kl. 20.10

The Office er bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin. Í þættinum í kvöld er Michael með stór áform um að fagna 15 ára starfsafmæli sínu hjá Dunder Mifflin með stæl en það breytist þegar nýr yfirmaður mætir á skrifstofuna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Hádegisútvarpið
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Andrarímur
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Brúin á Drinu
15.25 Mánafjöll
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfónían í sextíu ár
19.27 Sinfóníutónleikar
22.10 Lestur Passíusálma
22.20 Útvarpsperlur: Dásamlega brekka
23.25 Bláar nótur í bland
00.05 Næturtónar

FM 88,5 XA-Radió
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 91,9 Kaninn
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

2 EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Gilmore Girls (10:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

18.30 Seinfeld (15:24) Þegar Kramer flytur til Flórída gefur Jerry pabba sínum fokdýrt tæki sem er eins konar minnisbók í tölvu. George þykist flytja úr borginni á sumrin til að forðast að hitta fyrrverandi tengdaforeldra sína.

19.00 The Doctors

19.45 Gilmore Girls (10:22)

20.30 Seinfeld (15:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

▶**21.50 Grey's Anatomy** (13:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu Grace-spítalans í Seattle. Þar starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

22.35 Ghost Whisperer (8:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.

23.20 Tell Me You Love Me (10:10) Athyglisverðir og djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita öll til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.

00.05 Sjáðu

00.30 Fréttir Stöðvar 2

01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.25 Absolutely Fabulous **12.55** My Hero **13.25** My Hero **13.55** Jonathan Creek **14.45** Dalziel and Pascoe **15.30** Robin Hood **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Lab Rats **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Lead Balloon **19.00** Saxondale **19.30** Spooks **20.20** Torchwood **21.10** Saxondale **21.40** Robin Hood **22.25** Jonathan Creek **23.15** Torchwood

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Postkort fra Sydamerika **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Chiro **16.05** Tagkammerater **16.15** Den fortryllede karrusel **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Kongehuset indefra **19.30** Onskehaven **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Once Upon a Time in Mexico **22.35** Kroniken **23.35** Boogie Mix

NRK 1

12.00 VM skiflyging **13.00** V-cup skiskyting **15.00** Paralympics i Vancouver **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Fotballkrigen. El Salvador - Honduras **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Nurse Jackie **22.00** Kveldsnytt **22.15** Finnmarkslopet **22.45** Himmelblå **23.30** Skavlan

SVT 1

10.15 Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** På spåret **12.15** Andra Avenyn **13.05** Skidskytte. Världscupen Oslo **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Schlagerpärlor **16.35** Paralympics 2010 **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Debatt **21.15** Ont blod **22.05** Mästarnas mästare **23.05** Uppdrag Granskning

MORGUNMATURINN



„Rúnstykki með osti og kaffibolli. Maður kippir með heitu rúnstykki úr bakaríinu, eftir að maður fer með krakkana á leikskólann, fyrir sig og frúna. Á tyllidögum er það svo hafragrautur með sojamjólk og rúsínum.“

Haukur Heiðar Hauksson í Diktu.

Ítalir hóta tískuvöruverslun á Akureyri

Halldóri Magnússyni, eiganda tískuverslunarinnar Imperial á Akureyri, hefur verið hótað alvarlegum aðgerðum ef hann hættir ekki að nota nafn ítölsku verslanakeðjunnar Imperial innan tveggja daga.

Halldór telur að íslenska tískufyrirtækið NTC standi á bak við þessar aðgerðir. „Ég tel þetta vera hreint og klárt samkeppnisbrot,“ segir hann. NTC hefur selt vörur frá Imperial undanfarin ár og ítalska fyrirtækið hefur nú fengið einkaleyfi á nafninu hér á landi.

Halldór íhugar að höfða skaðabótamál gegn NTC vegna málsins. „Ég er að leita réttar míns í því. Ég tel að þau séu að ná því að valda mér fjárhagslegum skaða og séu að ógna rekstri mínum verulega,“ segir hann.

Svava Johansen, forstjóri NTC, segir fyrirtækið síður en svo hafa verið í herferð gegn Halldóri og fyrirtæki hans. Hann hafi einfaldlega farið yfir strik sem sé ekki eðlilegt með því að nota nafn sem ítalskur framleiðandi eigi og hafi nú einkarétt á hér á landi. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki og þeir urðu mjög reiðir,“ segir Svava um viðbrögð Imperial. „Þeir eru alls ekki sáttir við að hann sé að opna verslun því þeir hafa hug á að opna verslun með okkur sem heitir Imperial,“ segir hún.

- fb

HALLDÓR MAGNÚSSON Eiganda Imperial á Akureyri hefur verið hótað alvarlegum aðgerðum frá samnefndum ítölskum tískurisa.



LÁRÉTT
2. fangi, **6.** ógrynni, **8.** slagbrandur, **9.** skarð, **11.** kraðak, **12.** tíðindi, **14.** endurtekning, **16.** skammstöfun, **17.** því næst, **18.** sóða, **20.** til, **21.** vaða.

LÓÐRÉTT
1. grasþökur, **3.** klaki, **4.** kasta, **5.** læsing, **7.** formann, **10.** skref, **13.** loft, **15.** tolla, **16.** ris, **19.** frá.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gísl, **6.** of, **8.** slá, **9.** rof, **11.** ós, **12.** fregn, **14.** stagl, **16.** þe, **17.** svo, **18.** ata, **20.** að, **21.** kafa.

LÓÐRÉTT: 1. torf, **3.** ís, **4.** slöngva, **5.** lás, **7.** forseta, **10.** fet, **13.** gas, **15.** loða, **16.** þak, **19.** af.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Fimm sinnum.
2. Hrafn Gunnlaugsson.
3. Ólafur Darri Ólafsson.

ÓLÖF ÝRR: GRÍÐARLEG LANDKYNNING AÐ FÁ SVONA STÓRAN ÞÁTT HINGAÐ

BACHELORETTE TIL ÍSLANDS

Einn þáttur úr bandarísku raunveruleikaþáttaseríunni Bachelorette verður tekinn upp hér á landi innan tíðar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun framleiðslufyrirtækið Pegasus þjónusta bandaríska tökuliðið meðan á dvöl þess hér á landi stendur, en um er að ræða gríðarlega stórt verkefni sem tugir manna munu koma að.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hafa Bandaríkjamennirnir hug á því að taka upp rómantískar senur með þátttakendum víðs vegar um landið og því ljóst að um verður að ræða mikla landkynningu, sennilega á pari við þá sem Amazing Race hafði árið 2004 þegar þátturinn var tekinn upp hér á landi. Um það bil þrettán milljónir Bandaríkjamanna horfa á hvern þátt Bachelorette.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Pegasus var engin svör að fá varðandi þetta verkefni. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hvílir mikil leynd yfir tökunum og verður öllum sem að þeim koma gert að skrifa undir sérstakt trúnaðarskjal enda má ekkert kvisast út hvaða heppnu piparsveinar fá að koma til Íslands og hverjir verða dottnir úr leik á þessum tímapunkti.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir að mikil landkynning fyrir Ísland felist í því að vinsæll þáttur sem þessi sé tekinn upp hér. „Áhorfendahópurinn að þætti á borð við þennan er einmitt sá hópur frá Norður-Ameríku sem lítur hýru auga til Íslands,“ segir Ólöf en það eru vel menntaðar konur á aldrinum 18-35 með góðar tekjur. „Það að svona þáttur skuli horfa til Íslands getur því bara verið jákvætt. Við höfum séð þessi dæmi að bæði Bachelor og Bachelorette hafa haft áhrif á ferðaþjónustu víða um heim,“ segir Ólöf og bendir meðal annars á tölur frá Nýja-Sjálandi. Þar fjölgaði heimsóknum á heimasíðu Ferðamálastofu Nýja-Sjálands um 110 prósent eftir að þáttur sem tekinn var þar upp var sýndur.

Fyrir aðdáendur þessara vinsælu stefnumótaþátta er rétt að kynna til leiks stúlkuna sem leitar að ástinni á Íslandi. Hún heitir Ali Fedotowsky og var ein aðalstjarnan í síðustu Bachelor-þáttaröðinni. Fram kemur á heimasíðu ABC-sjónvarpsstöðvarinnar að hún sé mikil framakona en hafi jafnframt áhuga á knattspyrnu og útivist, eitthvað sem ætti að nýtast henni vel þegar hún kemur til Íslands og kynnir sér náttúru Íslands. Á heimasíðunni kemur jafnframt fram að fyrsti þátturinn verði frumsýndur mánudaginn 24. maí.

freyrgigja@frettabladid.is

VÆNTANLEG TIL ÍSLANDS

Ali Fedotowsky er væntanleg til Íslands ásamt nokkrum draumaprinsum úr raunveruleikaþáttaröðinni Bachelorette. Einn þáttur verður tekinn upp hér á Íslandi og segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri þetta geta verið mikla landkynningu fyrir Ísland. Mikil leynd hvílir yfir því hvar og hvenær þættirnir verða teknir upp hér á landi.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri LHÍ, mætir með nemendur sína á tískusýningu á vegum Hönnunar-Mars á NASA á laugardagskvöld. Eins og flestir muna voru það ummæli Lindu um kjóla fatahönnuðarins **Birtu Björnsdóttur** sem komu stóra kjólamálinu af stað á dögunum, en hún hafði miður fallega hluti að segja um kjóla Birtu. Nú fær Linda tækifæri til að sýna hvað hún meinar með faglegri hönnun en merkið heitir Black og samanstendur af hönnun nemenda LHÍ.

Emilíana Torrini hyggur á útgáfu DVD-mynddisks á næstunni þar sem sýnt verður frá tónleikum hennar. Aðdáendur hennar hafa beðið lengi eftir slíkum diski og verður þeim því loksins að ósk sinni. Kvikmyndagerðarmaðurinn Gaukur Úlfarsson hefur fylgt Emilíönu eftir að undanförnu og fest ferðir hennar á filmu og verður áhugavert að sjá hver útkoman verður.

Vinsældir **Skúla Gestssonar** og strákanna í hljómsveitinni Diktu eru í hæstu hæðum þessa dagana. Lagið Thank you af nýjustu plötunni, Get it together, er á toppnum á fjórum útvarpsstöðvum: Rás 2, Bylgjunni, Xinu og FM. Þetta eru „cross-over“ vinsældir sem hafa líklega ekki sést á Íslandi síðan Smells like Teen spirit fór eins og eldur um sinu vinsældalistanna árið 1991.

- afb, fb, drg

Dorrit hitti Tchenguiz-bróður

„Ég skil það sem svo að hún var ein af þeim fyrstu sem kynntu Tchenguiz-bræðurna fyrir íslenska fjármálakerfinu,“ segir Jonathan Russell, blaðamaður breska dagblaðsins the Daily Telegraph.

Russell fullyrðir í sunnudagsútgáfu Telegraph 7. mars að forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, og Vincent Tchenguiz hafi átt í ástarsambandi á níunda áratug síðustu aldar. Vincent er bróðir Roberts Tchenguiz, en á tímum íslensku útrásarinnar fengu þeir hátt í 300 milljarða að láni frá Kaupþingi og hafa gert yfir 400 milljarða skaðabótakröfur í þrotabú bankans.

Fréttablaðið hafði samband við Örnólf Thorsson forsetaritara. Hann sagði að forsetafrúin væri stödd erlendis og gæti því ekki tjáð sig um málið.

Bræðurnir Robert og Vincent Tchenguiz eru íranskir viðskiptamenn, en sá fyrrnefndi sat í stjórn Exista sem átti stóran hlut í Kaupþingi fyrir bankahrunið. Bræðurnir fóru hæst í 78. sæti yfir ríkustu menn Bretlands og voru þeir metnir á 850 milljónir breskra punda. Þeir hafa tapað háum fjárhæðum í kreppunni og í breska blaðinu Observer er Robert Tchenguiz sagður sá kaupsýslumaður í Bretlandi sem hefur tapað mestu á fjármálakeppunni.

Dorrit og Ólafur Ragnar Grímsson forseti kynntust í kvöldverðarboði í London hjá vinkonu Dorritar. Dorrit trúlofaðist Ólafi árið 2000 og þau giftu sig á afmælisdegi forsetans 14. maí 2003.

- afb

FRÉTT Í SUNDAY TELEGRAPH Jonathan Russell segir að Dorrit Moussaieff hafi átt í ástarsambandi við kaupsýslumanninn Vincent Tchenguiz, en hann og bróðir hans fengu gríðarlegar upphæðir að láni frá Kaupþingi.

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

HERRA BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.
1.499,-

GEYMSLUKASSAR
15 L - 699,-
32 L - 999,-
40 L - 1.299,-
55 L - 1.999,-

SÆNG OG KODDASETT
Með polyester fyllingu
999,-

Nýjar vörur vikulega
frábær verð!

Allt hárskraut og skart
99,- stk

Snyrti buddur
199,- stk

HERRA HETTUPEYSUR
Áður 3.999,-
nú 1.999,-

HERRA GALLABUXUR
4.999,-

NÝTT KORTA TÍMABIL

25% afsláttur i fjóra daga af ipod station

OPNUNARTÍMI:
MAN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekki sama hver er

„Orsök og aðdragandi falls íslensku krónunnar“ heitir skýrsla sem Bjarni Kristjánsson, fyrrum gjaldeyrismiðlari hjá Landsbankanum, hefur boðið lífeyrissjóðum, útgerðarfélögum og fleirum til kaups. Í henni er Seðlabankinn gagnrýndur fyrir andvaraleysi gagnvart gjaldeyrisumsvifum bankanna. Samkvæmt heimildum blaðsins hafa lífeyrissjóðir fengið að kaupa ritið á um hálfa milljón króna, meðan fyrsta boð til Seðlabankans hafi verið 14 milljónir. Ekki þótti það ásættanlegt verð, en eftir því sem næst verður komist var verðmiðinn kominn í fjórar til fimm milljónir þegar bankinn ákvað að kaupa ekki. Már Guðmundsson seðlabankastjóri og hans fólk hefur líkast til næg gögn önnur að styðjast við. **- óká**

Leitar að vatnstanki

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur Ólafur Darri Ólafsson verið ráðinn til að leika Guðlaug Friðþórsson sundkappa í væntanlegri kvikmynd Baltasars Kormáks um afrek Guðlaugs. Ýmis vandkvæði fylgja því að ráðast í gerð kvikmyndar sem gerist að stórum hluta til í vatni. Af þeim sökum hefur leikstjórinn Baltasar þurft að hafa alla anga úti til að tryggja sér réttu græjurnar. Hefur hann meðal annars leitað að stórum vatnstanki sem hægt er að taka upp í. Tveir álitlegir hafa fundist, einn í Alicante en hinn á Möltu. Ekki fer neinum sögum af því hvort Ólafur þurfi að prófa tankinn áður en hann verður keyptur til landsins. **- fgg**

Mest lesið VISIR.IS

1. Tuttugu einkaherþotur undirbúa lendingu á Miðnesheiði
2. Ritstjóri DV hóar í fjárfestahóp
3. Englarnir fljúga aftur í Los Angeles
4. Kafari barðist við krókódíl
5. Íslendingur vann 66 milljónir

Kringlukast

eterna
SÉRVALDAR SKYRTUR
VERÐ ÁÐUR KR. ~~11.980~~
MARGAR GERÐIR
VERÐ NÚ KR. 7.980

BELLINI
collezione
JAKKAFÖT
VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~
MARGAR GERÐIR - ALLAR STÆRÐIR
VERÐ NÚ KR. 34.980

FINUCCI
collezione
ÚTIJAKKAR
VERÐ ÁÐUR KR. ~~39.980~~
ALLAR STÆRÐIR
VERÐ NÚ KR. 24.980

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN
568 9234

25% afsláttur af öllum vörum frá SAND

B&S KONUR
B&S Kringlunni 553 4141

hummel
Character since 1923

25% afsláttur af öllum vörum frá TICKET hummel

ENGLABÖRNIN

Kringlunni sími 552 2201

Kringlukast

Biblían
BÓK BÓKANNA

www.forlagid.is